AÐALHEIÐUR ÁSTA JAKOBSDÓTTIR

Nýtir hnoðkál í ýmist súpur, salöt eða snakk

• matur • helgin

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

MARGRÉT EDDA JÓNSDÓTTIR

Söngkona Merzedes Club fann ástina í Taekwondo

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

SÓLVEIG ARNARSDÓTTIR

Lögga í tveimur löndum

Leikur í Svörtum englum og í þýskri þáttaröð

FÓLK 42

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. september 2008 — 262. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Heiðir og djarfar tilraunir

Ráðstefna um íslenska matarmenningu fer fram í lðnó á morgun.

TÍMAMÓT 22

Fleiri leita í Rauðakrossbúðina

Ný og stærri verslun opnuð í næsta mánuði til að mæta eftirspurn.

FÓLK 42

Airwaves í útrás

London Airwaves er komin til að vera og Þorsteinn Stephensen vill setja upp tónlistarhátíðir í fleiri löndum.

TÓNLIST 32

Sigrar hjá Fram og HK

Nýliðar N1-deildar karla, FH og Víkingur, töpuðu fyrir HK og Fram í gær.

ÍÞRÓTTIR 38

VEÐRIÐ Í DAG



LEIÐINLEGT VEÐUR Í dag verður víða stífur vindur er lægð gengur yfir landið, einkum sunnantil í byrjun. Rigning í flestum landshlutum og víða skúrademur seinni partinn. Hiti á bilinu 5-11 stig.

VEÐUR 4

Götulögreglan hirti eiturlyf fyrir um 50 milljónir króna

Götuhópur fíkniefnadeildar lögreglunnar hefur tekið fíkniefni að andvirði rúmlega fimmtíu milljónir króna að götuverði, á annan tug ólöglegra skotvopna og allnokkuð af þýfi það sem af er þessu ári.

LÖGREGLUMÁL Götuhópur fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur tekið fíkniefni að andvirði rúmlega fimmtíu milljónir króna að götuverði það sem af er þessu ári. Þá hefur hópurinn tekið á annan tug ólöglegra skotvopna og á aðra milljón króna í peningum sem fullvíst er að sé ágóði af fíkniefnasölu. Nokkuð af þýfi hefur fundist við húsleit hjá sölumönnunum enda er það gjarnan notað sem gjaldmiðill í fíkniefnaviðskiptum.

Samanlagt hefur götuhópurinn, sem er skipaður sjö lögreglumönnum, tekið um 7,5 kíló af fíkniefnum það sem af er árinu. Að auki hefur hann gert upptækar plöntur sem voru í ræktun, samtals 290 plöntur. Þær eru ekki taldar með í kílóafjöldanum hér að ofan. Gera má ráð fyrir að þær myndu vega á annan tug kílóa.

Af sterkari fíkniefnunum hafa verið tekin það sem af er árinu 1,3 kíló af kókaíni. Athygli hefur vakið að megnið af því hefur verið hreint kókaín. Götuverð kókaíns er um fimmtán þúsund krónur grammið.

Götuhópurinn hefur til hliðsjónar við störf sín lista yfir dreifingar- og sölumenn fíkniefna sem gerður var seinni hluta síðasta árs. Listinn er stöðugt í uppfærslu og eru nú á honum nöfn hátt í þriðja hundrað sölumanna.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildarinnar, segir þennan mikla og góða árangur meðal annars til kominn í kjölfar þess að götuhópurinn fór að einbeita sér meira að sölu- og dreifingaraðilum á fíkniefnum. Afskipti af fíkniefnaneytendum hafi sem því nemur færst inn á vaktir almennra lögreglumanna. - jss

FÍKNIEFNI SEM GÖTUHÓPUR HEFUR GERT UPPTÆK

Tegundir og magn

Amfetamín	970 g
Kókaín	1,3 kg
Maríjúana	1,8 kg
Hass	1,2 kg
Kannabisplöntur	290 stk.
Kannabislauf	2 kg
E-töflur	590 stk
LSD	340 skammtar
Hassolía	150 ml
Sterar	2.100 stk.
MDMA-duft	30 g

ATHAFNAFÓLK Skóflustunga var tekin í gær að nýju húsnæði Krikaskóla í Mosfellsbæ og sýndi þetta unga athafnafólk góð tilþrif við það tilefni. Húsnæðið á að vera tilbúið til notkunar fyrir haustið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stelpurnar okkar í Frakklandi:

Hólmfríður tæp fyrir leikinn

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið kom til Frakklands á miðvikudag þar sem það undirbýr sig nú af kostgæfni fyrir leikinn stóra gegn Frökkum á laugardag. Sigur eða jafntefli fleytir liðinu í lokakeppni Evrópumótsins.

HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR

Hólmfríður Magnúsdóttir, leikmaður KR, varð fyrir meiðslum á æfingu í gær og er óvissa með þátttöku hennar í leiknum.

„Ég fékk þungt högg í kviðinn og það var mjög vont. Það kemur betur í ljós á morgun [í dag] hversu alvarleg meiðslin eru," sagði Hólmfríður, sem er lykil-maður í landsliðinu og liðið má illa við því að missa hana fyrir stærsta leik kvennalandsliðsins frá upphafi.

- óój / síða 38

Formaður umhverfis- og samgönguráðs svarar Gunnari Birgissyni:

Fossvogur yrði að litlum polli

SVEITARFÉLÖG Ef yfirvöld í Reykjavík færu fram eins og Kópavogur á Kársnesi og fyllti með landfyllingu að sveitarfélagamörkum, án samráðs við nágrannanna, „þá gæti borgin fyllt næstum allan Fossvoginn og skilið eftir lítinn poll," segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur.

Kópavogur vinnur nú að landfyllingu á Kársnesi og á hún að ná að mörkum Reykjavíkur.

Reykjavíkuryfirvöld hafa lýst „verulegum áhyggjum" af þessu og sagt að þetta sé „ekki ásættanlegt".

Bæjarstjórinn í Kópavogi svaraði því til í Fréttablaðinu í gær að skipulagsyfirvöld í Reykjavík væru ekki vön að spyrja Kópavog um leyfi fyrir sínum framkvæmdum. Því ættu þau að segja sem minnst um framkvæmdir Kópavogsbúa. Þorbjörg er ósammála því að sveitarfélögin þurfi ekki að ræða þessa hluti.

„Það færi lítið fyrir skipulagi og heildrænni mynd höfuðborgarsvæðisins ef við myndum gera svona eins og Kópavogur. Það þarf að hafa um þetta fyllsta samráð," segir Þorbjörn. - kóþ

10% vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**

spron – bankinn þinn



OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP Ein ferð betra verð

Fjórar saman

Nýjar umbúðir

SPURNING DAGSINS

Þorbjörg Helga, leysist þetta ekki í fyllingu tímans?

„Ég býst fyllilega við því.“

Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkur hefur lýst yfir áhyggjum vegna umhverfisáhrifa fyrirhugaðrar landfyllingar í Kársnesi. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir er formaður ráðsins.

Formaður allsherjarnefndar um lögreglustjórann á Suðurnesjum:

Framúrkeyrsla er rót vandans

LÖGGÆSLUMÁL Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar, segir fjölmiðlaumfjöllun um málefni lögreglustjórans á Suðurnesjum hafa verið mjög einhliða. Ekki megi gleyma hvert upphaf málsins sé.

„Það sem kom af stað þeim óróa sem verið hefur í kringum lögreglustjóraembættið er langvarandi hallarekstur þess, fyrst á Keflavíkurflugvelli og svo í sameiginlegu embætti. Tillögur dómsmálaráðherra miðuðu að því að breyta stjórnsýslulegri og fjárhagslegri aðkomu ráðuneyta að embættinu og taka á þessum vanda,“ segir Birgir.

BIRGIR ÁRMANNSSON

KARL V. MATTHÍASSON

Aðspurður hvort viðvarandi hallarekstur í mörg ár bendi ekki til að frekari fjárheimildir hafi vantað, svarar Birgir: „Það má vel vera, en á því verður að taka við fjárlagagerð. Einstakir embættismenn geta ekki keyrt fram úr fjárlögum ár eftir ár. Tillögur dómsmálaráðherra miðuðu að því að leysa þann vanda í eitt skipti fyrir öll. Þessar skipulagsbreytingar fá meðal annars stuðning í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í vor.“

Karl V. Matthíasson er fulltrúi Samfylkingar í allsherjarnefnd. „Mér finnst upplýsingaleysi frá báðum aðilum einkenna málið. Það er dapurlegt þegar við verðum vitni að átökum á sviði löggæslu og almannaheilla. Mér finnst þetta sorglegt og ég hvet menn til að finna farsæla lausn á samskiptavanda embættisins og ráðuneytisins.“ - kóp

Skip um nafn á afmælisári:

Latcharter verður SmartLynx

VIÐSKIPTI Nafni flugfélagsins Latcharter, dótturfélagi Icelandair Group í Lettlandi, hefur verið breytt í SmartLynx Airlines.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, og Garðar Forberg, framkvæmdastjóri Latcharter, afhjúpuðu nýtt nafn og útlit við athöfn í Ríga í Lettlandi í gær. Þar var um leið fimmtán ára starfsafmæli félagsins fagnað.

SmartLynx er alfarið í eigu Icelandair Group, en í flota félagsins eru tvær Boeing 767 breiðþotur og átta Airbus 320 vélar. Starfsmenn eru 260 talsins. SmartLynx er annað stærsta flugfélag Lettlands. - óká

Milljarðar í mínus hjá Reykjaneshöfn

Aðeins þrjár af fjörutíu höfnum landsins eru reknar án taps. Skuldir Reykjaneshafnar eru tveir milljarðar króna umfram eignir. Öxlum baggann og vinnum okkur út úr vandanum segir bæjarstjórinn. Hafnarsambandið vill nýja stefnu.

HAFNARMÁL „Menn sjá ekki fram úr hvernig á að reka þessar hafnir til lengri tíma öðru vísi en að það komi til aðgerðir, bæði frá höfnunum sjálfum og frá ríkinu líka,“ segir Gísli Gíslason, formaður stjórnar Hafnarsambands Íslands.

Aðeins þrjár hafnir af um fjörtíu höfnum landsins standa undir sér. Þetta eru Faxaflóahafnir, Hafnarfjarðarhöfn og höfnin í Fjarðarbyggð.

GÍSLI GÍSLASON

ÁRNI SIGFÚSSON

Gísli Gíslason bendir á að í fyrra hafi 65 prósent allra rekstrartekna allra hafna og 85 prósent af öllum vörugjöldum af hafnarrekstri stafað frá fyrrnefndum þremur höfnum. Skuldir allra hafna á landinu voru samtals um ellefu milljarðar króna í ársbyrjun.

„Tekjurnar í heildina eru hins vegar ekki nema fimm milljarðar á ári. Þannig að það sér það hver maður að það er ekki hægt að reka þetta svona,“ segir Gísli.

Hafnarsambandsþing hófst á Akureyri í gær. „Niðurstaðan hjá okkur er sú að mikilvægt sé að setja upp starfshóp sem leggi til stefnumótun í málefnum hafna til lengri tíma. Samgönguráðherra hefur tekið vel í að það verði sest yfir heildarstefnumótun í þessu og það er ekki seinna vænna. Það verður ekki áfram haldið á þessari braut,“ segir Gísli.

HÖFNIN Í HELGUVÍK Reykjaneshafnir standa gríðarlega illa en bundnar eru vonir við að rekstrargrundvöllur fáist með álveri í Helguvík. MYND/ODDGEIR

Verst allra hafna stendur Reykjaneshöfn. Skuldir hennar nema nú 2,7 milljörðum króna sem er um tveimur milljörðum umfram eignir. „Fjárhagsvandi hennar er gríðarlegur og að óbreyttu verður ekki séð að hægt verði að halda rekstri hennar áfram í sömu mynd,“ sagði Hagstofa Íslands í úttekt frá í vor.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir höfnina vissulega hafa verið gríðarlega mikinn bagga um árabil. Þróunin í gengismálum að undanförnu hafi síðan gert illt verra.

„En höfnin er um leið gríðarmikið tækifæri til framtíðar með uppbyggingu álvers og annarrar hafnartengdrar starfsemi í Helguvík. Þar verður loksins kominn fastur grunnur til þess að við getum unnið okkur út úr vandanum,“ segir bæjarstjórinn sem ítrekar að um sé að ræða verkefni til tíu eða fimmtán ára. „Á meðan höfum við öll tök á að axla þennan bagga.“ gar@frettabladid.is

SENDIRÁÐSBYGGINGIN Hækka á girðingu og setja rimla fyrir glugga bandarískra sendiráðsins.

Sendiráð Bandaríkjanna:

Víggirðast enn á Laufásvegi

ÖRYGGISMÁL Sendiráð Bandaríkjanna hyggst enn herða viðbúnað sinn í öryggismálum á Laufásvegi. Þannig hefur sendiráðið óskað eftir því við byggingaryfirvöld í Reykjavík að fá heimild til að koma fyrir rimlum fyrir glugga byggingar sinnar og hækka girðingu og hlið umhverfis húsið. Einnig vilja Bandaríkjamenn koma fyrir „klifurhindrun“ í nálægan ljóstaur. Afgreiðslu málsins var frestað vegna athugasemda skipulagsstjóra um hæð girðingarinnar.

Miklar viðbótar öryggisráðstafanir voru gerðar við bandarískra sendiráðið á Laufásvegi í kjölfar hryjuverkaárásanna í september 2001. - gar

Fyrirtæki í orkuútrás:

Vilja sameina Enex og X-orku

ORKUMÁL Fulltrúar Geysir Green Energy í stjórn orkuútrásarfyrirtækisins Enex vilja sameina Enex og fyrirtækið Exorku sem einnig er í verkefnum erlendis.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lögðu fulltrúar Geysir Green það til á stjórnarfundi í Enex á miðvikudag að hlutafé yrði aukið í fyrirtækinu með sameiningu við X-orku og að það yrði staðfest á hluthafafundi í næstu viku. Geysir Green á Exorku að öllu leyti en 75 prósent í Enex á móti dótturfyrirtæki Orkuveitunnar, Reykjavik Energy Invest. Ásgeir Margeirsson, formaður stjórnar Enex og forstjóri Geysir Green, segist ekkert vilja staðfesta í þessum efnum. - gar

HELGI HJÖRVAR Vill stofna auðlindasjóð fyrir komandi kynslóðir og geyma í honum orku, fisk og hugsanlega olíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Helgi Hjörvar um evruna:

Nefndarmenn heyri svarið

STJÓRNMÁL „Það var gott hjá Evrópunefndinni að kalla eftir endanlegum svörum í Brussel og ég held að hún hafi fengið þau. Það er mikilvægt að nefndarmennirnir heyri svarið. Svarið er nei,“ segir Helgi Hjörvar þingmaður Samfylkingar.

Helgi líkir hugmyndum um að Íslendingar fái að nota evru án þess að ganga í ESB við að evrulöndin séu beðin um að lána mynt sína og gerast bakhjarlar íslenskra banka, svo að þeir geti keppt við evrópska banka með hærri innlánsvöxtum. Án þess að vilja ganga í klúbbinn.

„Það er svo galið að ætla lengra í þeim leiðangri að það er furðulegt að menn séu að ræða það í alvöru,“ segir Helgi.

- kóþ / sjá síðu 12

Björn Bjarnason:

Orðrómur til að æsa fólk upp

LÖGGÆSLUMÁL Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir að tilkynnt verði eftir helgi hverjir muni fylla skörð þeirra sem ákveðið hafa að segja upp störfum sínum hjá Lögreglustjóraembættinu á Suðurnesjum. Spurður um orðróm þess efnis að Sigríður Björk Guðjónsdóttir aðstoðarríkislögreglustjóri myndi gegna starfi lögreglustjóra á svæðinu tímabundið neitar Björn því. „Þeir sem segja það eru á rangri leið. Þetta er eitthvað sem kemur frá Suðurnesjum til að æsa fólk upp,“ segir Björn. Hann neitaði að tjá sig frekar um málið. - kg

BJÖRN BJARNASON

Magnúsi Scheving veitt verðlaun eins virtasta háskólans í Mexíkó:

Mexíkóar verðlauna Magnús

VERÐLAUN „Þetta var rosalega skemmtilegt og mikill heiður, bæði fyrir mig persónulega sem og Latabæjarverkefnið í heild sinni,“ segir Magnús Scheving, sem í gær var sæmdur PROTOS-verðlaunum Universidad de Panamericana í Mexíkóborg, eins virtasta háskóla Mexíkó.

Þetta er annað árið sem PROTOS-verðlaunin eru veitt, en þau koma í hlut aðila sem náð hafa framúrskarandi árangri í að miðla upplýsingum til samfélagsins á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Í fyrra voru verðlaunin veitt sjónvarpsfréttakonunni Valentínu Alazraki, fyrir framúrskarandi fréttaflutning um Vatíkanið í 25 ár, en Mexíkó er næstfjölmennasta kaþólska þjóð heims.

Magnús segist hafa fundið fyrir miklum áhuga á Latabæ á mánaðarlöngu ferðalagi sínu víðs vegar um heiminn, sem lýkur á morgun. „Ég fór meðal annars til Ástralíu og Nýja-Sjálands, og sá að þau svæði eiga eftir að verða mjög stór markaður fyrir Latabæ. Svo var ég í Sviss, þar sem ég átti fundi með heilbrigðisyfirvöldum þar í landi, auk þess sem ég fundaði með þreföldum Wimbledon-meistara, Þjóðverjanum Boris Becker. Hann býr í Sviss og hefur mikinn áhuga á að vinna með okkur að heilbrigðum lífsstíl barna og unglinga þar í landi, en hann er mikill aðdáandi þáttanna,“ segir Magnús.

HEIÐUR Magnús Scheving tekur við PROTOS-verðlaunum úr hendi dr. Carlos Sanchez hjá Universidad de Panamericana.

Magnús fundar með umboðsmönnum í Hollywood í dag með það fyrir augum að gera kvikmynd um Latabæ. Eftir það er förinni heitið til Íslands. - kg

Sterlingspundið of dýrt:

Líkir pundinu við krónuna

EFNAHAGSMÁL Willem Buiter, prófessor í stjórnmálahagfræði við London School of Economics, segir í grein í Financial Times að það sé of dýrt fyrir fjármálalíf Englands að halda úti sjálfstæðum gjaldmiðli.

Buiter ber í greininni saman stöðu Englands og Íslands, og efast um að Englandsbanki sé trúverðugur lánveitandi til þrautavara. Að mati Buiter eru aðeins þrjár leiðir færar: Að fjármálalíf Englands veslist upp, England gerist fimmtugasta og fyrsta ríki Bandaríkjanna, eða taki upp evru. - msh / sjá síðu 16

TRÚMÁL

Nýr safnaðarprestur

Ragnheiður Laufdal verður vígð til embættis safnaðarprests Boðunarkirkjunnar á morgun. Vígslan hefst klukkan 11 að Hlíðarsmára 9.

SLYS

Mikið slasaður karlmaður var í gær fluttur með þyrlu á Landspítalann eftir að hafa ekið bíl sínum út af veginum við Refsstaði í Hálsasveit um tvöleytið. Ökumaðurinn var einn í bílnum.

www.toyota.is

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 43511 09/08

Toyota – tækifæri sem þú mátt ekki missa af

Við njótum ávaxtanna á haustin.

Bestu mögulegu fjármögnunarleiðir í boði.

Taktu haustið með tilboði og aktu burt í nýjum Toyota.

***Athugið!* Nú er á ný hægt að beygja af Reykjavíkurvegi inn á Nýbýlaveg þegar ekið er frá Hafnarfirði.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi	Toyota Akureyri	Toyota Reykjanesbæ	Toyota Selfossi	Toyota Austurlandi
Nýbýlavegi 4	Baldursnesi 1	Njarðarbraut 19	Fossnesi 14	Miðási 2
Kópavogur	Akureyri	Reykjanesbær	Selfoss	Egilsstaðir
Sími: 570-5070	Sími: 460-4300	Sími: 420-6600	Sími: 480-8000	Sími: 470-5070

GENGIÐ 26.09.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	92,57	93,01
Sterlingspund	171,70	172,54
Evra	135,80	136,56
Dönsk króna	18,202	18,308
Norsk króna	16,421	16,517
Sænsk króna	14,033	14,115
Japanskt jen	0,8738	0,879
SDR	145,72	146,58

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
177,399

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ísland gefur ekki gjafir vegna framboðs til öryggisráðs SÞ, segir utanríkisráðherra:

Ávinningur sama hvernig fer

UTANRÍKISMÁL „Okkur hefur gengið vel, ég finn fyrir því að það er mjög jákvætt viðmót í okkar garð," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, spurð um baráttuna fyrir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Hún segist sannfærð um að aukin þekking á Íslandi og jákvætt viðhorf í garð landsins geri það að verkum að mikill ávinningur verði af framboði Íslands til sætis í öryggisráðinu, hvernig sem kosningar í ráðið fari.

Þrjár vikur eru í að kosið verði milli Íslands, Tyrklands og Austurríkis um tvö laus sæti í ráðinu, en hvert kjörtímabil er tvö ár.

HÖFUÐSTÖÐVAR Barátta fyrir sæti í öryggisráði SÞ er nú að ná hámarki.

Kosningabaráttan er nú í algleymingi, en bæði Ingibjörg Sólrún og Geir H. Haarde forsætisráðherra hafa unnið framboði Íslands fylgi á allsherjarþingi SÞ í New York í vikunni.

Ingibjörg segir báða andstæðinga Íslands öfluga og með sterka utanríkisþjónustu. Ýmislegt sé reynt til að koma ár sinni fyrir borð og tryggja atkvæði í kosningum í ráðið.

„Þau geta í krafti stærðar sinnar lagt ríkjum ýmislegt til, í tengslum við framboðið," segir Ingibjörg. Hún vildi þó ekki nefna dæmi um slík framlög.

Spurð um aukna þróunarsamvinnu Íslands segir hún að ákvörðun um aukin framlög hafi verið tekin fyrir löngu. Þau séu ekki ný þróun vegna framboðs til ráðsins.

„Við erum ekki að gefa gjafir vegna framboðsins," segir Ingibjörg. - bj

Getgátur blómstra:

Spáð í friðarverðlaunahafa

NOREGUR, AP Kínverskur baráttumaður fyrir mannréttindum, Hu Jia, þykir líklegur til að fá friðarverðlaun Nóbels í ár. Einnig eru rússneski mannréttindafrömuðurinn Lidia Yusupova og víetnamski munkurinn Thich Quang talin koma vel til greina.

Stein Tønneson, stjórnandi friðarrannsóknarstofnunar í Noregi, spáir árlega í spilin áður en tilkynnt er um verðlaunahafann. „Ég tel miklar líkur á að þetta verði mannréttindaverðlaun," segir Tønneson. Í fyrra spáði hann því að verðlaunin myndu snúast um umhverfismál, sem síðan varð raunin. - gb

SELFOSS VIÐ ÖLFUSÁ Selfoss er nú sautján sentimetrum suðaustar en fyrir jarðskjálftana í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Jarðskjálftarnir færðu til land:

Selfoss færðist til í skjálftunum

JARÐSKJÁLFTI Mælipunktar í Árborg, Ölfusi og Hveragerði færðust til í jarðhræringunum í lok maí og er nú unnið að endurmælingum þeirra.

Sambærileg tilfærsla varð í skjálftunum árið 2000. Þá færðust punktar til um 10 sentimetra á Selfossi en gengu að hluta til baka. Í skjálftunum síðastliðið vor færðist Selfoss um sautján sentimetra til suðausturs og hækkaði um sex sentimetra. Þá færðist Hveragerði um fjórtán sentimetra til norðausturs. Talið er líklegt að tilfærslan gangi að einhverju leyti til baka. Breytingarnar geta meðal annars haft áhrif á yfirstandandi framkvæmdir og mælingar lóðamarka og því er unnið að leiðréttingum. Suðurglugginn greindi frá. - ovd

ÁRBORG

Veiddu 34 refi og 52 minka

Alls veiddust í 52 minkar, 24 fullorðnir refir og 10 yrðlingar í Árborg frá því í lok ágúst í fyrra og fram til 1. september í ár. Sérráðinn veiðimaður sem starfaði í júní og júlí í sumar vann þrjú greni.

LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með nafn Eddu Gústafsson í frétt af íslenskri stúlku sem sat fyrir í Time. Dóttir Eddu, Birna, var einnig rangnefnd á forsíðu blaðsins. Beðist er velvirðingar á þessu.

Yrði stórveldi í sjávarútvegi

Íslendingar hefðu sterka samningsstöðu um sjávarútvegsmál við ESB að mati Ágústs Ó. Ágústssonar. Að auki sé sjávarútvegsstefna ESB hagstæð Íslendingum. Framkvæmdastjóri LÍÚ gefur lítið fyrir þessa skoðun.

STJÓRNMÁL Ísland yrði stórveldi á sviði sjávarútvegs innan Evrópusambandsins og þarf því ekki að nálgast sambandið í þeim málaflokki af minnimáttarkennd.

Þessi skilaboð fékk Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar og annar tveggja formanna Evrópunefndar stjórnvalda, á fundum nefndarinnar með embættismönnum Evrópusambandsins í Brussel í vikunni.

ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

„Við fengum staðfestingu á að lítið myndi breytast varðandi sjávarútvegsmál við inngöngu okkar," segir Ágúst Ólafur. „Hinn hlutfallslegi stöðugleiki verður áfram hornsteinn sjávarútvegsstefnunnar og hann er hagstæður okkur af því að hann byggist á veiðireynslu. Stöðu sjávarútvegsins verður því ekki stefnt í hættu við aðild að ESB."

Ágúst Ólafur kveðst jafnframt hafa orðið þess áskynja að meðal starfsmanna ESB veki það furðu að einhverjir séu tilbúnir að fara í erfiðar samningaviðræður um evruna á sama tíma og ekki sé vilji til að semja um sjávarútvegsmál. „Þau eru jaðarmál í Evrópusambandinu en stórmál fyrir okkur og samningsstaðan því mjög sterk."

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, segir að hvað sem líði hlutfallslega stöðugleikanum missi Íslendingar forræði yfir sínum sjávarútvegi við aðild að Evrópusambandinu. Það sé grundvallaratriði hver fari með stjórn og ákvörðunarvald yfir íslenskum fiskistofnum og samningsumboð fyrir Ísland varðandi veiðar úr sameiginlegum stofnum. Í ofanálag sé alls óvíst hvort Evrópusambandið muni viðhalda ákvæðinu um hlutfallslega stöðugleikann til frambúðar þótt það sé til staðar núna.

„Að halda því fram að við myndum ráða einhverju er óraunhæft. Við erum örríki og myndum ekki ráða neinu um þessi mál," segir Friðrik. LÍÚ vilji halda ákvörðunarvaldi á sviði sjávarútvegs á Íslandi enda hafi sýnt sig í samningaviðræðum um veiðar úr sameiginlegum stofnum að það skipti sköpum.

Friðrik segir tollafrelsi það eina jákvæða fyrir sjávarútveginn við aðild Íslands að Evrópusambandinu. Á síðasta ári greiddu íslensk sjávarútvegsfyrirtæki samtals 420 milljónir króna í tolla fyrir sjávarafurðir inn á markaði ESB. Forræðinu sé þó ekki fórnandi fyrir þær fjárhæðir. bjorn@frettabladid.is

> Þau eru jaðarmál í Evrópusambandinu en stórmál fyrir okkur og samningsstaðan því sterk.
>
> **ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON**
> VARAFORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

Á SJÓ Varaformaður Samfylkingarinnar og framkvæmdastjóri Landssambands útvegsmanna eru ósammála um hvort aðild Íslands að Evrópusambandinu yrði til góðs eða ills fyrir sjávarútveginn. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir
Veður-fréttamaður

HELGARHORFUR
Veðrið batnar á morgun en lægðin sem veldur vætunni og vindinum gengur hratt norðaustur yfir land. Veður fer þó kólnandi en verður prýðilegt um helgina er vindur gengur niður og styttir upp. Mestu líkur á úrkomu verða vestan til. Það verður því ágætis veður til að bregða sér út í leik.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	17°
Billund	18°
Ósló	17°
Stokkhólmur	16°
Gautaborg	17°
London	20°
París	19°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	16°
Berlín	18°
Alicante	21°
Mallorca	26°
Basel	17°
Eindhoven	18°
Las Palmas	24°
New York	17°
Orlando	31°
San Francisco	20°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 28. september 2008.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN

Hefur þú heimsótt grafreit Bobby Fischer?

Já 3%

Nei 97%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Var rétt að auglýsa stöðu lögreglustjórans á Suðurnesjum lausa til umsóknar?

Segðu þína skoðun á visir.is

Rússar segjast hafa fullan rétt á því að senda sprengjuflugvélar til Íslands:

Engin skilaboð í æfingaflugi

UTANRÍKISMÁL Rússar hafa fullan rétt á því að senda sprengjuflugvélar um íslenskt flugstjórnarsvæði án þess að tilkynna um það fyrir fram, en slíkt ætti ekki að valda Íslendingum áhyggjum.

Þetta voru þau skilaboð sem Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, færði Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra á fundi þeirra í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York á miðvikudag.

Ingibjörg gerði alvarlegar athugasemdir við Lavrov vegna flugs rússneskra herflugvéla í kringum Ísland. Í samtali við Fréttablaðið í gær sagði hún æskilegt að vígbúnaður á norðurslóðum yrði ekki aukinn.

SERGEI LAVROV

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

„Hann taldi að það væri engin ástæða til að hafa áhyggjur, þetta væri venjulegt æfingarflug, og engin skilaboð í því fólgin," sagði Ingibjörg. Lavrov hafi því engin fyrirheit gefið um að breytingar verði á flugi herflugvélanna.

Ingibjörg og Lavrov skrifuðu á fundi sínum undir samning sem mun greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana fyrir íslenska og rússneska ríkisborgara.

Ingibjörg, sem er stödd á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York, fundaði í gær með hópi kvenleiðtoga, undir forystu Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. „Við miðlum á milli okkar reynslu af því sem vel hefur gefist við að bæta stöðu kvenna í okkar löndum, jafnt því sem hefur gefist illa." - bj

Vopnaburður víkinganna:

Bardagalist víkinga árangursrík

MENNING Vopn og vopnaburður víkinganna er efni fyrirlestrar dr. Willams Short í fyrsta Vísindaporti haustannar í Háskólasetri Vestfjarða sem fram fer í kaffisal setursins á Ísafirði í dag.

Í erindi sínu ætlar Short að fjalla um niðurstöður rannsókna sinna sem hann segir sýna fram á að víkingar hafi búið yfir árangursríku bardagalistakerfi. Einnig mun hann sýna að bardagaaðferðir víkinganna hafi hvorki verið grófar né einfaldar, heldur hárfínar, fágaðar og háþróaðar. Fyrirlesturinn fer fram á ensku, hefst klukkan 12 og er öllum opinn. - ovd

Annar tónn í löggæslu á landsbyggðinni

Lögreglustjórar og -menn á landsbyggðinni tala á ólíkan hátt um ríkislögreglustjóra en á höfuðborgarsvæðinu. Töluverð ánægja er með verkaskiptinguna og starfsemi ríkislögreglustjóra. Sumir eru þó hræddir við að tjá sig opinberlega.

LÖGGÆSLUMÁL Lögreglustjórar á landsbyggðinni eru nokkuð sáttir við skipan löggæslumála í landinu og hlutverk ríkislögreglustjóra. Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, hefur talað fyrir flutningi embætta frá ríkislögreglustjóra undir sitt embætti. Minni embætti virðast óttast að aðgangur þeirra að þjónustunni minnki við það.

Fréttablaðið hafði samband við lögreglustjóra víða um land. Ekki voru allir tilbúnir til að tjá sig. Sumir nefndu að ástandið væri þannig að þeir hreinlega legðu ekki í það – og vísuðu í brotthvarf Jóhanns R. Benediktssonar úr embætti á Suðurnesjum. Aðrir sögðu að umræða um þessi mál ætti ekki að fara fram í fjölmiðlum heldur á fundum lögreglustjóra og sýslumanna.

Fjölmargir lýstu hins vegar ánægju sinni með núverandi skipulag. Inger L. Jónsdóttir, sýslumaður á Eskifirði, segist mjög ánægð með embætti ríkislögreglustjóra. „Þeir hafa staðið sig vel gagnvart litlum og meðalstórum embættum. Við höfum góða reynslu af þeim hér og viljum ekki gera breytingar á verkaskiptingu," segir Inger.

Kjartan Þorkelsson á Hvolsvelli tekur í sama streng. „Ég er mjög sáttur við skipulagið í dag. Stoðverkefnin eiga heima hjá ríkislögreglustjóra og verkefni eins og sérsveitin eiga að vera þar og styðja svo jafnt við önnur embætti," segir Kjartan. Hann telur að sameina eigi embætti og fækka lögreglustjórum.

Kristín Völundardóttir, lögreglustjóri á Vestfjörðum, segist hafa góða reynslu af embætti ríkislögreglustjóra. „Okkar aðgengi að því hefur verið afspyrnu gott. Maður vill hafa það sem virkar vel frekar en óvissar breytingar." Kristín segir þó ýmis verkefni mega færa frá ríkislögreglustjóra, líkt og hann sjálfur hafi nefnt, svo sem efnahagsbrotadeild, hundamál og bílamiðstöð.

Nokkrir lögreglustjórar lýstu yfir áhyggjum sínum vegna frekari sameiningar embætta og töldu stærð þeirra þegar valda erfiðleikum.

Formenn þeirra svæðisdeilda Landssambands lögreglumanna sem eru utan höfuðborgarsvæðisins sendu frá sér yfirlýsingu í gær. Þar er hugmyndum um flutning fjarskiptamiðstöðvar til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu mótmælt. Af öllu má ljóst vera að ekki er samræmi á milli stjórnenda á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

kolbeinn@frettabladid.is

Sjávarútvegsstefna ESB:

Brussel sækir í íslenska reynslu

STJÓRNMÁL **Þess er að vænta að íslensk stjórnvöld þekkist formlega boð Evrópusambandsins um að tilnefna sérfræðing til að taka þátt í endurskoðun sjávarútvegsstefnu sambandsins.**

Vinnan er þegar hafin og á að ljúka árið 2012.

Sóttust ráðamenn Evrópusambandsins eftir íslenskri reynslu og þekkingu við endurskoðunina.

Evrópunefnd, undir formennsku Björns Bjarnasonar, hvatti til ríkari aðkomu Íslendinga að margvíslegu starfi Evrópusambandsins og er tilnefning starfsmanns til endurskoðunar sjávarútvegsstefnunnar ekki síst liður í að verða við því. - bþs

Nýjasta tæknigræjan:

Þráðlaus bíllykill í farsíma

TÆKNI Ný gerð farsíma sem Sharp hyggst setja á markað í Japan mun gera eiganda sínum kleift að opna dyrnar á bíl sínum og setja hann í gang lykillaust.

Í símanum verður að finna tækni sem Nissan-bílaverksmiðjurnar hafa um nokkurra ára skeið boðið upp á, en það er svonefndur „snjall-lykill" sem gerir ökumönnum kleift að opna bíl sinn og ræsa hann án þess að taka lykilinn úr vasa.

Í fréttatilkynningu frá fyrirtækjunum tveimur verður snjall-lykils-farsíminn kynntur á tæknisýningunni CEATEC í Tókýó í næsta mánuði. - aa

Greip gæsina glóðvolga:

Rændi gæs af veiðimönnum

LÖGREGLUMÁL **Veiði var stolið af þremur gæsaskyttum sem voru á veiðum á Fljótsdalsheiði fyrir skemmstu.**

Samkvæmt frásögn veiðmannanna höfðu þeir skriðið eftir gæsahópi í um fimmtán mínútur þegar þeir skutu gæs sem féll nánast dauð á veg skammt frá. Kom þá að stór Nissan Patrol-jeppi og snaraðist ökumaður hans út, sneri gæsina úr hálsliðnum og henti inn í bílinn. Sinnti hann ekki um hróp og köll veiðimannanna.

Létu þeir þau eftirmæli fylgja að þeir vonuðust til að gæsin stæði í þjófnum. Austurlugginn greindi frá. - ovd

Gengi hlutabréfanna hrapar:

Meira tap á Moss Bros

VIÐSKIPTI Rekstrartap bresku herrafataverslunarinnar Moss Bros nam 2,2 milljónum punda, jafnvirði 260 milljóna króna, á fyrstu sex mánuðum ársins. Tapið nam 796 þúsundum punda á sama tíma í fyrra.

Í uppgjörstölum Moss Bros kemur fram að undirliggjandi sala (e. like-for-like) hafi dregist saman um 2,6 prósent en aukist á þessum fjórðungi og sé nú óbreytt frá í fyrra.

Baugur, sem á tæp 30 prósent í versluninni, hætti við að leggja fram yfirtökutilboð í hana upp á 42 pens á hlut í maí. Rótgrónum hluthöfum þótti það of lágt og vísuðu þeir því út af borðinu. Heldur hefur gefið á bátinn síðan en gengið stendur nú í 25,25 pensum á hlut. - jab

MS FÉLAG ÍSLANDS • SLÉTTUVEGI 5 • 103 REYKJAVÍK ÍSLAND

40 ára afmæli MS-félags Íslands!

MS-félag Íslands heldur upp á 40 ára afmæli sitt í húsnæði félagsins að **Sléttuvegi 5, laugardaginn 27. september milli kl. 13.00-16.00**

Tónlistaratriði og afmæliskaffi.

Allir hjartanlega velkomnir.

Matti Juhani Saari og Pekka-Eric Auvinen höfðu skrifast á:

Skipulögðu fjöldamorðin saman

FINNLAND Iðnskólaneminn Matti Juhani Saari, sem myrti tíu skólafélaga sína og kennara í Kauhajoki í Finnlandi á þriðjudaginn, hringdi í vin sinn og sagði: „Ég er búinn að skjóta tíu manns. Kemurðu ekki í jarðarförina mína?" Vinurinn marghváði. Hann segir að Saari hafi verið sallarólegur í símanum.

Þremur vitnum tókst að flýja árásina. Þau segja að nemendurnir hafi kastað sér í gólfið og að Saari hafi gengið á milli og skotið þá. Hann hellti síðan bensíni yfir fórnarlömbin og kveikti í. Því næst skaut hann sig.

Komið hefur í ljós að Saari hætti herþjónustu í miðjum klíðum í júní 2006.

Finnska dagblaðið Helsingin Sanomat segir að Saari hafi ekki getað beitt byssu og ekki þrifist í hernum. Þá hafi hann nokkrum sinnum skotið í átt að gangandi vegfarendum.

Saari var frá Pyhäjärvi, sex þúsund manna bæ milli Vaasa og Oulu í Norður-Finnlandi. Bæjarbúar þar eru harmi slegnir.

Faðir Saaris vinnur í vopnabúri finnska hersins og móðir hans rekur fyrirtæki. Hann átti þrjá yngri bræður.

Saari átti unnustu um hálfs árs skeið í fyrra en kærastan sleit sambandinu þegar hún komst að því að Saari væri vinur Pekka-Eric Auvinen, sem myrti skólafélaga sína í nóvember í fyrra.

Saari og Auvinen skipulögðu morðin saman. Þeir höfðu skrifað hvor öðrum: „Ef mér tekst þetta ekki tekst þér það örugglega."

Komið hefur í ljós að Saari hafði kveikt á sorgarkerti við iðnskólann fyrir skotárásina. Þeir sem urðu varir við kertið fundu myndskeið á Youtube og létu lögreglu vita.

Gremja almennings beinist að lögreglumanninum sem sleppti Saari á mánudaginn. Þótt hann hefði þrjátíu ára starfsreynslu tókst Saari að villa um fyrir honum.

Skotáhugamenn í Finnlandi eru óhressir með að þrengja eigi lög og reglur um skotvopn og byssueign. - ghs

Skotárásin í Finnlandi

Tíu manns létu lífið og tugir særðust þegar 22 ára námsmaður gerði skotárás í skóla í Finnlandi í gær.

Indversk stemning!

41% afsláttur

ÍSFUGL
KJÚKLINGABRINGUR FERSKAR
1.595 kr/kg
~~2.704~~ kr/kg

TILDA BASMATI
hrísgrjón 1kg
499 kr/pk.

PATAKS TIKKA MASALA OG
KORMA SÓSA 540g
299 kr/stk.

GOÐI
BAYONNE SKINKA
1.249 kr/kg
~~1.778~~ kr/kg

30% afsláttur

25% afsláttur

Ali
PARTÝ SKINKA
1.597 kr/kg
~~2.129~~ kr/kg

BURTON
TOFFYPOPS TWIN PACK
148 kr/pk.

BURTON VISCOUNT
99 kr/pk.

CARAMEL 4 í pakka
139 kr/pk.

DEL MONTE SAFI
epla, appelsínu m/aldinkjöti og ananas 1l
199 kr/stk.

TILBOÐIN GILDA 25. - 28. SEPTEMBER

www.markhonnun.is

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver er Henry Paulson?*

2 *Hve margir milljarðar króna fóru í „Trúmál og önnur félagsmál“ árið 2007?*

3 *Hvaða verðlaun hlýtur Ómar Þ. Ragnarsson fyrir þá athygli sem hann hefur vakið á virkjanaframkvæmdum á Íslandi?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Afríska þjóðarráðið klofið í tvær fylkingar eftir forsetakjör í Suður-Afríku:

Mothlante tekur við af Mbeki

SUÐUR-AFRÍKA, AP Þjóðþing Suður-Afríku kaus í gær Kgalema Mothlante forseta landsins. Hann tekur við af Thabo Mbeki, sem neyddist til að segja af sér í vikunni.

Mothlante verður þó varla forseti landsins lengur en fram á næsta ár, þegar kosið verður til þings og ný ríkisstjórn tekur við völdum. Jacob Zuma, leiðtogi Afríska þjóðaráðsins, er nokkuð öruggur með að verða forseti þá.

Óvíst er um framtíð Afríska þjóðaráðsins, sem áratugum saman barðist gegn aðskilnaðarstefnu hvíta minnihlutans en hefur verið stærsti stjórnmálaflokkur landsins síðan sú stefna var aflögð.

KGALEMA MOTHLANTE Mothlante verður líklega forseti landsins þangað til nýtt þing verður kosið á næsta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Um síðustu helgi samþykkti flokkurinn að Mbeki, fyrrverandi leiðtogi flokksins, skyldi segja af sér sem forsætisráðherra. Meirihluti flokksins virtist telja að málaferli á hendur Zuma vegna spillingar hafi verið runnin undan rifjum Mbekis.

Megnið af ríkisstjórn Suður-Afríku sagði síðan einnig af sér í vikunni til að sýna stuðning sinn við Mbeki.

Afríska þjóðarráðið er því klofið í tvær fylkingar, þar sem annars vegar standa stuðningsmenn Mbekis og hins vegar stuðningsmenn arftaka hans, Jacobs Zuma.

Hvorki Mbeki né þeir ráðherrar, sem hafa sagt af sér mættu til þings í gær þegar forsetakjör fór fram. **- gb**

Njósnamál í Eistlandi:

Sá um öryggismál í ráðuneyti

EISTLAND, AP Herman Simm, fyrrverandi öryggisstjóri hjá varnarmálaráðuneyti Eistlands, hefur verið handtekinn, sakaður um njósnir.

Simm er sakaður um að hafa safnað leynilegum upplýsingum og sent þær til erlends ríkis. Heete Simm, eiginkona hans, hefur einnig verið handtekin. Hún vinnur sem lögfræðingur fyrir eistnesk lögregluyfirvöld.

Mál Hermans Simm er fyrsta landráðamál í Eistlandi síðan landið endurheimti sjálfstæði sitt frá Sovétríkjunum árið 1991. Við meintu broti hans liggur þriggja til fimmtán ára fangelsi. **- aóv**

Bandaríkjaþing sátt við björgunaraðgerð

Kosningabaráttan í Bandaríkjunum snýst nær eingöngu um efnahagsástandið. Bush kallaði Obama og McCain á sinn fund til að ræða björgunaraðgerðir. Búist er við að Bandaríkjaþing samþykki efnahagsráðstafanir forsetans.

BANDARÍKIN, AP Báðar deildir Bandaríkjaþings náðu í gær samkomulagi um efnahagsráðstafanir, sem George W. Bush forseti vill fá framgengt til að bjarga efnahagslífi Bandaríkjanna.

Bush hefur lagt alla áherslu á að Bandaríkjaþing fallist sem fyrst á þá lausn efnahagsvandans, að veita fjármálaráðherra stjórnarinnar yfirráð yfir 700 milljörðum dala til að bjarga fjármálastofnunum frá gjaldþroti. Að öðrum kosti vofi hrun efnahagslífsins yfir.

Til að leggja áherslu á mál sitt flutti hann sjónvarpsávarp til þjóðarinnar á miðvikudagskvöld og kallaði jafnframt í gær þá Barack Obama og John McCain, forsetaefni beggja stóru flokkanna, á fund sinn til að ræða efnahagsástandið.

Bæði Obama og McCain höfðu lýst efasemdum sínum um að verja 700 milljörðum dala með þessum hætti í bankana, og sumir helstu leiðtogar þingsins höfðu sömuleiðis séð ýmis tormerki á lausninni, sem Bush boðaði.

Í gær náðist þó samkomulag um útfærslu aðgerðanna og svo virðist sem þingið muni staðfesta það um helgina, áður en kauphallir verða opnaðar á ný á mánudag.

„Ég býst við að við séum nú komnir með áætlun sem verður samþykkt bæði í fulltrúadeild og öldungadeild og síðan undirrituð af forsetanum,“ sagði öldungadeildarþingmaðurinn Bob Bennett, sem er repúblikani.

Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, var einn þeirra sem tjáðu sig um málið og sagði í það minnsta nauðsynlegt að tryggja að enginn gæti hagnast á þessu fé.

Á LEIÐ TIL WASHINGTON Barack Obama hélt á fund Bandaríkjaforseta í gær, og slíkt hið sama gerði mótframbjóðandinn John McCain. Fyrstu sjónvarpskappræður forsetaframbjóðendanna eru síðan á dagskrá í kvöld, þótt óvíst sé hvort McCain mæti.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í sameiginlegri yfirlýsingu, sem McCain og Obama sendu frá sér, segja þeir að nú sé tími kominn til að „hefja sig upp yfir stjórnmálaþras. Við getum ekki tekið áhættuna á efnahagslegum hamförum.“

Fyrsta sjónvarpseinvígi þeirra Obama og McCain átti að verða í kvöld, en ekki er ljóst hvort af því verður vegna þess að á miðvikudaginn sagði McCain að réttast væri að hætta við þetta fyrsta einvígi þeirra. Hann sagði forsetaefnin þurfa að beina öllum kröftum sínum að efnahagsmálunum þessa dagana. Obama svaraði því til, að engin ástæða væri til að fresta kappræðunum, því verðandi forseti Bandaríkjanna þurfi að geta einbeitt sér að mörgum mikilvægum málum í senn.

Í gær fullyrtu stuðningsmenn Obama að hann myndi mæta til kappræðnanna, hvort sem McCain léti sjá sig eða ekki.

gudsteinn@frettabladid.is

Sarah Palin í kirkju:

Þáði vernd gegn göldrum

BANDARÍKIN, AP Fyrir þremur árum stóð Sarah Palin, sem nú er orðin varaforsetaefni repúblikana í Bandaríkjunum, í kirkjunni í heimabæ sínum Wasilla og þáði handayfirlagningu og blessun frá Thomas Muthee, biskupi frá Kenía.

SARAH PALIN

Á myndbandi frá athöfninni, sem nú er komið á vefsíðuna YouTube, má sjá þegar hann leggur hendur yfir hana og biður Jesú Krist um að vernda hana gegn göldrum.

Palin ræddi hlýlega um Muthee í júní síðastliðnum, þegar hún sagði hann hafa beðið guð um að greiða götu hennar í stjórnmálum, sem síðan hefði heldur betur ræst. **- gb**

Háskólinn í Ósló:

Brennir gömul norræn blöð

NOREGUR Háskólinn í Ósló hefur ákveðið að brenna eða gefa gömul dagblöð til að losa um lagerpláss í háskólanum og setja þangað gömul húsgögn. „Skemmd á menningarverðmætum,“ segir Edgar Ytteborg, sem hafði umsjón með blaðasafninu áður en hann fór á eftirlaun.

Í síðustu viku hafði háskólinn ákveðið að brenna næstum 3.000 hillumetra af norrænum dagblöðum frá 19. öld. Eftir hávær mótmæli ákvað háskólinn að gefa áhugasömum kost á að hirða dagblöðin. **- ghs**

Nýjung í Hrunamannahreppi:

Heitt vatn mælt með fjarálestri

TÆKNI Hitaveita Flúða er um þessar mundir að koma fyrir hjá notendendum veitunnar nýjum mælum sem eru með fjarálestrarbúnaði.

„Óþarft verður að fara inn í hús til þess að lesa af mælunum heldur mun sérstakur búnaður lesa af mælunum og senda inn í tölvu. Ef vel tekst til, sem við vonum og treystum, er hér um mikinn tímasparnað að ræða, ekki síst í frístundabyggðunum í Hrunamannaheppi,“ segir á vef hreppsins, fludir.is. Þar kemur einnig fram að RARIK og Orkusalan hafi áhuga á að nýta þessa tækni. **- gar**

ORKUVEITAN

Gleymdir stjórnarmenn

Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Akraneskaupstaðar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, og áheyrnarfulltrúinn Björn Bjarki Þorsteinsson úr Borgarbyggð eru nú loks komnir á blað eftir að hafa gleymst í kynningu á stjórnarmeðlimum á heimasíðu fyrirtækisins. Þar hafði aðeins verið getið fulltrúa Reykjavíkurborgar.

Sjónvarp í Noregi:

Gefur falska indíánamynd

NOREGUR Norska ríkisútvarpið NRK er harðlega gagnrýnt fyrir nýja þáttaröð í raunveruleikasjónvarpi sem fjallar um norska fjölskyldu sem flytur til Ekvador til að lifa við frumstæðari aðstæður en hún er vön í Noregi.

Í þáttunum ganga indíánarnir um naktir en síðan hefur komið fram að þeir eru alls ekki vanir því.

Uppljóstrunin hefur ekki haft áhrif á áhorfendafjöldann, að sögn norska Dagbladet, en umræða er í Noregi um hvort í lagi sé að gefa falska mynd af raunveruleikanum í raunveruleikaþætti og að ekki sé tekið fram að það sem gerist í þáttunum sé skipulagt fyrir fram eða að því sé stýrt. **- ghs**

Til hamingju!

Líkt og undanfarin ár styrkir Straumur fjárfestingabanki þá nemendur við Háskólann í Reykjavík sem ná bestum námsárangri. Þessir afburðanemendur, sem nú eru 70 talsins, skipa Forsetalista skólans en það felur í sér að Straumur greiðir skólagjöld þeirra á þessari önn.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Straumur

Straumur óskar afburðanemendum við HR til hamingju með árangurinn!

Anna Sigga Lúðvíksdóttir | Ari Már Lúðvíksson | Arnar Snær Valmundsson | Arngrímur Konráðsson | Áróra Helgadóttir | Ásgrímur Halldórsson | Ásrún Eva Harðardóttir | Birna Dís Birgisdóttir | Bjarni Benedikt Gunnarsson
Björgvin Smári Jónsson | Daníel Guðni Guðmundsson | Davíð Hermann Brandt | Egill Antonsson | Eiríkur Heiðar Nilsson | Eiríkur Jónsson | Elvar Snorrason | Erla Sigrún Sveinsdóttir | Eva Rún Michelsen | Eyrún Gestsdóttir | Fríða Rúnarsdóttir
Guðbjörg Pálsdóttir | Guðríður Lilla Sigurðardóttir | Gunnar Viðar Gunnarsson | Hafþór Eiríksson | Halla Björgvinsdóttir | Halldór Gunnarsson | Hannes Garðarsson | Haukur Gunnarsson | Helgi Magnússon | Hildur Grétarsdóttir | Hjalti Magnússon
Hlynur Snorrason | Hörður Ingi Björnsson | Ingibjörg Þ. Jóhannesdóttir | Jóhanna Katrín Pálsdóttir | Jóhanna M. Oppong | Jón Brynjar Ólafsson | Jón Ingi Sveinbjörnsson | Jón Kristinn Lárusson | Jónína Rós Guðfinnsdóttir | Katrín Oddsdóttir
Konráð Skúlason | Kristín Gísladóttir | Kristín Jónsdóttir | Lilja Rut Jensen | Máni Atlason | Margrét Guðrún Jónsdóttir | Óskar Egilsson | Óskar Ingi Stefánsson | Pálmi Harðarson | Ragnar Einarsson | Signý Hermannsdóttir | Sigurður Breiðfjörð Jónsson
Sigurður Guðjón Jónsson | Sigurður Már Gunnarsson | Sigurður Steindórsson | Skúli Arnlaugsson | Sólveig Lára Kjærnested | Stefán Þór Bjarnason | Stefanía Helga Stefánsdóttir | Sveinn Þorgeirsson | Theodór Ingi Pálmason
Þórdís Árný Sigurjónsdóttir | Þorsteinn Sveinn Karlsson | Tómas Guðmundsson | Úlfar Ægir Þórðarsson | Unnar Hólm Ólafsson | Unnur E. Hafstað Ármannsdóttir | Unnur Lára Bryde | Valeria Rivina

Í dag!

Föstudaginn 26. september í Listasafni Reykjavíkur kl. 17:00 - 22:00

Stefnumót við vísindamenn

Vísindavaka 2008

...www.rannis.is/visindavaka

Þátttakendur á Vísindavöku 2008

Háskóli Íslands • ReykjavíkurAkademían • Hafrannsóknastofnunin • Össur hf. • Nimblegen • Listaháskóli Íslands • Matís • Háskólinn á Bifröst Hjartavernd • Hexia, Síminn og Nuance • Hafmynd • Jardin Botanique - Strasbourg France • Landbúnaðarháskóli Íslands • KINE Laxfiskar • Veðurstofa Íslands • ÍSOR - Íslenskar orkurannsóknir • Nýsköpunarmiðstöð Íslands • Náttúrufræðistofnun Íslands Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness • Háskólinn í Reykjavík • MIRRA • Háskólinn á Akureyri RHA - Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri • RES - Orkuskólinn • Rannís

Vísinda Vaka

Opið hús!
Hafnarhúsinu Tryggvagötu
Föstudaginn 26. september
kl. 17:00 til 22:00

Láttu sjá þig
Allir velkomnir!

matís

MENNTAMÁLA RÁÐUNEYTIÐ

IÐNAÐAR RÁÐUNEYTIÐ

SI Samtök iðnaðarins

RANNÍS

GRÆNI MAÐURINN Þessi grænmálaði maður lék myndastyttu í miðbænum í Haag í tilefni af alþjóðlega friðardeginum nú í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Rikissaksóknari ákærir:

Tilraun til manndráps

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann í Reykjavík fyrir tilraun til manndráps en til vara fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.

Manninum er gefið að sök að hafa aðfaranótt föstudagsins 1. ágúst 2008 ráðist að öðrum manni og stungið hann með hnífi í bak vinstra megin og vinstri framhandlegg.

Fórnarlambið hlaut stungusár inn í brjósthol og inn í lungað með loftbrjósti og blæðingu í brjóstholi og einnig hlaut fórnarlambið stungusár á vinstri framhandlegg, neðan við olnboga, sem olli áverka á ölnartaug.

Atvikið átti sér stað utandyra við Hverfisgötu 6 í Reykjavík.

- jss

Útboð útiloki erlend fyrirtæki

Útboð Orkuveitu Reykjavíkur á borunum eru sniðin að Jarðborunum hf. segir verkfræðingur. Útboðsgögn eru á íslensku en auglýst er á ensku. „Megum ekki meta Íslendinga umfram aðra," segir forstjóri OR.

IÐNAÐUR Útskýringar forstjóra Orkuveitunnar á fæð tilboða í margra milljarða útboð í boranir fyrirtækisins standast ekki nánari skoðun, segir Friðfinnur Daníelsson verkfræðingur, en hann hefur viljað bjóða í verk Orkuveitunnar, í félagi við erlend fyrirtæki. Útboðin séu hins vegar hönnuð fyrir Jarðboranir, fyrirtæki sem hefur lengi þjónað Orkuveitunni.

FRIÐFINNUR DANÍELSSON

HJÖRLEIFUR KVARAN

Jarðboranir voru eina fyrirtækið sem bauð í þrettán milljarða verk um boranir á fimmtíu holum fyrir Orkuveituna (OR). Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri OR, sagði í blaðinu 22. september að ástæða þessa væri sú að fyrirtækið væri í einokunarstöðu á Íslandi. Önnur fyrirtæki hefðu ekki burði til að bjóða í verkin, sem væru ef til vill of smá fyrir erlend fyrirtæki.

Friðfinnur segir líklegri skýringu þá að útboðsgögnin séu einungis fáanleg á íslensku.

„Orkuveitan gæti boðið verkin út án þess að óþefurinn finnist langar leiðir. Að sjálfsögðu með því að hafa útboðsgögn á ensku en í öðru lagi með því að lengja

> Orkuveitan gæti boðið verkin út án þess að óþefurinn finnist langar leiðir.
>
> **FRIÐFINNUR DANÍELSSON**
> VERKFRÆÐINGUR

frestinn sem fyrirtækin hafa til að bjóða í verkin," segir Friðfinnur.

Hjörleifur segir við þessu að OR auglýsi í Evrópu á ensku og sé tilbúið til að þýða útboðsgögnin fyrir erlend fyrirtæki. En þau hafi hingað til ekki sóst eftir því. Síðasta útboð hafi verið auglýst snemma á þessu ári en verkefnið verði framkvæmt að hluta til á næsta ári en að mestu árið 2010.

Friðfinnur telur að OR miði kröfur í útboðum við tækjakost Jarðborana og segir að í útboðinu 2005 hafi verið farið fram á að lykilstarfsmenn töluðu íslensku og hefðu jafnvel reynslu af borunum á Íslandi.

Hjörleifur segist telja að Jarðboranir miði sinn tækjakost við kröfur OR frekar en hitt. Ekki séu meiri kröfur gerðar til íslenskukunnáttu en svo að farið sé fram á að á verksvæði sé ávallt einn maður mælandi á ensku eða íslensku. Frá árinu 2005 hafi verið farið yfir hvernig hægt væri að hafa „alþjóðlegri brag" á útboðunum. „Og þeir þurfa ekki að hafa reynslu af borunum á Íslandi. Við erum á evrópska efnahagssvæðinum og megum ekki meta Íslendinga umfram aðra," segir Hjörleifur.

klemens@frettabladid.is

BORINN ÓÐINN Í EIGU JARÐBORANA Friðfinnur Daníelsson verkfræðingur telur að Orkuveita Reykjavíkur miði útboð sín við þann tækjakost sem Jarðboranir geta boðið upp á, en forstjóri Orkuveitunnar segir því öfugt farið. MYND/ORKUVEITAN

ÚTBOÐ

■ Jarðboranir hafa lengi verið nátengdar Orkuveitunni, allt frá því fyrirtækið hét Jarðboranir ríkisins. Á tímabili var forstjóri Orkuveitunnar stjórnarformaður Jarðborana.

■ Árið 2005 buðu Jarðboranir í boranir fyrir Orkuveituna fyrir átta milljarða og fengu verkið. Þá buðu einnig Ístak og Íslenskir aðalverktakar í sameiningu.

■ Í ár fengu Jarðboranir þrettán milljarða verk fyrir Orkuveituna. Ekkert annað fyrirtæki bauð í þótt verkið væri auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu. Orkuveitan bauð fyrirtækjum peningaverðlaun svo byðu þau frekar í verkið en til einskis.

■ Orkuveitunni hefur heldur ekki tekist að fá erlend fyrirtæki til að bjóða í borun í Djíbútí.

■ Orkuveitan er í eigu Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar. Jarðboranir eru í eigu Geysis Green Energy.

FJÖLSKYLDUBÍLLINN
SEM EYÐIR SVO
MIKLU MIKLU MINNA.

Skoda Octavia 1,9 TDI® – 4,9 lítrar á hundraðið
Skoda Octavia er vandaður og ríkulega útbúinn verðlaunabíll í fullri stærð með pláss fyrir alla fjölskylduna og rúmgott farangursrými. Nýja TDI® dísilvélin, skilar miklu og jöfnu afli og býr yfir frábærum aksturseiginleikum (einnig fáanlegur með bensínvél).
Skoðaðu Skoda Octavia - bílinn sem eyðir svo miklu miklu minna.

Allir kaupendur Skoda Octavia fá frítt fyrir fjölskyldu sína í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í eitt ár.

Þing verður sett í næstu viku:

Fjárlögin kynnt á miðvikudag

ALÞINGI Fjárlagafrumvarp ársins 2009 verður kynnt á miðvikudag, 1. október, sama dag og Alþingi verður sett.

Er frumvarpsins beðið með nokkurri eftirvæntingu enda felst í því stefnumörkun stjórnvalda í ríkisfjármálum.

Fyrsta umræða um frumvarpið fer fram í þinginu á föstudag en kvöldið áður flytur forsætisráðherra stefnuræðu sína. Í kjölfarið fylgja umræður um hana með þátttöku fulltrúa allra flokka.

Samkvæmt starfsáætlun þingsins fer það í jólafrí 12. desember og kemur saman á ný sléttum mánuði síðar. **- bþs**

Þrennt í haldi vegna morðsins á Hrafnhildi Lilju Georgsdóttur:

Rannsóknin komin á lokastig

LÖGREGLUMÁL „Rannsóknin er alveg á lokastigi," segir Rafael Vazquez, aðstoðaryfirmaður upplýsingadeildar lögreglunnar í Dóminíska lýðveldinu. Franklin Genao heitir sá sem grunaður er um að hafa banað Hrafnhildi Lilju Georgsdóttur síðastliðinn sunnudag en lögreglan telur að þau hafi átt í ástarsambandi. Hann er frá Dóminíska lýðveldinu.

Einn karlmaður og ein kona sem unnu á hótelinu með Hrafnhildi eru einnig í haldi lögreglunar. Rafael segir allt benda til þess að Hrafnhildur Lilja hafi látist þegar hún hafi skollið með höfuðið í vegg inni á baðherbergi hótelsins þar sem hún bjó. Hún var einnig með stungusár við herðar, brjóst og á hendi.

Málið verður sent til saksóknara á næstunni.

Bænastund verður haldin til minningar um Hrafnhildi Lilju í Vídalínskirkju í Garðabæ klukkan sex í dag. Þetta kemur fram á minningasíðu um hana sem opnuð hefur verið á vefsíðunni Facebook. Í gær höfðu um sjö hundruð manns skráð sig þar inn.

Einnig hefur verið opnaður söfnunarreikningur fyrir fjölskyldu hennar og er reikningsnúmerið 0537-14-609973 og kennitala 081079-5879. **- jse**

HRAFNHILDUR LILJA GEORGSDÓTTIR Haldin verður bænastund til minningar um Hrafnhildi Lilju í Vídalínskirkju í Garðabæ í dag.

Norskur stjórnmálamaður:

Gagnagrunn um blaðamenn

NOREGUR Norski stjórnmálamaðurinn Monica Mæland hefur lagt til að tekinn verði saman gagnagrunnur um blaðamenn, tengsl þeirra við atvinnulíf, samtök og eignir þeirra með sama hætti og hefur gert um ellefu þúsund norska stjórnmálamenn.

„Við höfum völd og áhrif sem stjórnmálamenn. En fjórða valdið, fjölmiðlarnir, hefur það líka í miklum mæli."

„Ég vildi óska þess að fjölmiðlamenn væru jafn opinskáir og uppteknir af sínum eigin málefnum og þeir eru uppteknir af málefnum stjórnmálamanna," segir hún. **- ghs**

Byggingaverkamenn í Katar:

Fá sex krónur á klukkustund

NOREGUR Byggingaverkamenn sem reisa stærstu álverksmiðju heims fyrir norska stórfyrirtækið Hydro í Katar fá aðeins sex norskar krónur á tímann, eða innan við 100 krónur. Verkamönnunum er neitað um aðild að stéttarfélögum.

Norska ríkisútvarpið, NRK, segir að tíu þúsund starfsmenn vinni sex daga vikunnar, tíu tíma á dag, við að byggja álverksmiðjuna. Hún kosti jafnvirði um 330 milljarða íslenskra króna og verði tilbúin 2010.

Meirihlutinn er erlendir verkamenn. Þeir mega ekki skipta um vinnu án leyfis frá vinnuveitandanum og hægt er að senda þá brott ef þeir kvarta undan launum og vinnuaðstæðum.

- ghs

Seðillaus viðskipti kosta líka:

Ódýrast að eiga viðskipti við Íbúðalánasjóð

Flestir landsmenn borga mánaðarlega af lánunum sínum. Sumir fá greiðsluseðil heim til sín en aðrir hafa valið seðillausar afborganir í heimabankanum sínum. Ætla mætti að þessi seðillausu viðskipti væru ódýr en svo er þó aldeilis ekki. Auður Styrkársdóttir skrifar: *„Ég er með húsnæðislán hjá Kaupþingi og hef valið að fá engan greiðsluseðil heim heldur greiða í heimabankanum. Mér er hins vegar gert að greiða kr. 435 í hvert skipti í svokallað „tilkynningar- og greiðslugjald"! Afborganir af láninu eru 487 talsins og ef sama gjaldið verður alla tíð gera þetta 211.845 krónur samtals!*

DR. GUNNI neytendur@frettabladid.is

Ekki efa ég að þetta sé lagt á aðra viðskiptavini þessa banka sem og annarra, en mér er spurn: Hvað er verið að tilkynna mér og hvernig er hægt að réttlæta að taka gjald af því sem greitt er?"

Benedikt Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Kaupþings, svarar: *„Eðli máls samkvæmt verður bankinn að tilkynna og birta á einhverju formi, hvort sem greiðandi kynnir sér þær eða ekki, forsendur sem búa að baki hverjum gjalddaga skuldabréfs. Þessar upplýsingar um greiðslusögu verður bankinn svo að varðveita. Einnig verður bankinn að standa skil á ýmsum kerfislegum (tölvu) kostnaði vegna greiðslna, meðal annars til Reiknistofu bankanna."*

Gjaldskrá bankanna er mismunandi. Hér má sjá gjaldskrár þeirra. Hagstæðast er að eiga viðskipti við Íbúðalánasjóð. Tilkynningar og greiðslugjald hjá honum er 75 krónur og skiptir þá engu hvort kúnnar fá greiðsluseðil eða greiða seðillaust í netbanka.

Tilkynningar- og greiðslugjald á húsnæðislánum:

Greiðsluaðferð	Kaupþing	Landsbankinn	Glitnir	Íbúðalánasjóður
Lán skuldfært af reikningi, seðill ekki í póst, einungis birtur í netbanka:	150 kr.	120 kr.	120 kr.	75 kr.
Lán skuldfært af reikningi, seðill settur í póst og birtur í Netbanka:	225 kr.	195 kr.	195 kr.	75 kr.
Lán greitt í Netbanka, seðillinn ekki í póst, einungis birtur í Netbanka:	435 kr.	520 kr.	475 kr.	75 kr.
Lán greitt í útibúi eða netbanka, seðill settur í póst og birtur í Netbanka:	510 kr.	595 kr.	550 kr.	75 kr.

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

SIMPLY CLEVER

Reynslan er góð!
Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

FRÉTTAVIÐTAL: Helgi Hjörvar

Vill tryggja að þjóðin eigi auðinn sjálf

Helgi Hjörvar alþingismaður hleypti lífi í pólitíska umræðu í vikunni þegar hann stakk upp á því að virkjanir yrðu seldar til leigu og stofnaður yrði auðlindasjóður. Hann segir að samtakamátturinn sé einn helsti styrkleiki Íslands og því þurfi að gæta sérstaklega að þeim verst settu.

HELGI HJÖRVAR Telur nauðsynlegt að halda aftur af hækkunum, svo sem nýkynntum hækkunum á hita og rafmagni og launum æðstu embættismanna. Hann vill að stjórnmálamenn sýni fordæmi og afnemi eftirlaunalögin strax. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Til að vinna að efnahagslegum stöðugleika hefur Helgi hvatt til aukins aðhalds og minni útgjalda í ríkisfjármálum en sagt um leið að verri staða ríkissjóðs megi ekki verða til þess að draga úr framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu.

Hvað áttu við með þessu og telur þú ríkisstjórnina vera á sama máli?

„Við þurfum miklu meiri aga við framkvæmd fjárlaga. Þau hafa undanfarin ár oft litið vel út ein og sér, en síðan hefur gríðarlegur fjöldi fjárlagaliða farið fram úr og margir þeirra aftur og aftur.

Það eru þessi lausatök sem ég gagnrýni. Hins vegar tel ég mikilvægt að ríkissjóður dýpki ekki kreppuna með því að fara í umfangsmikinn niðurskurð á samdráttartíma, sérstaklega ekki hér á höfuðborgarsvæðinu, því þar verður samdráttarins mest vart. Þar hefur verið mesta þenslan.

Fjárlagafrumvarpið kemur svo fram eftir helgi og ég held að þegar hafi komið fram yfirlýsing um að ekki sé ætlunin hjá ríkisstjórninni að dýpka samdráttinn.“

Um leið hefur þú hvatt til þess að álögur á innflutta matvöru verði lækkaðar. Hvers vegna?

„Í þeim aðstæðum sem hafa skapast fyrir heimilin í landinu í þessari miklu verðbólgu er mikilvægt að leitað sé leiða til að koma til móts við fólk. Árangursríkast í því er að minnka álögur á matvörur. Það leiðir ekki bara til lægra verðs á innfluttar vörur heldur innlendar líka. Við búum við einhverjar dýrustu matvörur í Evrópu og lækkun matvöruverðs myndi draga úr verðbólgu.“

Samtakamátturinn

Þú hefur sagt að félagslegur stöðugleiki sé forsenda efnahagslegs stöðugleika. Geturðu skýrt þetta og hvort þú teljir hættu á félagslegum óstöðugleika?

„Einn helsti styrkleikinn við íslenskt samfélag er sú félagslega samheldni sem við búum að og hún hefur aftur og aftur gert það að verkum að við höfum náð að vinna okkur mjög hratt út úr samdráttarskeiðum, meðal annars með þjóðarsáttinni. Við þurfum núna á þeim samtakamætti að halda og til að halda þessari samstöðu verður auðvitað að passa sérstaklega upp á þá sem verst eru settir. Þeir hafa jú minnst grætt á góðæri síðustu ára og hætt við að þeir fari illa út úr verðbólgu og eins ef hér eykst atvinnuleysi.“

INNKÖLLUN KVÓTA KEMUR TIL ÁLITA

Helgi vill leggja í auðlindasjóð nýtingarétt allra auðlinda og selja svo þennan rétt tímabundið til fyrirtækja. Hann er að tala um að gera hitann, vatnið og fiskinn og fleira að „ævarandi eign Íslendinga“. Hann hefur sagt þennan sjóð vera forsendu þess að ná pólitískri sátt um útleigu virkjananna. En er þetta ekki þvert á móti líklegt til að skapa ósætti, í ljósi andstöðu Sjálfstæðisflokks við sameignarfyrirkomulag, og sérstaklega á fisknum?

„Það er ekki andstaða í Sjálfstæðisflokknum við sameign á orkuauðlindum. Hún er þvert á móti undirstrikuð í nýjum orkulögum. En það er rétt að kvótakerfið hefur verið umdeilt. Ég er ekki að leggja til að kvótinn verði tekinn af sjávarútvegsfyrirtækjunum, en menn gætu tekið ákveðin skref með því að setja inn í auðlindasjóð ókvótasettar tegundir og byggðakvótann. En þessar úthlutanir eru ekki ævarandi og ég held að álit Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, sem við þurfum auðvitað að bregðast við, undirstriki það að einhverskonar innköllun í langri framtíð gæti komið til álita.

En þeir sem eiga kvótann í dag hafa flestir greitt fyrir þann kvóta og þegar við stefnum að stöðugleika er mikilvægt að hrófla ekki við þeim efnahagsforsendum. Þáttur fisksins í þessu er hugsaður til lengri tíma. Það skiptir máli að eftir fimmtíu ár sé kvótinn ekki orðinn eign framandi fjárfesta sem enga hagsmuni eiga á Íslandi, heldur sé sameign okkar formlega.

Auðlindasjóður yrði hluti af þeim trúverðugleika í efnahagsmálum sem við þurfum að efla. Þar værum við að draga fram þær miklu langtímaeignir sem þessi þjóð á. Þegar hann hefur eflst er ekki óeðlilegt að við njótum þess með einhverjum hætti, svo sem til skattalækkana.“

Hvernig metur þú aðgerðir stjórnvalda í þessu ljósi, ef litið er til þess að nýbúið er að hækka laun æðstu embættismanna, útsöluverð raforku og heitavatns?

„Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir mjög mikilvægum áföngum gagnvart öryrkjum og ellilífeyrisþegum síðastliðið ár, sem ég held að séu til fyrirmyndar. En það á við um ríki og sveitarfélög, eins og atvinnulífið, að þar verða menn að gæta þess að sökkva ekki á kaf í vítahring vísitölu- og launahækkana, þar sem verð og laun hækka á víxl og enginn hagnast. Þessar nýkynntu hækkanir undirstrika nauðsyn þess að í samráði atvinnulífs, verkalýðshreyfingar, ríkis og sveitarfélaga nái menn saman um að halda aftur af hækkunum af þessu tagi. Svo þurfum við stjórnmálamenn að sýna gott fordæmi og afnema eftirlaunalögin strax.“

Trúverðugleiki hagstjórnar

Helgi telur mikilvægt að Seðlabanki og ríkisstjórn séu samstiga og hefur lagt til að bankaráðið verði aflagt og að bankastjórn rökstyðji stefnu sína opinberlega.

En er ekki borin von að hróflað verði við Seðlabankanum meðan fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins ræður þar ríkjum?

„Ég er ekki að leggja til að hróflað verði við Davíð Oddssyni. Ég er að undirstrika að það hefur verið óheppilegt hve ólíkar áherslur ríkisins og Seðlabankans hafa verið á síðustu árum og að það sé mikilvægt að bankastjórnin rökstyðji áform sín, því hluti vandans er að markaðurinn hafði ekki trú á því að bankinn myndi halda vöxtum háum svona lengi. Það er áhyggjuefni fyrir alla ef markaðurinn trúir ekki Seðlabankanum þegar hann talar eins skýrt og hann hefur gert, því þá virkar stjórntækið ekki.“

Hvernig telur þú að nýta megi eignir lífeyrissjóðanna til að vinna á núverandi vanda?

„Þegar staða efnahagsmála er í jafn mikilli tvísýnu og nú er og erlendir aðilar forðast fjárfestingar í krónunni er eðlilegt að menn horfi til hinna miklu eigna lífeyrissjóðanna erlendis. Í þeim er fólgið gríðarlegt afl og ég held að það sé mikilvægt að forystan á vinnumarkaði geri grein fyrir því hvernig hún telji að þessu afli verði best beitt. Þarna er um að ræða hundruð milljarða en ég er í prinsippinu þeirrar skoðunar að stjórnmálamenn eigi ekki að ráðskast með sjóðina eða hafa skoðun á því í hverju þeir fjárfesti. Það er eðlilegra að kalla eftir þeirra eigin tillögum.

En ég held að það sé deginum ljósara að á næstunni muni opnast hér gríðarlega margir fjárfestingarkostir. Allir erlendir greinendur eru sammála um að hér séu langtímahorfur mjög góðar og það er einfaldlega þannig að í lausafjárskorti eins og nú er lækkar verð á eignum sem geta verið góðar fjárfestingar. Ég tel að það verði urmull af tækifærum á öllum sviðum.“

Virkjanir og álver

Í greinaskrifum Helga í Morgunblaðið hefur vakið mesta athygli hugmynd hans um að selja virkjanir tímabundið, til að mynda til Alcoa.

En fylgir því ekki áhætta að setja virkjanir ríkisins í hendur álfyrirtækja, jafnvel í áratugi?

„Ég hef ekki lagt til að virkjanirnar yrðu settar í hendur álfyrirtækja. Ég vil setja á leigu rekstur þessara virkjana. Og það þarf ekki að vera til álfyrirtækja, heldur gæti hvaða fyrirtæki sem er fjárfest í þeim.

Öllu fylgir áhætta, en ég held að hún yrði óveruleg. Verið væri að kalla eftir leigugreiðslu fyrirfram, þannig að tekjurnar ættu að vera nokkuð tryggar. Það kunna að vera áhöld um viðhaldsþáttinn á mannvirkjunum en ég tel það ekki skipta sköpum.

Mikilvægast er, eins og forsætisráðherra hefur lýst, að hræringar á alþjóðamarkaði hafa dregið mjög úr gjaldeyrisstreymi til landsins og menn sjá krónuna falla og falla. Þá er mjög mikilvægt að við sköpum í landinu fjárfestingarkosti sem geta dregið hingað fjármagn. Um leið sendum við út skilaboð um að hér sé framþróun og gangur í atvinnulífinu. Einnig fáum við þannig nýja fjárfesta í orkugeirann sem geta hleypt auknum krafti í þessa mikilvægu atvinnugrein.

Nú er sú tilhneiging á mörkuðum að menn leita úr hlutabréfaeign og yfir í vörur, eins og til dæmis ál. Sölusamningar við álfyrirtækin eru í raun samningar um ál þannig að það ætti að vera talsverður áhugi á markaði fyrir slíkum kostum. Við það bætist að söluverð á áli er sögulega hátt, um 2.500 dollarar tonnið, meðan við höfum miðað arðsemisútreikninga okkar við 1.550 dollara. Nú fáum við því ágætar tekjur og ef við seljum þá samninga fjörutíu ár fram í tímann ættum við að fá ágætt verð fyrir það.

Ef fyrir þessu er pólitískur vilji held ég að þetta væri ákvörðun sem gæti skipt umtalsverðu máli. En ég legg áherslu á að Landsvirkjun ætti eftir sem áður nóg af virkjunum til að framleiða fyrir fólkið í landinu og almennt atvinnulíf, því ég held ekki að það sé skynsamlegt að fela þá framleiðslu einkaaðilum. Við eigum eftir sem áður að tryggja heimilunum lágt raforkuverð. En það eru engin sérstök rök fyrir því að ríkið reki orkuframleiðslu fyrir alþjóðleg stórfyrirtæki. Aðrir geta gert það og við þá notað fjármunina til að efla okkar eigin innviði og við þurfum svo sannarlega á því að halda. Ég sé ekki fyrir mér að þessum tekjum yrði eytt heldur yrðu þær hluti af þeim aðgerðum að byggja upp varasjóð í landinu.“

FRÉTTAVIÐTAL
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

LAGERÚTSALA
STÓRKOSTLEG LAGERÚTSALA Á JÓLAVÖRUM, GJAFAVÖRUM, KERTUM, SERVÍETETUM OG FLEIRU.
OPNAR Í DAG FÖSTUDAG Í FAXAFENI 11 (GAMLA LEIKBÆJARHUSINU)
OPIÐ FRA 11-18 ALLA DAGA OG HELGINA LIKA ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR.

EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

Í starfi mínu legg ég megináherslu á heilbrigt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.

Fyrst og fremst í heilsudýnum

Stillanleg rúm með okkar bestu IQ-CARE heilsuydýnu á góðu verði

Scape Wallhugger - Eitt með öllu

- þráðlaus fjarstýring
- sér stilling fyrir höfuðlag
- nudd
- sleði sem leggst upp að vegg
- afar hljóðlátt og þægilegt í notkun

Scape	Verð
120x200	309.900
160x200	479.900
180x200	499.900
KING SIZE	519.900

IQ-CARE ein allra besta heilsudýna í heimi.

Proflex er mest selda stillanlega rúmið hjá okkkur, enda á góðu verði

Proflex	Verð
160x200	279.900
180x200	299.900

6 mánaða
vaxtalausar greiðslur

Stærstu kírópraktorasamtök heims mæla með
Chiropractic®
Amerísku heilsudýnurnar



Ný sending af vinsælu sængurverasettunum.
Ný teppasett.

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI

AKUREYRI

Svefn & heilsa

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

798

K.S FERSKUR LAMBABÓGUR **798 KR./KG.**

1398

KS FERSKUR LAMBAHRYGGUR **1398 KR./KG.**

395

ÍSLANDSFUGL
FROSINN HEILL KJÚKLINGUR
AÐEINS 395 KR./KG.

NÝSLÁTRAÐ KS

20%
AFSLÁTTUR
K.S FERSKT LAMBALÆRI AF NÝSLÁTRUÐU
1154 KR./KG. MERKT VERÐ 1443 KR./KG.

ÍSLENSKT KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

ÍSLANDS GRÍS

30%
AFSLÁTTUR
ÍSLANDSGRÍS SVÍNALUNDIR
1399 KR./KG. MERKT VERÐ 1999 KR./KG.

25%
AFSLÁTTUR
KF KOFAREYKT SVEITABJÚGU
299 KR./KG. MERKT VERÐ 399 KR./KG.

40%
AFSLÁTTUR
SPARIGRÍS BEIKON
998 KR./KG.
MERKT VERÐ 1663 KR./KG.

798

NAUTAAT FERSKT ÍSLENSKT NAUTAHAKK
798 KR./KG.

40%
AFSLÁTTUR
SS FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR
LIFRARPYLSA **419 KR./KG.** MERKT VERÐ 698 KR./KG.
BLÓÐMÖR **383 KR./KG.** MERKT VERÐ 683 KR./KG.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00-19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN

ALI FERSKUR SVÍNABÓGUR **471 KR./KG.**
MERKT VERÐ 554 KR./KG.

ALI FERSKT SVÍNAGÚLLAS
1127 KR./KG. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.

ALI FERSKT SVÍNAHAKK
530 KR./KG. MERKT VERÐ 884 KR./KG.

ALI FERSKAR SVÍNAKÓTILETTUR
1070 KR./KG. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.

ALI FERSKT SVÍNASNITSEL
1127 KR./KG. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.

ÍSLENSKT KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

ÍSLANDSGRÍS HELGARSEIK ÚRBEINUÐ
998 KR./KG. MERKT VERÐ 1663 KR./KG.

BÓNUS FERSKUR HEILL KRYDDAÐUR KJÚKLINGUR
539 KR./KG. MERKT VERÐ 899 KR./KG.

ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
2098 KR./KG. MERKT VERÐ 2997 KR./KG.

KS FERSKUR INNMATUR HJÖRTU OG LIFUR
187 KR./KG. MERKT VERÐ 220 KR./KG.

KS FERSKT LAMBAFILLET
2998 KR./KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00-19.30

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
4.312 **+2,19%**

Fjöldi viðskipta: 385
Velta: 3.610 milljónir

MESTA HÆKKUN

EIK BANKI	+9,38%
SPRON	+6,06%
EXISTA	+4,98%

MESTA LÆKKUN

ALFESCA	-2,21%
EIMSKIPAFÉLAGIÐ	-1,41%
ATL. PETROLEUM	-0,78%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,65 -2,21% ... Atorka 5,68 ++3,27% ... Bakkavör 24,30 +0,62% ... Eimskipafélagið 4,20 -1,41% ... Exista 7,59 +4,98% ... Glitnir 15,85 +2,92% ... Icelandair Group 20,00 -0,50% ... Kaupþing 755,00 +2,17% ... Landsbankinn 23,40 +1,74% ... Marel Food Systems 91,80 -0,22% ... SPRON 3,50 +6,06% ... Straumur-Burðarás 9,33 +2,75% ... Össur 95,60 -0,52%

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR: 178,4 -0,22%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Bjarnarmarkaður að baki

Fjárfestar gera síður ráð fyrir að „bjarnarmarkaði" sé lokið, sagði nýverið Ingimundur Þór Þorsteinsson, formaður Félags virkra fjárfesta, í áður óbirtu spjalli við Markaðinn, vikublað Fréttablaðsins um viðskipti. Talað er um „bjarnarmarkað" þegar lækkanir hlutabréfa eru ráðandi. Spurning er hvort fjárfestar meti stöðuna enn svo, nú þegar útlit er fyrir stórtækar aðgerðir til varnar fjármálalífinu í Bandaríkjunum.

Ingimundur segir jafnframt að þótt staða á markaði kunni að vera torráðin skipti í markaðsviðskiptum ef til vill ekki öllu hvort botni eða toppi sé náð. „Menn beita margvíslegum aðferðum, svo sem með því að fjárfesta í ólíkum geirum og í skemmri tíma sveiflum, jafnvel innan dags," segir hann.

Virkir fjárfestar að störfum

Félag virkra fjárfesta (félagið heldur úti vef á slóðinni virkirfjarfestar.is) hefur nýverið hafið vetrarstarfið, en félagið var stofnað í fyrra. Ingimundur segir megintilganginn að tengja saman fjölbreyttan hóp fjárfesta. Flestir falla þó í flokk smærri fjárfesta, en fjárfestingar félagsmanna geta þó hlaupið frá nokkrum milljónum upp í nokkur hundruð milljónir.

„Við fundum vikulega en fyrst og fremst reynum við að læra hvert af öðru. Svo stöndum við fyrir námskeiðum, svo sem tæknigreiningarnámskeiði í þessum mánuði," segir Ingimundur.

FBI skoðar undirmálslánin:

Fjármálafyrirtæki í rannsókn

EFNAHAGSMÁL Alríkislögregla Bandaríkjanna (FBI) rannsakar nú þau þrjú fyrirtæki sem bandaríska ríkið neyddist til að þjóðnýta fyrr í mánuðinum, AIG, Fannie Mae og Freddie Mac, auk fjárfestingarbankans Lehman Brothers sem varð gjaldþrota. Rannsóknin nær einnig til stjórnenda fyrirtækjanna, en talið er að hún lúti að markaðssetningu undirmálslána og þeim tengda skuldvafninga.

Alríkislögreglan verst frétta en segir að 26 fyrirtæki séu til rannsóknar vegna gruns um svik tengd undirmálslánum. Í síðustu viku sagði hún að 24 fyrirtæki væru til rannsóknar. - msh

Viðræður halda áfram

Samrunaviðræður Byrs sparisjóðs og Glitnis halda áfram af fullum krafti, að sögn Jóns Þorsteins Jónssonar, stjórnarformanns Byrs.

„Annars er lítið annað um þær að segja," bætir Jón Þorsteinn við. „Við fengum erindi frá Glitni síðastliðinn föstudag og héldum svo símafund í stjórn Byrs á laugardegi þar sem ákveðið var að fara í viðræðurnar." Á hefðbundnum stjórnarfundi Byrs á miðvikudag var svo fjallað nánar um viðræðurnar auk annarra mála, segir hann. Ekki hefur verið gefið upp hversu langan tíma Byr og Glitnir gefi sér í viðræðurnar. „Við höfum sagst ætla að vinna þetta hratt og stöndum við það," segir Jón Þorsteinn. - óká

Ekki brugðist við gjaldeyrisskorti hér

SIGURJÓN Þ. ÁRNASON

„Seðlabankinn hefur ekki dælt gjaldeyri inn á okkar markað eins og gert var í Noregi," segir Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, og bendir á að þak bankans á samningsupphæðir í framvirkum gjaldeyrissamningum sé eðlileg þróun í ljósi aðstæðna.

Hann vísar til þess að skortur á erlendum gjaldeyri sé alþjóðlegt vandamál og millibankamarkaður sé næsta óstarfhæfur um heim allan. Svo mikill var skorturinn í Noregi á dögunum að norski seðlabankinn greip til aðgerða strax sama dag.

Nú síðast gerði bandarískí seðlabankinn gjaldeyrisskiptasamning við þrjá norræna seðlabanka. Eins og kunnugt er var Seðlabanki Íslands ekki aðili að samningnum.

„Gjaldeyrisskorturinn hefur varað lengi. Við erum bara orðin vön þessu. En það er ekki gott," segir Sigurjón.

Hann bendir á að bankarnir hafi á árum áður næsta ekkert þak haft á framvirku samningunum en lækkað það smám saman, þar á meðal Landsbankinn, sem hafi fært það niður úr 300 milljónum króna í 100. „Ef einhver vill gera stóra samninga þá þarf bankinn að gera mótsamning. Þegar skortur er á gjaldeyri í kerfinu þá verður að fara varlega og koma í veg fyrir að eitthvað geti valdið því að menn missi gjaldeyri frá sér." - jab

Horfa til lántöku vestra

Fyrir viku, sama dag og Seðlabanki Bandaríkjanna tilkynnti um gjaldeyrisskiptasamninga við seðlabanka Kanada, Evrópu, Japan, Sviss og Englands sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri í viðtali við Kristján Má Unnarson á Stöð 2 að Seðlabankinn myndi líta til Bandaríkjanna, en þá með lántöku í huga.

„Það er enginn vafi á því að áform eru um það að skoða stöðuna á Bandaríkjamarkaði, sem við höfum ætlað okkur að gera með haustinu," sagði Davíð, en minnti á að ástandið í Bandaríkjunum væri í miklu uppnámi, og að Seðlabankinn myndi því fara sér hægt og bíða eftir því að markaðir þar hefðu „hrist af sér mesta patið og mestu taugaveiklunina". - msh

Góð símavarsla - traust ímynd

Námskeið í símavörslu og samskiptum verður haldið 1. og 2. október frá kl. 9:00 til 12:30 báða dagana

Símsvörun hefur mikið að segja fyrir þjónustugæði stofnana og fyrirtækja.

Þátttakendur öðlast leikni á sviði samskipta og upplýsingamiðlunar og kunnáttu á nauðsynlegum vinnuferlum til góðrar símsvörunar.

Skráning á Impru **www.impra.is/namskeid** og í síma **522 9000**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

Seðlabankar mega ekki sitja með hendur í skauti

Efnahagsmálaráðgjafi ríkisstjórnarinnar segir lánalínur á borð við þær sem seðlabankar Norðurlandanna sömdu um við Seðlabanka Bandaríkjanna óþarfar hér. Engar upplýsingar hafa fengist frá seðlabönkum Bandaríkjanna og Norðurlandanna um aðdraganda samninganna.

SEÐLABANKASTJÓRN Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, seðlabankastjórarnir Ingimundur Friðriksson, Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það sem seðlabankar Norðurlandanna sömdu um við Seðlabanka Bandaríkjanna voru lausafjárlínur til að koma gjaldeyrismarkaði í þessum löndum af stað. Seðlabanki Íslands hefur hins vegar verið að leita að lánum til lengri tíma, til að styrkja gjaldeyrisvarasjóðinn, svo að hann geti starfað sem lánveitandi til þrautavara," segir Tryggvi Þór Herbertsson, efnahagsmálaráðgjafi ríkisstjórnarinnar. „Aðalatriðið er að þetta er ekki það sem við höfum verið að sækjast eftir," bætir hann við.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir hins vegar áhyggjuefni ef stjórnvöld telja að samningar um lausafjárlínur séu ekki úrræði fyrir Ísland við þær aðstæður sem við búum nú við á mörkuðum. Ásgeir Jónsson, hjá greiningardeild Kaupþings, tekur í sama streng. „Uppbygging gjaldeyrisvarasjóðsins er verkefni til langs tíma, það er hins vegar töluverð gjaldeyrisþurrð á markaðnum og gengið í sögulegu lágmarki. Samningur sem þessi myndi bæta þar úr og auka tiltrú á íslenskt fjármálalíf og krónuna."

Engar upplýsingar hafa fengist frá Seðlabanka Íslands um ástæðu þess að hann var ekki aðili að samningum Norðurlandanna við Seðlabanka Bandaríkjanna, en heimildarmenn Markaðarins segja að það ætti varla neitt að standa í vegi þess að Seðlabanki Íslands fengi að vera með í samningi sem þessum. „Seðlabanki er sjálfstæð stofnun og í því sjálfstæði felst, að hann ákveður, hvort hann svari spurningum fréttamanna eða ekki," segir Björn Bjarnason, starfandi forsætisráðherra, um ákvörðun Seðlabanka Íslands að tjá sig ekki um samning norrænu seðlabankanna og þess bandaríska.

Engar upplýsingar hafa fengist frá seðlabönkum Norðurlandanna og Bandaríkjanna um aðdraganda gjaldeyrisskiptasamningsins, en í ræðu sem seðlabankastjóri Danmerkur, Nils Bernstein, flutti á fimmtudag skýrði hann ákvörðun Seðlabanka Bandaríkjanna með því að millibankamarkaðir með dollara hefðu þornað upp.

Bernstein minnti um leið á að fjöldi danskra banka hefði lent í vandræðum vegna skorts á aðgengi að lausafé og lagði áherslu á að ástandið nú væri með þeim hætti að Seðlabankar mættu ekki sitja með hendur í skauti. „Afstaða seðlabankans er skýr: Við munum beita öllum tækjum sem við eigum tiltæk, svo tryggja megi að fjármálakerfið virki og að traustar fjármálastofnanir reki ekki í lausafjárþurrð. Gildir þá einu hvort það þýði að við göngum lengra en við myndum gera í eðlilegu árferði."

Edda Rós segir vitanlega um skammtímaúrræði að ræða. „Eins og nú er ástatt þarf íslenskur markaður ekki minni stuðning en markaðir í löndunum í kringum okkur. Ég mæli því eindregið með því að Seðlabanki Íslands opni fleiri glugga, og hugsi ekki bara í einhverjum hólfum. Við þurfum að horfa til allra átta og efla viðbúnað á öllum sviðum líkt og löndin í kringum okkur eru að gera."

msh@markadurinn.is

Pundið of dýrt fyrir breska banka

Prófessor við LSE líkir stöðu Englands við aðstæður í fjármálalífi hér á landi.

Of dýrt er fyrir fjármálalíf Englands að búa við enska pundið, að sögn Willems Buiter, prófessors í stjórnmálahagfræði við London School of Economics og fyrrverandi aðalhagfræðings Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu. Hann lýsir þessari skoðun í grein í Financial Times síðsta þriðjudag og líkir stöðu Englands við þá sem íslenskt fjármálalíf býr við.

„Bretland er mun líkara Íslandi en Bandaríkjunum og evrusvæðinu þegar við lítum á umfang fjármálakerfisins," segir Buiter, sem efast um getu Englandsbanka til að veita enska bankakerfinu nægilegt bakland.

Buiter segir að við núverandi aðstæður, þegar fjármálakerfi heimsins hafi frosið, velti afdrif bankanna og fjármálakerfisins alls á styrk gjaldeyrisvarasjóðs seðlabankans og getu hans sem lánveitanda til þrautavara. „Í besta falli fylgir þrautavaraþjónustu Englandsbanka kostnaður sem grefur undan samkeppnishæfni ensks fjármálalífs." Minnki tiltrú á fjármálastefnu ríkisins segir Buiter Englandsbanka hins vegar ekki geta varið fjármálalífið.

STERLINGSPUND Virtur professor við London Shool of Economics segir sjálfstæða mynt Breta rýra getu seðlabanka landsins sem lánveitanda til þrautavara.

„Við þessar aðstæður eru aðeins þrjár leiðir færar. Sú fyrsta er að skrúfa niður alþjóðleg umsvif enska fjármálalífsins. Önnur er að gerast fimmtugasta og fyrsta ríki Bandaríkjanna. Sú þriðja er að taka upp evruna," sem Buiter telur einu skynsamlegu leiðina í stöðunni. - msh

til afgreiðslu af lager

Innréttingar í öll herbergi hússins

30% afsláttur á eldhúsum!

- glæsileg og vönduð vara

eitt hagstæðasta verð á markaðnum

ELDHÚS

Innifalið í öllum innréttingum BLUM *mjúk-lokun á skúffum og skápahurðum*

Verð kr. 765.680.- Verð með afslætti kr. *535.900.-* stgr.



til afgreiðslu af lager

Verð kr. 877.540.- Verð með afslætti kr. *614.300.-* stgr.

Verð kr. 279.850.- Verð með afslætti kr. *195.800.-*

Verð kr. 323.180.- Verð með afslætti kr. *226.800.-*

FATASKÁPAR

35% afsláttur á fataskápum!

Fataskápar í breiddum: 40, 50, 80 og 100 sm | hæð 240 sm

Verð frá 29.300,- stgr.

ÞVOTTAHÚS innréttingar

Verð frá 59.900,- stgr.

kynntu þér úrvalið á **www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Betri kaup

Kjúklingalundir

Folalda fille

Folalda lundir

Folalda innralæri

SS kjötfars

Svínakótilettur í raspi

Svínasnitsel í raspi

Vínarbrauðslengja
- nýbakað

Engjabrauð
- nýbakað

Pizza baguette
- nýbakað

Gildir til 28. september eða á meðan birgðir endast.

í Hagkaup

OPIÐ til 20 alla daga

Folalda snitsel

Folalda gúllas

Lífrænt ræktað íslenskt grænmeti
frá Hólabrekku

HÓLABREKKU AFURÐIR

Gulrófur | Kartöflur | Grænkál | Spergilkál | Klettasalat

Lay´s Sensations snakk
- 2 tegundir

Oh Yeah orkubarir
- fullkominn biti á milli mála

Enginn hvítur sykur eða sætuefni!

Kea skyrdrykkur
- 3 tegundir með agavesafa

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

skoðun

greinar@frettabladid.is

Gagnleg ferð til Brussel:

Hvað næst?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Evrópunefnd ríkisstjórnarinnar er skipuð áhrifaríku fólki bæði úr stjórnmálum og atvinnulífi. Eigi að síður er hún undirnefnd í stjórnkerfinu. Í því ljósi er einkar athyglisvert að þrír menn úr framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skuli taka á móti nefndinni nú í vikunni í Brussel. Það er mjög skýr vísbending um að þar á bæ er Evrópuumræðan hér tekin alvarlega.

Eftir að ríkisstjórnin, að frumkvæði forsætisráðherra, fól nefndinni að kanna hvort mögulegt væri að Ísland yrði aðili að Evrópska myntbandalaginu án aðildar að Evrópusambandinu varð það mál eðlilega að eins konar lykilatriði í erindum hennar til höfuðstöðvanna. Neikvætt svar framkvæmdastjórnarinnar kom hins vegar ekki á óvart. Við svo búið er rétt að spyrja: Hvað næst?

Einhverjir vilja halda því fram að allt hafi þetta verið hugsað sem tafaleikur Evrópusambandsandstæðinga. Slíkt mat er fremur byggt á getgátum en rökum. Nærtækara er að líta svo á að í ákvörðun forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar hafi falist ærleg en varfærnisleg nálgun á endurmati á íslenskum langtímahagsmunum í ljósi nýrra aðstæðna. Alltént voru opnaðar dyr sem stjórnarsáttmálinn gerði ekki ráð fyrir. Í því ljósi er skynsamlegt að skoða hver næstu skref geti verið.

Einn kostur er vitaskuld sá að láta reyna á málið með formlegum hætti gagnvart ráðherraráðinu þrátt fyrir neikvætt svar framkvæmdastjórnarinnar. Ríkisstjórnin þarf annaðhvort að taka þann kost eða ýta málinu út af borðinu. För nefndarinnar til Brussel hefur fært málið á það stig að spurningin getur ekki lengur hangið í lausu lofti yfir ríkisstjórnarborðinu.

Fari svo að myntbandalagskostinum verði vikið til hliðar er frekari og dýpri Evrópusambandsumræða óhjákvæmileg. Í raun er Framsóknarflokkurinn eini flokkurinn sem í svolitlum mæli hefur undirbúið að færa umræðuna á það stig. Þetta gerði flokkurinn með skýrslu um hver hugsanleg samningsmarkmið gætu verið. Fordæmi Framsóknarflokksins sýnir að slíka umræðu er unnt að taka án þess að menn hafi fyrirfram tekið afstöðu um hvað gera skuli.

Reyndar er þetta fordæmi ekki bara um það hvað unnt er að gera. Miklu fremur sýnir það hvað nauðsynlegt er að gera áður en endanleg ákvörðun er tekin. Óhætt er að líta svo á að almennt hafi menn meiri trú á evru sem framtíðarmynt en krónu. Meiri efasemdir eru um nokkur önnur atriði sem lúta að hagsmunum sjávarútvegsins. Þá blasir við að kafa dýpra ofan í þau álitamál.

Stór spurning er til að mynda hvort Norður-Atlantshafið getur verið sérstakt stjórnunarsvæði innan sameiginlegu fiskveiðistefnunnar eins og nyrstu landbúnaðarhéruðin. Því hreyfði fyrrum utanríkisráðherra í ræðu í Þýskalandi fyrir nokkrum árum. Ástæða er til að ætla að þáverandi stjórnvöld þar í landi hafi óformlega ekki lokað á þá hugmynd. Opinbert er að fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar lýsti yfir stuðningi við hugmyndina í yfirlýsingu formanna jafnaðarmannaflokka á Norðurlöndum í Viðey 2004. Það var eftir samráð við framkvæmdastjórnina.

Önnur spurning lýtur að frjálsri fjárfestingu. Standa rök til þess að halda undanþáguákvæði EES-samningsins þar um tímabundið meðan útvegur annarra aðildarríkja nýtur styrkja? Það álitamál snýst um jafna samkeppnisstöðu.

Næsta skref er að glíma við spurningar af þessu tagi með efnislegri skoðun og málefnalegum umræðum en ekki slagorðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Á toppnum

Geir H. Haarde forsætisráðherra er staddur á þingi Sameinuðu þjóðanna í New York. Undir venjulegum kringumstæðum myndi Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, hlaupa í skarðið fyrir Geir. Hún er hins vegar í Frakklandi og er Björn Bjarnason því starfandi forsætisráðherra. Ekki er nóg með það heldur er Ólafur Ragnar Grímsson, forseti lýðveldisins, líka á ferðalagi erlendis. Björn er því að líkindum einn af þremur handhöfum forsetavalds. Björn er því mögulega á hátindi pólitískra valda sinna.

Ferskir

Svokölluð „næntís-kvöld" njóta mikilla vinsælda um þessar mundir en á slíkum skemmtunum svífur andi tíunda áratugarins yfir vötnum. Nú hafa þeir Andrés blaðamaður og Hallur framsóknarmaður Magnússynir leitt saman hesta sína og eru í óðaönn að kynda undir næsta „næntísteiti". Staður og stund hefur ekki verið auglýst en eftir því sem næst verður komist er þemað formannsslagur Sjálfstæðisflokksins árið 1991. Hallur mætir með gleraugu, Andrés með krullur.

Aflvana

Ástandið í Frjálslynda flokknum er óneitanlega skrýtið og virðist hver höndin vera upp á móti annarri. Guðrún Þóra Hjaltadóttir, miðstjórnarmaður í flokknum, skrifaði grein í Morgunblaðið í gær þar sem hún kennir Kristni H. Gunnarssyni um öll vandræðin. Hann hafi ægivald yfir flokknum og tukti flokksgæðingana eins og ótínda götustráka. Guðrún Þóra gekk til liðs við Frjálslynda þegar þeir rugluðu saman reytum við Nýtt afl. Ef fer sem horfir verður þess líklega ekki langt að bíða að Frjálslyndi flokkurinn verði ónýtt afl.

bergsteinn@frettabladid.is

SPOTTIÐ

Á að fjármagna skólastarf með lánsfé?

UMRÆÐAN

Hjalti Þór Vignisson skrifar um fjármál sveitarfélaga

HJALTI ÞÓR VIGNISSON

Á síðustu árum hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga staðið undir meira en þriðjungi skatttekna sveitarfélagsins Hornafjarðar. Undanfarin tvö ár hefur ríkið beitt sér fyrir því að efla sjóðinn og framlög úr honum hafa ásamt aðhaldi í rekstri sveitarfélagsins leitt til þess að skuldir sveitarsjóðs hafa lækkað umtalsvert. Þær nema nú innan við helmingi af árlegum tekjum hans. Mikilvægi Jöfnunarsjóðs fyrir sveitarfélag eins og Hornafjörð er því hafið yfir allan vafa.

Án Jöfnunarsjóðs er hætta á að þau sveitarfélög sem staðið hafa höllum fæti þurfi að fjármagna lögbundna grunnþjónustu á borð við leik- og grunnskóla með lánum. Eins og nú háttar til á lánamörkuðum innanlands og utan eru möguleikarnir ekki margir og kjörin sem bjóðast óhagstæð. Lántaka við núverandi aðstæður myndi aðeins leiða til vítahrings sem örðugt yrði að brjótast út úr.

Það er því full ástæða til að taka undir efnisatriði yfirlýsingar sem stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti nýverið, þar sem lögð var áhersla á að leiða til lykta samningaviðræður við ríkið um fjármál sveitarfélaga. Yfirlýsingin var send til sveitarstjórnarmanna, þingmanna og fjölmiðla. Í henni er m.a. lögð áhersla á að 1.400 milljóna króna aukaframlag til sveitarfélaga utan vaxtarsvæða verði áfram greitt í Jöfnunarsjóð eins og undanfarin ár. Ef rétt er á málum haldið á Jöfnunarsjóður sveitarfélaga að geta orðið eitt besta tæki stjórnvalda til jöfnunar á lífsskilyrðum og tækifærum í landinu.

Sveitarfélagið Hornafjörður teygir sig yfir meira en 200 km eftir hringveginum; frá Hvalnesskriðum í Lóni og vestur fyrir Gígjukvísl á Skeiðarársandi. Á þessu stóra svæði búa 2.200 manns, þar af um 1.650 á Höfn. Fjarlægð Hafnar í Hornafirði frá öðrum stórum byggðakjörnum kallar á öfluga og víðtæka þjónustu sveitarfélagsins við íbúa þess. Í raun má segja að samfélagið í sveitarfélaginu verði að vera sjálfu sér nægt um flesta hluti. Þetta hefur gengið eftir, en til að tryggja samkeppnisstöðu svæðisins gagnvart öðrum landshlutum þarf að halda vel á spilum og fjármunum. Hornafjörður leggur áherslu á að ríkisstjórnin komi myndarlega að eflingu Jöfnunarsjóðs. Aðgerðaleysi á þeim vettvangi er bein ávísun á ójöfn lífsgæði. Mörg sveitarfélög myndu ekki hafa burði til að veita þjónustu sem nútíminn krefst.

Það gefur auga leið að Jöfnunarsjóður skiptir mjög miklu máli fyrir Hornafjörð. Til að sinna verkefnum sínum í víðfeðmu og strjálbýlu sveitarfélagi þarf aðra tekjustofna en fasteignagjöld og útsvar. Þjóðarsál Íslendinga endurspeglast í þeirri grundvallarkröfu að allir landsmenn njóti sömu tækifæra hlutdeildar í lífsgæðum nútímans án tillits til búsetu. Að sveigja af þeirri leið árið 2008 væri stórt skref aftur á bak.

Höfundur er bæjarstjóri sveitarfélagsins Hornafjarðar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

LAMBAKJOT.IS

„... en það er bara svo gaman að sjúga svona núðlur - get bara ekki hætt ...“

SNILLDARBRAGÐ grallarans

Kínverskar lambakjötsnúðlur

300 g eggjanúðlur • 4 - 500 g meyrt lamba- eða kindakjöt • 2 msk olía • 1 lítill rauðlaukur, saxaður 2 - 3 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt • 1 msk ferskur engifer, saxaður smátt • 1 lítið rautt chili-aldin, fræhreinsað og skorið í þunnar sneiðar • 1 msk rautt karrímauk (red curry paste) • 150 g sykurbaunir (snjóbaunir) • 1 - 2 gulrætur, skornar í mjóar ræmur • 150 ml vatn • 1 tsk sykur • safi úr 1 límónu

Eldið núðlur samkvæmt leiðbeiningum. Skerið kjötið í mjög þunnar sneiðar þvert á vöðvaþræðina. Hitið 1 msk af olíu vel á wokpönnu eða þykkbotna pönnu og snöggsteikið við háan hita. Steikið í nokkrum skömmtum og takið svo af með gataspaða þegar það hefur tekið lit á báðum hliðum. Setjið afganginn af olíunni á pönnuna og steikið rauðlauk, hvítlauk, engifer og chili í 1 - 2 mínútur. Setjið kjötið aftur á pönnuna, ásamt karrímauki, snjóbaunum og gulrótum. Hellið vatninu yfir og sjóðið í 2 - 3 mínútur. Bragðbætið með sykri og límónusafa. Látið renna af núðlunum í sigti og setjið þær á pönnuna og steikið í 1 - 2 mínútur til viðbótar. Fljótlegt og ljúffengt - verði ykkur að góðu!

10 - 15 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA EINFALT

H:N markaðssamskipti / SÍA

†

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Friðriks Ketilssonar
Rauðumýri 10, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á lyflækningadeild Sjúkrahússins á Akureyri og starfsfólki Heimahlynningar á Akureyri fyrir einstaka umönnun og hlýju. Guð blessi ykkur öll.

Laufey Bergrós Árnadóttir
Júlíus Fossberg Friðriksson
Árni Ketill Friðriksson **Gígja Hansen**
Arnar Magnús Friðriksson
afabörnin og langafabörnin.

†

Elskuleg móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Bergþóra Þorbergsdóttir
Garðvangi, Garði (áður Nónvörðu 11, Keflavík),

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 22. september sl. Útför hennar verður gerð frá Útskálakirkju laugardaginn 27. september kl. 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Félag aðstandenda Alzheimersjúklinga á Suðurnesjum (reikn. 1109-05-412298 kt. 580690-2389).

Guðmundur Jóelsson **Anna Margrét Gunnarsdóttir**
Axel Jónsson **Þórunn Halldórsdóttir**
Vignir Jónsson **Marteinn Tryggvason**
Þorsteinn Jónsson **Katrín Hafsteinsdóttir**
Íris Jónsdóttir **Gylfi Kristinsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær sonur minn, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

Rafn Hafsteinn Skúlason
lögfræðingur,

lést af slysförum sunnudaginn 21. september.

Fyrir hönd aðstandenda,

Aðalbjörg Jónsdóttir, Hlynur Loki Laufeyjarson, Fjölvar Darri Rafnsson, Örvar Þorri Rafnsson, Skorri Rafn Rafnsson.

†

Kær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Jósef Halldór Þorgeirsson
Espigrund 4, Akranesi,

andaðist þriðjudaginn 23. september. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 2. október kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkað.

Þóra Björk Kristinsdóttir
Þorgeir Jósefsson **Pálína Ásgeirsdóttir**
Benjamín Jósefsson
Ellert Kristinn Jósefsson
og afabörn.

†

Frændi minn,

Ólafur Ingibergsson
Kallebaxks, Gautaborg,

lést þriðjudaginn 23. september.

Fyrir hönd aðstandenda,

Ásdís Björgvinsdóttir.

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Guðmundsdóttir
kennari, Efstalandi 20, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli fimmtudaginn 25. september. Útförin verður auglýst síðar.

Sigurbjörg Jónsdóttir **Rafn Haraldsson**
Guðmundur Jónsson **Sæunn Kjartansdóttir**
Jónína Margrét Jónsdóttir
Bjarni Jónsson **Kolbrún Björnsdóttir**
Snjáfríður Jónsdóttir
Sólrún Björg Kristinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Einars J. Egilssonar
Vogatungu 103, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar 1 á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi. Guð blessi ykkur öll.

Ásgerður Ólafsdóttir
Ásdís Einarsdóttir
Þórunn Einarsdóttir **Erling J. Sigurðarson**
Sigurður Egill Einarsson **Elva Stefánsdóttir**
Birgir Einarsson **Fanney Sigurðardóttir**
Egill Einarsson **Berglind Tulinius**
afabörn og langafabörn.

†

Bestu þakkir fyrir hlýjan hug og samúð við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

Ólafar Helgadóttur
Kríuási 7, Hafnarfirði.

Starfsfólki krabbameinsdeildar Landspítalans og Líknardeildarinnar í Kópavogi þökkum við sérstaklega fyrir góða umönnun.

Örn Friðriksson
Róbert Þ. Gunnarsson **Hildur Kristjánsdóttir**
Guðrún Valdís Arnardóttir **Gunnar Svavarsson**
Tinna Arnardóttir **Árni Þór Hlynsson**
barnabörn.

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðfinnu Ólafsdóttur
ljósmóður frá Tungu í Fljótshlíð,

sem jarðsungin var frá Breiðabólstaðarkirkju þann 6. september síðastliðinn.

Oddgeir Guðjónsson
Guðlaug Oddgeirsdóttir **Sigurður Sigurðsson**
Ólafur Sv. Oddgeirsson **Fiona MacTavish**
barnabörn og langömmubörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,

Þorlákur Sævar Halldórsson
barnalæknir

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju fimmtudaginn 2. október kl. 13.00.

Sigrún Erla Skúladóttir
Dóra Soffía Þorláksdóttir
Linda Sif Þorláksdóttir
og barnabörn.

BRESKA LEIK- OG SÖNGKONAN OLIVIA NEWTON-JOHN ER SEXTUG Í DAG.

„Minningar mínar geymi ég innra með mér. Þær tengjast ekki hlutum né stöðum. Ég get tekið þær með mér hvert sem er.“

Olivia Newton-John er hvað þekktust fyrir leik sinn í dans- og söngvamyndinni Grease þar sem hún lék Sandy á móti John Travolta.

tímamót

timamot@frettabladid.is

Sólveig Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Reykvíska eldhússins, t.h., ásamt Unni Maríu Bergsveinsdóttur, framkvæmdastjóra Af hlaðborði aldarinnar, fyrir utan Iðnó þar sem ráðstefnan fer fram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MATUR SAGA MENNING: HELDUR RÁÐSTEFNU

Hitamælir á samfélagið

Ráðstefnan Af hlaðborði aldarinnar: Áfangar og áræðni í íslenskri matarmenningu verður haldin í Iðnó á morgun en þar verður fjallað um strauma og stefnur í matarmenningu 20. aldar. Matarmenning á tímum hafta og skömmtunar og djarfar tilraunir til að víkja frá hefðbundnum matreiðslumáta er meðal umfjöllunarefna. Að ráðstefnu lokinni verður efnt til hátíðarkvöldverðar þar sem boðið verður upp á sýnishorn af hátíðarréttum liðinnar aldar.

Ráðstefnan, sem er haldin í samstarfi við Sagnfræðingafélag Íslands og Reykjavíkurakademíuna, er hluti af sýningunni Reykvíska eldhúsið – matur og mannlíf í hundrað ár sem félagið Matur – saga – menning stendur fyrir og verður opnuð í Aðalstræti 10 í dag. Þar er matarsagan rakin í máli, myndum og innsetningum. Meðal annars má fræðast um þau sex kíló af rúgbrauði sem fjögurra manna fjölskylda borðaði um aldamótin 1900, þau 1,4 kíló af sælgæti sem hún borðaði árið 2000 og fyrstu pitsuna svo eitthvað sé nefnt.

„Ég hef þó ekki enn fundið þann sem fyrstur bauð upp á tófu og auglýsi hér með eftir honum,“ segir Sólveig Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri sýningarinnar. Að hennar sögn kom á óvart hversu mikla frumheimildavinnu þurfti að gera í tengslum við sýninguna. „Við fengum Miðstöð munnlegrar sögu til liðs við okkur. Brynhildur Sveinsdóttir þjóðfræðingur talaði við þá sem búa til mat og borða hann. Þá studdumst við við handskrifaðar matreiðslubækur og annað grúsk.“

Sólveig segir ljóst að miklar breytingar hafi orðið á matarvenjum Íslendinga á öldinni en margt fari í hring. Þá segir hún áfanga í matarsögunni gjarnan tengjast utanaðkomandi áhrifum eins og styrjöldum og ríkjandi þjóðfélagsástandi. „Matarmenningin er besti hitamælirinn á samfélagið. Eftir mikið velmegunarskeið undanfarið má nú heyra hvernig krepputalið kemur inn í matarumræðuna. Fólk er aftur farið að taka slátur og búa til kæfu.“

Sýningin í Aðalstræti stendur næstu tvo mánuði. Á hverju fimmtudagskvöldi mun Sólveig standa fyrir þematengdri leiðsögn þar sem gælt verður við bragðlauka gesta. „Þegar líða fer að jólum ætla ég til dæmis að baka upp úr misskilningi, mistökum og þýðingarvillum eins og þegar norska kúrenukökuuppskriftin varð að kóríanderkökum á íslensku.“

vera@frettabladid.is

Legsteinar
í **miklu** úrvali

REIN
Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is

HEITU POTTARNIR í Laugardalslaug svíkja engan. Þangað væri sniðugt að skella sér um helgina, taka góðan sundsprett og slappa svo af í pottunum eða taka bara forskot á sæluna og fara beinustu leið í þá. Nánari upplýsingar um afgreiðslutíma Laugardalslaugar er að finna á vef Reykjavíkurborgar, www.rvk.is.

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Banfi kvöldverður

26. september - 15. október

26. september er á ný boðið upp á Banfi kvöldverð í Perlunni, þar sem andi Toscana héraðsins á Ítalíu svífur yfir vötnum. Á föstudögum og laugardögum spilar Jazztríó Björns Thoroddsen.

Aðeins 3 vikur!

Parmaskinka
með fíkjusalati og balsamico

Tígrisrækjur og smokkfiskur
á pappardelle pasta í tómat-basilsósu

Kálfahryggur á beini
með grilluðu grænmeti, kartöflumauki og madeirasósu

Sítrónugrass–kókoshneta og vanillu panna cotta
með kirsuberjaís og ávöxtum í chili-sírópi

6.590 kr.

Með 4 glösum af víni: 10.490 kr.

Villibráðarhlaðborð hefst 16. október.
Jólahlaðborð hefst 20. nóvember.

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot

Aðalheiður Ásta Jakobsdóttir hefur yndi af gómsætum hollusturéttum og prófar sig óspart áfram með girnilegri útkomu og uppskeru úr lífrænum matjurtagarði Sunnu á Sólheimum í Grímsnesi. MYND/SUNNLENSKA FRÉTTABLAÐIÐ

Lífrænn vellíðunarmatur

Hnúðkál er eitt af því mest spennandi sem upp úr matjurtagörðum hefur komið á landi elds og ísa en það má nota í nánast hvað sem er og allt jafn ómótstæðilegt; súpur, snakk, heita rétti og bakstur.

„Mér finnst hnúðkál svo skemmtilegt og fallegt, en það hefur verið dálítið út undan í matseld Íslendinga því okkur hefur skort kunnáttu til að matreiða það," segir ástríðukokkurinn Aðalheiður Ásta Jakobsdóttir þar sem hún gengur um frjósaman matjurtagarð Sólheima í Grímsnesi.

„Ég kynntist hnúðkáli sem sælkerahráefni í höndum vinkonu minnar frá Póllandi sem starfar hér á Sólheimum sem kokkur. Í hennar föðurlandi er hnúðkál vinsælt í hvers konar rétti, súpur og bakstur. Bragðið minnir svolítið á rófu en er léttara undir tönn og afar ljúffengt rifið út í salat eða sem stönglar á snakkbakka," segir Ásta, sem eftir gott sumar og uppskeru hefur verið að prófa sig áfram með hnúðkál.

„Grænmeti hefur svo fjölbreytta notkunarmöguleika og gaman að prófa sig áfram. Ég er hrifin af afríska eldhúsinu og set stundum afríska bragðblæ á það sem ég elda, en rétturinn sem ég útbjó úr hnúðkálinu er ýmist fullkominn hádegismatur um helgi eða léttur kvöldmatur. Þetta er seðjandi réttur og borinn fram sem heil

máltíð, en léttur í maga eins og flestur lífrænn vellíðunarmatur," segir Ásta, sem kýs að nota lífrænt ræktað grænmeti í sína matreiðslu enda hæg heimatökin með Garðyrkjustöðina Sunnu í túnfæti Sólheima.

„Mitt mottó er að nota lífrænt því mér finnst heildarmyndin skipta máli fyrir jörðina okkar. Ég vil hafa mat hollan og sem hreinastan, úr hráefni sem kostar sem allra minnst rask fyrir jörðina og er laus við eiturefni, hormóna, stera eða annað skaðlegt og eyðileggjandi fyrir heilsu manna og móður jarðar."

Sjá uppskrift Aðalheiðar á næstu blaðsíðu.

thordis@frettabladid.is

MATUR

MATARGERÐ FYRIR KARLMENN er grunnnámskeið í eldamennsku fyrir karlmenn, þar sem lögð er áhersla á litlar og einfaldar uppskriftir. Námskeiðið er tveggja vikna langt, átta kennslustundir, og hefst 23. október. Allar nánari upplýsingar á vefsíðu Kvöldskóla Kópavogs, kvoldskoli.kopavogur.is.

Eldar af mikilli ástríðu

Á veitingastaðnum Kryddlegnum hjörtum eldar Íris Hera Norðfjörð með hjartanu. Hún nýtir alla þá þekkingu sem hún hefur viðað að sér í eldamennskuna til að gera hana eins heilnæma og kostur er.

Íris Hera Norðfjörð opnaði veitingastaðinn Kryddlegin hjörtu á Skúlagötu fyrir skömmu. Heiti staðarins er fengið frá samnefndri bók og bíómynd Lauru Esquivel sem eru í miklu uppáhaldi hjá Írisi. Þar notar aðalsögupersónan sköpunargáfuna til að erta bragðlauka fjölskyldu sinnar en sams konar matarástríða drífur Írisi Heru áfram.

„Ég hef eldað frá því ég var barn og alltaf treyst á tilfinninguna. Ég set hjartað í matinn og er hann ólíkur eftir því hvernig stendur á.“ Veitingastaðurinn er fyrst og fremst hádegisverðarstaður og býður Íris upp á alls kyns súpur og salöt. Hún er þó einnig með opið um helgar og býður þá upp á kjöt og fisk.

„Ég nota eingöngu lífrænt ræktað hráefni og hugsa mikið um gæði. Ég held því fram að lífrænt grænmeti hafi áru eins og fólk. Fólk sem sér árur greinir mun á því hvort grænmeti hafi verið meðhöndlað með góðum hætti eða ekki og meðhöndlunin skilar sér út í bragðið.“

Íris Hera hyggst brjóta matseðilinn upp með ýmsum hætti og fá fólk af ólíku þjóðerni til að elda með sér. „Síðan langar mig að bjóða upp á sjávarréttasúpur í tengslum við sjávarútvegssýninguna í byrjun október svo eitthvað sé nefnt.“

Íris Hera ætlar að brjóta upp matseðilinn með þemavikum og fá fólk af ólíku þjóðerni til að elda með sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íris Hera fjárfesti í góðu hljómflutningskerfi sem gefur möguleika á hinum ýmsu uppákomum á staðnum en hann er í alla staði vel búinn. „Ég vildi hafa staðinn notalegan og er hann prýddur rauðum granítvegg og kristalljósakrónum. Þá ætti útsýnið hér við sjávarsíðuna að tryggja góða upplifun matargesta.“ *vera@frettabladid.is*

UPPSKRIFT AÐALHEIÐAR

HAUSTTREFJABOMBA

FYRIR 4

Fyllt hnúðkál
4 meðalstórir hnúðkálshausar

Takið innan úr hnúðkálinu til að fá í hrásalat. Gufusjóðið í 15 til 20 mínútur. Kælið. Geymið soð fyrir sósu. Setjið fyllingu í hausana og bakið í 40 mínútur.

Fylling
4 msk. ólívuolía
1 tsk. sesamolía
tamarisósa að vild
Toskana-grænmetissalt frá Rapunzel
ferskt kóríander
cayennepipar
1 laukur
2-3 gulrætur
1 rauð paprika
hnefafylli niðursneitt rauðkál
hnefafylli rifið grænkál
2 hvítlauksrif
fetaostur
ristaðar furuhnetur og sesamfræ.

Fínskerið lauk, papriku, gulrætur og hvítlauk og léttsteikið í olíublöndu ásamt rauðkáli. Bætið grænkáli síðast á pönnuna. Kryddið að vild. Varist að steikja blönduna of lengi. Kælið. Myljið fetaost út í og bætið við furuhnetum og sesamfræjum.

Hrásalat
fínskorið hnúðkál innan úr hausum
rifnar gulrætur
rúsínur
sítrónusafi

Grænkálsostasósa
Léttsteikið grænkál með hvítlauk í smjöri, bætið við rjómaosti og hnúðkálssoði og látið malla þar til ákjósanlegri þykkt er náð. Upplagt er að bæta við nýjum villisveppum, steikja þá fyrst í smjöri með grænkáli og hvítlauk áður en rjómaosti og soði er bætt út í.

ÚTSÝNISFERÐ FYRIR BRAGÐLAUKANA

NÝR STAÐUR Í HJARTA BÆJARINS

BORDAPANTANIR Í SÍMA +354 595 8545

Ingólfsstræti 1 . 101 Reykjavík . www.panoramarestaurant.is

panorama restaurant

:ALLT HEIMILI

Mánudaga og fimmtudaga

Kósíkvöld

Kósí matseðill á aðeins 3.900 kr. Þú velur milli 2ja forrétta og 2ja aðalrétta. Njóttu lífsins!

Erum byrjuð að taka niður pantanir í jólahlaðborð

Gæðamatur á góðu verði í þægilegu umhverfi í hjarta borgarinnar. Borðapantanir í síma 511 6677, orestaurant.is

Verið velkomin á Ó restaurant.

Ó restaurant Hótel Óðinsvé | Þórsgata 1 101 Reykjavík | Tel +354 511 66 77 Tel +354 511 62 00 | orestaurant.is o@orestaurant.is

Ó RESTAURANT

DRAUGASETRIÐ Á STOKKSEYRI er tilvalið að heimsækja um helgina en það er á þriðju hæð í Lista- og menningarverstöðinni á Stokkseyri. Gestum gefst kostur á að hlýða á draugasögur meðan farið er um setrið, sem er í raun risavaxið völundarhús. Nánari upplýsingar á www.draugasetrid.is.

Kvennahelgi með Kristi

Um helgina gefst íslenskum konum og stúlkum tækifæri á uppörvandi og fagurri ráðstefnuhelgi í samfélagi við Jesú Krist og norska trúboðann Anne Christiansen í Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu.

„Við ætlum að hefja vetrarstarfið með öflugri kvennaráðstefnu fyrir allar konur, hvort sem þær tilheyra kirkjudeild eða ekki," segir Erdna Varðardóttir, leiðtogi JesúKvenna á Íslandi, um kvennahelgi sem ber yfirskriftina Á tímum sem þessum! og fer fram í Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu í kvöld og á morgun.

„Þar ætlum við að velta fyrir okkur hlutverki kvenna á okkar tímum, en sérstakur gestur er trúboðinn Anne Christiansen frá Noregi, sem stóð fyrir níu þúsund kvenna ráðstefnu í höfuðborg Noregs í fyrra og þangað fór hópur íslenskra kvenna," segir Erdna um Anne sem er fylgismaður Jesú og prédikar samfélag við hann um Evrópu. „Guð notar þessa kraftmiklu, auðmjúku konu til að ná til kvenna á öllum aldri. Hún hefur miklar hugsjónir og hvetur konur til að vakna upp og taka stöðu sína sem kristnir einstaklingar," segir Erdna sem stofnaði fyrsta útibú JesúKvenna á Íslandi 2005, en JesúKonur eru hugarfóstur Anne Christiansen.

„Markmið starfsins er að efla konur til að verða sterkari. Við erum allar í hlutverkum mæðra, dætra, systra, vinkvenna eða eiginkvenna, útivinnandi eða í skóla og þurfum að vera meðvitaðar um þau tækifæri sem við höfum. Það er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir öllu sem við höfum til brunns að bera og að við getum gefið svo ótrúlega mikið af okkur sjálfum ef við notum tækifæri í daglegu lífi," segir Erdna um starfið.

Erdna Varðardóttir er leiðtogi JesúKvenna á Íslandi, en í fyrra tóku einnig til starfa JesúStelpur fyrir unglingsstúlkur eldri en tólf ára. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Skoðanir breytast þegar maður hugsar um lífið á kristnum grundvelli og við hvetjum konur til að taka persónulega afstöðu með því að fylgja Jesú. Flest höfum við verið fermd og tekið ákvörðun um að gera Jesú að leiðtoga lífs okkar. Við hvetjum því konur til að leyfa Jesú að vinna í lífi sínu og koma til hjálpar á sviðum sem við þorum ekki sjálfar inn á, eins og sársauka, en þar getur Jesús hjálpað mikið og dýrmætt samfélag við hann gert góða hluti í lífi manns," segir Erdna, sem reiknar með dúndrandi stemningu og ljúfum anda í Fíladelfíu um helgina.

Dagskrá hefst klukkan 20 í kvöld í Fíladelfíu og stendur frá klukkan 9.30 og fram eftir kvöldi laugardags. Aldur er miðaður við 12 ára. *thordis@frettabladid.is*

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

bílalind BÍLASALA

GOTT VERÐ NISSAN DOUBLE CAB 4WD DIESEL skr. 1/2002 ek. 135 þús.km nýskoðaður 09. 31" dekk, brettakantar, álf. ofl. ásett verð 990 þús. Uppl. í s. 580 8900 / 699-6661 / 699-5801 www.bilalind.is

Bílalind
Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900
www.bilalind.is

BÍLASALA ÍSLANDS

Chrysler Sebring 2,7 LTR árg. 2007. Hrikalega skemtilegur fólsbíll sem vert er að skoða 6 cyl, 188hö, ekinn 26.000.- Verð 2.980.000.- skoðum skipti sjá myndir www.bilasalaislands.is raðnumer 178453.

VW Touareg V-6 TDI 9/2005 ekinn 64.0000.- Þessi er velútbúinn Verð 6.480.000.-áhv, 5.680.000.- skoðum skipti, sjá myndir www.bilasalaislands.is raðnumer 179042

Skoda Octavia Ambiente Combi TDI 6/2005 ekinn 98.000.- sumar og vetrardekk Verð 1.990.000.- áhv 1.385.000.- skoðum skipti Nýja lagið sjá myndir www.bilasalaislands.is raðnumer 106187

Honda CR-V Advance árg 8/2000 ekinn 124.000.- skipt tímareim í 98.000.- sjálfskiptur Verð 890.000.- áhv, 580.000.- sjá myndir www.bilasala-islands.is raðnumer 106234

Nissan Patrol Elegance 33" 2/2005 ekinn 58.000.- Verð 4.390.000.- áhv, 3.600.000.-

Bílasala Íslands
Skógarhlíð 10, 110 Rvk.
Sími: 510 4900
896 1337 / 896 9693
www.bilasalaislands.is

iP INTERNPORT

Jeep Grand Cherokee 4WD árg. 2008, ek. 34 þ.km. Verð kr. 4.150.000,- Skoðum öll skipti.

Dodge Caliber SE Árg. 2007, ek. 3 þ.km. Verð kr. 2.900.000,- Skoðum öll skipti.

Mercedes Benz E 270 CDI árg. 2003, ek. 94 þ.km. Verð kr. 3.990.000,- Skoðum öll skipti.

Chrysler Aspen Ltd. 4WD Árg. 2007, ek. 53 þ.km. 7 manna. Verð kr. 4.950.000,- Skoðum öll skipti.

Jeep Liberty Sport 4WD Árg. 2007, ek. 60 þkm. Verð kr. 3.850.000,- Skoðum öll skipti.

Chrysler Town & Country LX Árg. 2008, ek. 39 þ.km. 7 manna. Verð kr. 3.950.000,- Skoðum öll skipti.

Mercedes Benz E 200 K Árg. 2007, ek. 17 þ.km. Verð kr. 4.750.000,- Skoðum öll skipti.

Bílaport / Interport ehf
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 569 3300 / 897 1928
www.interport.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Dodge Charger R/T Daytona, árg.2006, ek.37þús.km, 340 hö, Sjálfsk, leður, lúga, Sport sæti,cd, omfl. Gott verð Ásett verð 4590 þús.kr!!!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Riding Iceland
Fjórhjóla og mótorhjólaleiga

Fjórhjólaleiga: Can-Am Outlander 400 XT, 2ja manna. Kawasaki KVF 750. Mótorhjólaleiga: Suzuki VSTROM 650. Kawasaki KLR 650. Kawasaki VERSYS 650. Yamaha XT 660.

Fjórhjóla og mótorhjólaleigan
Sími: 6951855
www.ridingiceland.is

Eðaljeppi á spari-verði!
M.Benz ML350 - Módelár 2006 - Nýskráður 08.06.2005 - Ekinn aðeins 20þ.km ! - Einn eigandi - Sjálfskiptur - topplúga - Hraðastillir - Leðuráklæði - Rafdrifin sæti - ofl. Verð aðeins 5.290þ.

Sem nýr spari-baukur !
Hyundai Getz II Gls - 5 dyra - Sjálfskiptur - ekinn aðeins 3þ km ! - Nýskráður 11.2007 - ABS - Reyklaust ökutæki - Vindskeið - Vökvastýri - ofl. Verð 1.890þ

Sparibíll ehf
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar til sölu

Ford Mondeo, árg. 98. Sk. '09. V. 160 þ. Í góðu standi. S. 899 5492.

MMC Pajero árg.'94. Turbo dísel intercooler. ek. 100 þ. km. S: 616 2597.

Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Dæmi um 2007/2008: Dodge Caliber frá 2.030 þús., Dodge Caravan og Chrysler Town and Country frá 2.000 þús., Toyota Camry frá 2.550 þús., Dodge Charger SXT frá 2.400, S. 5522000 - www.islandus.com.

Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Við finnum draumabílinn. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Allt að 30% lægra verð. Dæmi um 2007/2008: Acura TSX, frá 3.390 þús., Volvo XC-70, frá 4.070 þús., Porche Cayman, frá 6.500 þús. Sími 552 2000, www.islandus.com.

Yamaha R6 2006
Yamaha R6 árgerð 2006 til sölu, svart og króm, fer á yfirtöku og 100.000 á milli. S. 772 4997.

VW Passat árg. '97. Ek. 150 þ. Sk. '09. Ný tímareim. Bsk. V. 350 þ. S. 893 7388 e. kl. 17.

TILBOÐ 2.190 þús. - 100% lán! Jeep Grand Cherokee árg. 2005, ek. 47 þús. ssk. Ásett verð 2.600 þús. Uppl. í s. 690 0086 og 615 1251.

Ford Explorer árg. '96 ek. 156þ.km. Heddpakkning farin að öðru leiti mjög góður, tilboð óskast. S. 898 9053.

Eigum mikið úrval af bílum til sölu allt frá 100.000 og upp úr. Endilega kíkið á www.bilapartar.is eða í síma 893 6404.

VW Golf 1400 ek. 138 þ. árg. '98. 5 gíra. Bsk. Nýsk. Heilsársdekk. Verð 380 þ. Uppl. í s. 659 3459.

35" LC120 2008
5 gíra sjálfsk, Nýr, óekinn, sóllúga, drátt-arbeisli ofl. Verð 6.800 uppl. s 618-4444 og 618-4440.

Vinnubílar til sölu
2.Cit.Berlingo árg.2007 bensín, 1.Cit. Berlingo árg.2007 dísel, 1.Opel combo árg.2007 dísel, 1.Nissan Primaster árg.2007 dísel. Yfirtaka á góðum erlendum lánum.

Uppl. Stefán 824 1450.

Passat station 10/05, ek 44þ mjög vel með farinn og hagstætt lán áhvílandi. Tilboð óskast í 858-6721, engin skipti.

0 kr. út. - Mán. greiðslur 19.000 KIA PICANTO '06. EKINN 22 ÞÚS. FÆST GEGN YFIRTÖKU Á LÁNI. SKOÐAÐUR 2010. Upplýsingar í síma 698 9803.

Til sölu dekkjavélar og Nissan Almera. umfelgunar vél jafnvægisstillingavél ásamt fleiru til hjólbarðaviðgerða. Einnig Nissan Almera 2004 skemmd eftir bruna gangverk í lagi ekinn 36000 km. Uppl. í síma 899 5424.

Til sölu Golf árg. '97, ek. 140 þ.km. Mikið nýtt. V. 195 þús. Uppl. í s. 862 6598

0-250 þús.

Honda Prelude '88 2.0 4w steer. Nýtt brems., kúpl., gírk., vatnsk., ek. 200 þ. Nýsko., fínn bíll á 290 þ.kr. S. 824 1121.

Frábært tilboð-190 þús
Reunult Megan Scenic '98. 1600 vél, eyðir 8 ltr í blönduðum akstri. Bílinn er skoðaður '09. Listaverð er 380 þús. TILBOÐ 190 ÞÚS!!! S. 841 8955.

250-499 þús.

Til sölu VW Transporter árg. '99 ek. 170 þús. Ný skoðaður, mjög góður bíl. S. 894 6633.

Svaka bull verð!!!!!!!
Mercedes Benz 230CE árgerð 1992 fluttur inn '98. keyrður 230þús. Sk. '09 sjálfskiptur, krókur, Ljóst leður, cruise control. 17" felgur, vetradekk á orginal felgum fylgja, mikið endurnýjaður verð 490.000.- mega bull verð 349.000 - Uppl. í síma 865 3769 Magnús.

Nei vááá!!!!!!!
Nissan Terrano II árg. '97 ek. 190þ. km 2.4 bensín vél. 31" dekk 7 manna, krókur, cd, spilari, nýtt púst, sk. '09. Flottur bíll gott verð 490.000 - tilboð nú 290.000 - Uppl. í síma 863 0149.

500-999 þús.

Volvo V70 2,5 20v - 1997 - ekinn 165 þ. - Fæst á 650 þús. kr - S. 824 7601.

1-2 milljónir

Mitsubishi outlander árg. 2003 í topp-standi ek. 77.000 km m. krók . Listaverð 1.500.000k Verð 1200 þús. Skipti koma til greina á yngri smábíl Á sama stað Skoda Felecia 1.6 árg. 1997 ek. aðeins 85.000km kr. 150.000 eða tilboð. Báðir bílarnir ný skoðaðir. Uppl. s. 694 5751.

2 milljónir +

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 5522000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleið-endum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

Bílar óskast

Okkur vantar allar tegundir af bílum á skrá og á staðinni. X4 bílasala S: 565-2500 og 565-9600.

Jeppar

Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Mikið framboð af jeppum. Dæmi um 2007/2008: Dodge Durango frá 2.900 þús., Ford Explorer frá 2.900 þús., Jeep Grand Cherokee frá 3.000 þús. S. 5522000 - www.islandus.com.

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 26. september 2008

Margét Edda Jónsdóttir söngkona Merzedes Club þráir frægð og frama

FANN ÁSTINA Í TAEKWONDO

LÉTTIST UM 20 KÍLÓ

Sigmar Vilhjálmsson var hættur að passa í Hugo Boss jakkaföt.

SVARTUR VARALITUR

Grafðu eftir þínum innri Goth-ara og blandaðu við dömulegt útlit.

LEIKUR Í ÞÝSKRI MYND

Elva Ósk Ólafsdóttir þurfti að læra rulluna á þremur tungumálum.

Salka/GBÓ

Það eru ekki bara genin sem halda japönskum konum hraustum og unglegum. Mataræðið hefur allt að segja eins og kemur fram í þessari bráðskemmtilegu metsölubók sem geymir lykilinn að góðri heilsu.

Hara hachi bunme – borðið þar til þið eruð 80% södd, er lífsmottó Japana. Ánægjan og gleðin sem fylgir því að útbúa japanskan heimilismat felst í bragði hans og útliti, hófsemi, áhrifum og samveru. Matargerðin er einföld og hráefnið fæst í næstu búð.

Ljósmynd: © Sigrid Estrada

Naomi Moriyama

www.salkaforlag.is

Salka

núna

✻ klipptir út úr tískublaði...

helgin MÍN

REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR

Ég er að spila á balli á Akranesi á laugardaginn ásamt Euroband-inu. Svo er ég að fara að taka þátt í spurningakeppni fræga fólks-ins á Rás 2. Á sunnudaginn syng ég á Styrktartónleikum Umhyggju. Þess á milli ætla ég að vera í faðmi fjölskyldunnar, kíkja í ræktina og elda góðan mat.

Með sama klipparann

Davíð Oddsson og Björgólfur Guð-mundsson hafa verið mikið í sviðs-ljósinu síðustu vik-urnar. Það er kannski ekki margt sem tengir þá tvo saman fyrir utan að vera báðir bankastjórar. Þeir eiga það þó sameiginlegt að setja allt sitt traust á hárskerann Lýð Sörlason sem rekur Hárskerastofu Lýðs í Lág-múla 7. Þeir eru þó ekki einu „sel-ebin“ sem koma reglulega til Lýðs því straumur þjóðþekktra ein-staklinga virðist liggja til hans. Davíð hefur í ára-tugi verið kúnni á Hárskera-stofu Lýðs. Björgólfur Guð-mundsson, formaður bankaráðs Landsbanka Íslands, fer einnig í klippingu í Lágmúlann og heyrst hefur að hann mæti vikulega, klukkan níu á föstu-dagsmorgn-um.

betta HELST

Að „Haardera“

Í öllu krepputali þjóðarinnar hefur orðið til nýtt orð og það er að „haardera“. Að „haardera“ er hægt að nota á margan hátt, „haardera“ heima, í ræktinni, eða bara í líf-inu sjálfu. Það er rekið beint til Geirs Haarde og þýðir í raun að að-hafast ekkert í málinu. Ekki fylgir þó sögunni hvort það að „haardera“ bæti líf fólks eða ekki ...

Sigmar Vilhjálmsson hefur lést um 20 kíló

VAR HÆTTUR AÐ PASSA Í HUGO BOSS-JAKKAFÖT

Ég fór í einkaþjálfun til Ívars Guðmundssonar 2004 eftir að Pétur í Boss-búðinni sagði mér að Hugo Boss framleiddi ekki föt fyrir menn í mínum stærðarflokki. Í staðinn fyrir að verða móðgaður hringdi ég bara í Ívar,“ segir Sigmar Vilhjálmsson, sem hefur lést um tuttugu kíló eftir að hann byrjaði að æfa. Þegar hann var þyngstur var hann um 120 kíló.

„Ég var svo feitur að ég passaði ekki inn í „widescreen“-sjón-varp og það þurfti að sýna Idol-ið á stóru breiðtjaldi á pöbb-um,“ segir Sigmar og hlær.

Þegar hann er spurður að því hvernig hann hafi farið að þessu fyrir utan að mæta í ræktina segist hann hafa farið eftir elsta kúrnum í bókinni, að hreyfa sig til að geta borðað.

„Ég tók stökk niður á við eftir einka-þjálfunina og síðan hef ég hreyft mig reglulega og fer þrisvar til fjórum sinnum í viku í World Class. Síðan spila ég bumbubolta, handbolta og fótbolta,“ útskýrir hann og segir enga töfralausn vera á bak við þyngdar-tapið.

„Ég held að maður eigi bara að borða allan fæðuhringinn og passa upp á að hreyfa sig meira. Ef þú sukkar á laugardegi, sunnudegi og mánu-degi er bara að taka á því alla hina dagana en við eigum ekki að þurfa að pína okkur til að borða eitthvað vont,“ segir Simmi að lokum.

alma@365.is

Glæsilegur á velli Ívar Guðmundsson einkaþjálfari og útvarps-maður bjargaði holdarfari Sigmars Vilhjálmssonar.

Guðrún Arnalds kennir Kundalini-jóga:

Leitað inn á við í kreppunni

„Kundalini-jóga er þróað til að styrkja tauga-, innkirtla- og ónæmis-kerfið, en einnig vöðvana til að geta staðist það álag sem við erum flest undir dags daglega. Það byggir líka meira á hreyfingu heldur en kyrr-stöðum, öflugri öndun og hugleiðslu,“ útskýrir Guðrún Arnalds, sem er ein af þremur Kundalini-jógakennurum hér á landi. Aðspurð seg-ist hún finna fyrir aukinni þörf hjá fólki fyrir að leita meira inn á við. „Bæði konur og karlar, finna fyrir mikilli þörf á tengingu við eitthvað æðra og stærra. Það virðist vera meiri vitund um það nú til dags. Fólk er smám saman að uppgötva hvað það er mikilvægt að vera sterkur til að geta staðist álag og kannski er það vegna þess aukaálags sem kemur þegar það harðnar á dalnum líkt og nú,“ útskýrir Guðrún.

„Ég heyri fólk gjarnan segja að jóga sé of hægt fyrir sig og það er oft sú ímynd sem það hefur, en Kundalini er að koma sterkt inn því það höfð-ar til fólks sem er mjög anna-samt, í krefjandi vinnu og býr við þessa streitu sem margir gera nú til dags,“ segir Guð-rún. *- ag*

Guðrún Arnalds Hún kennir fólki Kundalini-jóga.

augnablikið

DORRIT var svartklædd þegar hún mætti til að hlusta á Kristján Jóhannsson í Íslensku óperunni. Klæðnaðurinn var í takt við efna-hagsástandið, allt svart.

föstudagur

Útgáfufélag 365 prentmiðlar **Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir *martamaria@365.is*
Penni Alma Guðmundsdóttir *alma@frettabladid.is* **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Vertu á réttri hillu

Montana

MONTANA HILLUR
HÖNNUÐUR PETER LASSEN

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

núna

* hresstu upp á útlitið...

helgin MÍN

ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR LEIKKONA

Í kvöld verð ég að æfa Macbeth uppi í Þjóðleikhúsi sem við frumsýnum eftir viku. Á morgun ætla ég að halda stelpuboð fyrir konur héðan og þaðan milli 17 og 21, þar sem ég ætla að bjóða upp á sushi og eitthvað gott að drekka með. Á sunnudagskvöldið verð ég svo að leika í Ástin er diskó.

algjört möst

1 Skartaðu stórri merkjavörutösku. Þeir sem segja að þetta trend sé búið hafa ekkert vit á tísku og eru að farast úr blankheitum.

2 Naglalakkaðu þig með þessum lit frá OPI, alveg ómissandi í haustinu.

3 Vertu í hnésokkum utan yfir sokkabuxurnar, það er algerlega málið núna ...

4 Berðu á þig maska og þú munt endurheimta þitt fagra útlit.

5 Málaðu augun mikið í svörtum og gráum tónum. Smóki er algerlega málið núna ...

1 Þessi kjóll er frá Henrik Vibskov 2 Jakki frá Opening Ceremony úr KronKron 3 Peysa frá Opening Ceremony, gallabuxur frá All Saints 4 Vélhjólastígvél úr versluninni Spútník 5 Gúmmístígvél frá Ilse Jacobsen, hún gaf mér þau sjálf. 6 Bolir frá Marc Jacobs 7 Kjóll frá Henrik Vibskov og hálsmen úr KronKron

Guðbjörg Huldís förðunarmeistari

MYNDI ALDREI FARA Í MÍNÍPILS

Getur þú lýst þínum stíl? Ég er frekar rokkuð, kýs einfalt og kvenlegt á köflum ...

Hvað eyðir þú miklum peningum á mánuði í föt? Alveg nóg ...

Uppáhaldsverslun: KronKron er full af gulli og gersemum og mér finnst Bask mjög skemmtileg sem er bæði með merkin Acne og American Apparel. Annars er bara best að taka púlsinn alls staðar og hafa augun opin.

Uppáhaldshönnuður: Henrik Vibskov, hef fylgst með honum í tvö ár og hef keypt nokkuð margar flíkur eftir hann. Hann gerir ótrúlega fallega kjóla sem eru einfaldir með skrítnu tvisti.

Eru einhver tískuslys í fataskápunum þínum? Guð já ... einn brúnn, mittisleðurjakki sem ég keypti dýrum dómum og fannst truflaður en ég hef bara farið í hann einu sinni. Jakkinn er bara ekki ég og peningunum því ekki vel varið þar, veit ekki alveg hvað kom yfir mig!

Í hvað myndir þú aldrei fara? Mínípils. Því þau eru bara alls ekki ég.

Hvað dreymir þig um að eignast fyrir veturinn? Flottan „biker“ original svartan leðurjakka, stráka t-shirts, svona víða og síða, langar líka í rokkað skart og ég var að fjárfesta í biker-boots í Spútnik sem ég er rosa ánægð með. Ég ætla að safna smátt og smátt í rokk look-ið þegar líða fer á veturinn.

Ef þú værir að fara í verslunarferð, hvert færir þú? New York, engin spurning. Ég fór þangað fyrr á árinu og varð gersamlega hugfangin. Borg sem aldrei sefur og er bara massa kúl.

Tískufyrirmyndir? Á nú ekki einhverja eina fyrirmynd. Það er fullt af frábæru fólki í kringum mig sem gefur mér innblástur. Svo er ég einnig tímaritafíkill og pikka upp hluti þar.

Bestu kaupin? Mér þykir ógurlega vænt um Henrik Vibskov-kjólana mína því þeir eru ótrúlega fallegir og tímalausir. Ég er að safna þeim og einnig klútunum hans sem virka við allt og ég nota endalaust.

Verstu kaupin? Yfirleitt það sem ég kaupi 10 mínútum fyrir lokun á hlaupum.

Hvert er skuggalegasta fatatímabilið þitt? Ætli það sé ekki þegar ég var í námi í London fyrir nokkrum árum og gekk meðal annars í útvíðum flauelsbuxum, puma-strigaskóm, með gerviloðkraga um hálsinn og með svart prins valiant-hár! Maður er í mikilli sjálfskoðun í svona listnámi og að fóta sig inn á nýjar brautir með tilheyrandi mistökum í þessari deild. Áttaði mig svo hvert ég vildi fara ...

martamaria@365.is

DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN

Hugo strákaúlpa
St. 80-130
6.990

Helen stelpuúlpa
St. 80-130
6.990

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

HARALDUR ÖRN ÓLAFSSON
FJALLALEIÐSÖGUMAÐUR OG LÖGFRÆÐINGUR.
HANS HELSTU AFREK:
SUÐURPÓLLINN 1998
NORÐURPÓLLINN 2000
TINDARNIR SJÖ 2001-2002
= HEIMSMET Í "ADVENTURE GRAND SLAM" 2002

3JA LAGA JAKKI: STEINAR CM-007
3JA LAGA BUXUR: BERGUR CM-005
FLÍS HÚFUKRAGI: RUT CM-307
ULLARBOLUR: GUNNAR CM-909
ULLARBUXUR: LANGBRÓK CM-916

CINTAMANI

SPJARAÐU ÞIG

CINTAMANI AUSTURHRAUN 3, 210 GARÐABÆ, TEL: 533 3800 - CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11, 101 REYKJAVIK, TEL: 517 8088 - **WWW.CINTAMANI.IS**

FANN ÁSTINA *Í TAEKWONDO*

Margrét Edda Jónsdóttir er 19 ára söngkona sem skaust fram í sviðsljósið í sumar þegar hún byrjaði í Merzedes Club. Hún ætlar sér stóra hluti og dreymir um frægð og frama í útlöndum

Viðtal: **Marta María Jónasdóttir**
Ljósmyndir: **Valgarður Gíslason**

Margrét Edda Jónsdóttir skaust fram í sviðsljósið í sumar þegar hún valin úr hópi kvenna til að taka að sér bakraddasöng fyrir hljómsveitina Merzedes Club. Hún segist ekki hafa haft mikla trú á sjálfri sér og viðurkennir að hún hefði ekki mætt í prufurnar ef vinkona hennar hefði ekki hvatt hana til þess. Þegar Rebekka Kolbeins hætti í bandinu varð hún aðalsöngkonan og fílar það vel. Þegar hún er spurð að því hvort þetta hafi verið draumurinn segir hún svo vera. „Ég bjóst alls ekki við þessu og varð mjög glöð þegar ég fékk símtalið frá Valla umboðsmanni þess efnis að ég hefði komist inn," segir Margrét Edda, sem hefur stefnt að frægð og frama frá því hún man eftir sér. Söngurinn hefur alltaf spilað stórt hlutverk í lífi hennar og hefur hún verið sísyngjandi síðan hún var lítil. Hún tók meðal annars þátt í uppfærslu Hagaskóla á Jesus Christ Superstar og svo tók hún tvívegis þátt í söngvakeppni á Sólon Íslandus. „Ég er búin að vera í söngtímum hjá Maríu Björk og svo tók ég fyrsta stigið í söng hjá Vox Academica. Ég var ekki alveg að fíla mig í klassíska söngnum og fór í framhaldinu í Söngskóla Þorvaldar Bjarna. Þar kenndi Selma Björns mér sviðsframkomu og söng."

Þegar hún er spurð að því hvort hún hafi fylgst vel með Merzedes Club segist hún hafa fyrst heyrt af hljómsveitinni í gegnum föður sinn, Jón Gnarr. „Pabbi minn var búinn að segja mér frá Merzedes Club og sagði mér að þetta hefði verið grín til að byrja með en svo fór að vera meiri alvara í þessu," segir hún en faðir hennar samdi textann við lagið, Meira frelsi, sem Merzedes Club flutti í auglýsingu fyrir Símann. Meðlimir hljómsveitarinnar Merzedes Club hafa allir vel ræktaða og brúna kroppa en eins og frægt er orðið eru bæði Gillzenegger og Ceres 4 í bandinu. Margrét Edda segist smellpassa inn í hópinn enda hafi þau öll svipuð áhugamál. „Stákarnir eru alveg æðislegir. Það var ótrúlega gaman að fara með þeim til Portúgal. Þeir eru allir miklir íþróttamenn og með sömu áhugamál og ég sjálf. Þegar við höfum verið á tónleikaferðalögum þá hef ég tekið æfingar með strákunum," segir hún og játar að þau æfi nánast daglega. Er ekki mikil krafa um gott útlit, hvernig berðu þig að? „Jú, það er það. Ég borða hollan mat, æfi vel og sef vel. Ég hugsa voða vel um líkama minn. Það er lykillinn að því að líta vel út." Ertu jafn mikið í brúnkukreminu og þeir? „Nei, ég hef bara farið í ljósabekki."

ALLT AÐ GERAST

Hlutirnir gerast hratt hjá Margréti Eddu því meðfram því að vera í Merzedes Club hyggur hún á sólóferil. Í dag verður nýtt lag með henni frumflutt í útvarpinu. Lagið heitir Sweet Love og er eftir Pál Þorsteinsson og Magna Kristjánsson en Ólafur Páll Torfason samdi textann. Páll var í hljómsveitinni Afkvæmum guðanna og hefur gert lög fyrir Bent og 7berg, Sesar A, Dóra DNA, Yesmine Olsson og fleiri. Magni var í Rokkbandinu Driver Dave og Forgotten Lores. Ólafur Páll, eða Opee, er rappari og hefur meðal annars starfað með Quarashi. Hún segist vera mjög spennt fyrir þessu því hana dreymi um að geta unnið við tónlist og lifað af henni. „Við erum svolítið að spá í næntíslög og eigum örugglega eftir að taka upp fleiri lög," segir hún.

FYRIRSÆTUBRANSINN HEILLAÐI EKKI

Margrét Edda hefur aðeins verið að daðra við fyrirsætubransann en hún hefur verið Séð og heyrt-stúlka nokkrum sinnum. „Ég var ekki mjög spennt fyrir fyrirsætubransanum. Ég fór bara í nokkrar myndatökur fyrir Séð og heyrt. Ég var ekkert sérlega heilluð af því að standa fyrir framan myndavélina og pósa. Þetta er ekkert sem mig langar að gera. Svo tók ég þátt í bikiníkeppninni Hawaiian Tropic í fyrra. Það voru nokkrir sem vildu fá mig í myndatökur í kjölfarið."

Varstu spæld að vinna ekki keppnina? „Já, svolítið, en þetta er bara svona." Þegar hún er spurð að því hvort það hafi ekki verið erfitt að koma fram á bikiníi segir hún svo ekki vera. „Það var smá erfitt fyrst en svo setti ég mig bara í stellingar."

ÁSTIN OG ÍÞRÓTTIRNAR

Margrét Edda byrjaði að æfa taekwondo árið 2003 en fyrir þann tíma æfði hún á listskautum. „Ég var mjög fljót að vinna mig upp og komst fljótlega í landsliðshópinn. Þetta er mjög skemmtileg íþrótt og hefur hjálpað mér mjög mikið. Taekwondo hefur styrkt mig andlega og ég er ekki jafn feimin og ég var. Í taekwondo lærði ég að sýna fólki virðingu og að treysta fólki," segir hún. Núna er hún með rautt belti með tveimur svörtum röndum. „Mig vantar tvö belti í viðbót til að fá svarta beltið. Næst tek ég þriðju svörtu röndina og svo svarta beltið." Þegar hún er spurð út í æfingarnar segist hún æfa fjórum sinnum í viku. „Ég æfi líka svolítið ein, fer út að skokka og svoleiðis," segir Margrét Edda en hún æfir með fimleikafélainu Björk. Hún gerir reyndar meira en að æfa þar því hún þjálfar einnig yngri krakka í taekwondo. Taekwondo-ið hafði þó meiri áhrif en að efla sjálfstraust og losa hana við feimnina því hún hnaut um ástina í fimleikafélaginu Björk. „Kærastinn minn heitir Björn Þorleifsson. Hann er afreksmaður í íþróttinni og þjálfaði mig um tíma. Hann vinnur hjá Fimleikafélaginu Björk og er yfirþjálfari í almenningsdeild og í taekwondodeildinni. Hann er yndislegasti maður sem ég hef kynnst," segir Margrét Edda. Aðspurð um framtíðardraumana segir hún: „Að ná sem lengst í söngnum. Mig langar að slá í gegn úti í heimi."

* bak við tjöldin

Stjörnumerki: Vatnsberi

Besti tími dagsins: Ég þarf að segja næturnar því ég er algjör náttþrafn.

Geisladiskurinn í spilaranum: Er ekki með neinn geisladisk, hlusta á alla mína tónlist í iTunes. Þar hlusta ég mest á Paper planes með M.I.A.

Uppáhaldsverslunin: Gallerí 17, Kiss, Retro, Bossanova og fleiri.

Uppáhaldsmaturinn: Ég elska allan mat en held að ég verði að velja hamborgarhrygginn hennar mömmu sem ég fæ bara á jólunum.

Ég lít mest upp til... fólks sem nær árangri.

Áhrifavaldurinn? Ég myndi segja Björssi, kærastinn minn. Áður en við byrjuðum saman vorum við mjög góðir vinir. Hef þekkt hann mjög lengi og hefur hann alltaf verið til staðar fyrir mig. Hann hvetur mig áfram og fær mig til að vilja vera betri manneskja.



Draumafríið? Mér finnst rosalega gaman að fara til útlanda! Það eru mörg lönd sem mig langar að heimsækja. Held að draumafríið sé að ferðast til Tókýó eða Shanghaí.

Ef þú ættir sand af seðlum hvað myndir þú kaupa þér? Ég myndi kaupa mér allt það sem ég vil, það er rosalega margt! Ég myndi kaupa þrjá bíla, tvo sportbíla og einn flottan jeppa. Svo myndi ég kaupa mér flotta þakíbúð, húsgögn inn í hana og svo myndi ég bjóða fjölskyldu og vinum til Havaíeyja.

MYND/ARNÞÓR

Pattra Ber svarta varalitinn vel. Takið eftir augnhárunum, þau eru ævintýraleg þótt það sé kannski ekki gott að ryksuga með þau.

MYNDIR/VALLI

Varaliturinn Dawn Er skyldueign þeirra sem ætla að tolla í tískunni.

Kinnalitur Þessi litur heitir Metal Cherry og er töluvert yktur.

Augnskuggi Þessi heitir Dagger og er frá Make up store.

Helstu förðunarfræðingar heims hafa ofurtrú á goth-inu

Grafðu eftir gotharanum

Förðun haustsins er sterk og dramatísk. Förðunarfræðingar Make up store láta sitt ekki eftir liggja og kynntu á dögunum línuna Whisper sem er svört og seiðandi. Samkvæmt henni er svartur varalitur skyldueign ásamt gervi-augnhárum. Augun eru sterkmáluð og svolítið „smókí“ og vínrauður kinnalitur er borinn á kinnbeinin. Þótt þetta sé kannski svolítið ýkt dæmi þá má vel útfæra Goth-stílinn og glossa hann svolítið upp. Svartur varalitur hvíttar upp andlitið þannig að það er kannski ekki úr vegi að nota smá sólarpúður með þessu og svo skiptir klæðaburðurinn líka máli. Prófaðu þig áfram og finndu þinn innri gothara og taktu þátt í helsta haust-trendinu í ár. ***martamaria@365.is***

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Einstakt tækifæri - hrífandi leikhúsveisla
leikritið Engisprettur aftur á svið

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

eftir Biljana Srbljanovic
Leikstjórn: Þórhildur Þorleifsdóttir

Athugið aðeins fimm sýningar:
fös 26/9, lau 27/9, sun 5/10, fim 9/10, fös 10/10

Miðasala í síma 551 1200
www.leikhusid.is

heima

heita hillurnar ekki Monthana?

SAMURAI TINNU GUNNARSDÓTTUR Gúmmímotta eftir hönnuðinn Tinnu Gunnarsdóttur er skyldueign á hverju heimili. Þetta hentar vel undir potta og pönnur eða bara til skrauts. Samurai fæst á vefnum Birkiland.is og í Kokku.

LONDON

Álfrún Helga Örnólfsdóttir, leikkona

BORGIN mín

MORGUNMATURINN: í London er English tea algjört „must“ með morgunmatnum sem er að sjálfsögðu egg, beikon, pylsur og baunir.

SKYNDIBITINN: Kebab seint að kvöldi.

RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA: Take away sushi í Hyde Park.

LÍKAMSRÆKTIN: Bara að labba um bæinn og skoða mannlífið í leiðinni. Svo er fullt af góðum jógastúdíóum úti um allt. The Live Center er til dæmis æði.

UPPÁHALDSVERSLUN: Urban Outfitters.

BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ: Tími ekki að segja það.

AFÞREYINGIN: Leikhús, leikhús og endalaust leikhús.

Montana Á sýningunni eru hillur eftir þekkta norræna hönnuði. Þessi upprðun er þó ekki hluti af sýningunni heldur eftir Ólöfu Jakobínu Ernudóttur innanhússarkítekt.

MYND/GVA

Skandinavískir listamenn sýna nýjar hliðar á Montana-hillunum á sýningunni ARTour Montana

ENDALAUSIR MÖGULEIKAR

ARTour Montana er óvenjuleg listsýning sem opnuð var í Epal í síðustu viku. Þetta er fimmta sýningin undir heitinu ARTour Montana en áður hafa verið haldnar sýningar í Árósum, Osló, Berlín og Basel. Á sýningunni getur að líta verk eftir listamenn frá Danmörku og víðar að. Listamennirnir nota allir hinar þekktu dönsku Montana-hillur sem undirstöðu eða uppistöðu í verk sín á mjög sérstæðan og framúrstefnulegan hátt. Á sýningunni, sem mun standa í fjórar vikur, getur að líta safn verka nokkurra fremstu listamanna Dana sem og annarra þjóða er unnið hafa með og tengst Montana allt frá árinu 1996. Listamennirnir sem þarna eiga verk eru Erik A. Frandsen, Björn Nörgaard, Peter Bonde, Malene Landgreen, Robert Kuschner, Ian McKeever, Martin Bigum, Nils Erik Gjerdevik, Katrine Ærtebjerg og Victor Ash auk Peters J. Lassen, eiganda fyrirtækisins. Þeir sem hafa alltaf dreymt um að eignast Montana-hillur en fundist þær of hefðbundnar ættu að leggja leið sína í Epal og líta þær augum því möguleikarnir eru endalausir.

martamaria@365.is

HAUST 2018

VORUM AÐ TAKA UPP NÝJAR VÖRUR FRÁ PATRIZIA PEPE

Burberry | Calvin Klein | Sportmax Code | Filippa K | Patrizia Pepe | Annhagen
Anderson & Lauth | Stella Nova | GK Reykjavík | Rutzou | Lee | Wrangler

KONUR OG MENN
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK. OPNUM Í SMÁRALIND Í SEPTEMBER.

GK REYKJAVÍK

tíðin

vodki í vatn er drykkurinn!

PRJÓNAHEIMUR LÚKA

Tvíburasysturnar Gunnhildur og Brynhildur Þórðardætur munu opna sýningu í Þjóðminjasafni Íslands á morgun klukkan 14, en þær skipa listadúóið Lúka Art & Design. Þær eru nú búnar að setja upp innsetningu og hanna vörur úr efninu.

RIFF KVIKMYNDAHÁTÍÐIN

Hún hófst formlega á fimmtudaginn og stendur til 5. október. Ekki missa af íslensku myndunum á hátíðinni eins og Þetta kalla ég dans eftir Ásthildi Kjartansdóttur, Einungis fæðing eftir Þór Elís Pálsson og Allar mættar! eftir Maríu Guðmundsdóttur.

DÍANA MIST

Föstudagur 19. september: **á diskóbar ég dansaði frá sirka tólf til sjö ...**

Krónan tók smá kipp upp á við sem skapaði þessa rokna stemningu í bankanum – svo góða að yfirmaðurinn sá ástæðu til þess að draga tappa úr flösku eftir vinnu. Eftir góða skrifstofumarineringu kíktum við á 101.

Þar var **Hrafnhildur Hafsteinsdóttir**, eilífðarfegurðardís og eiginkona **Bubba Morthens**, ásamt vinkonum sínum. Þar var líka **Máni Svavarsson** með **Andra**, forstjóra og eiganda Ölgerðarinnar, og **Anthony Karli Gregory**, lögfræðingi og fyrrverandi fótboltastjörnu úr Val. Þegar við vorum búin að slafra í okkur nokkrum drykkjum kíktum við yfir á b5. Þar var allt í fullu fjöri og fékk ég næstum því ofbirtu í augun af öllu fræga fólkinu. Þar var **Pálmi Guðmundsson**, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, í klikkuðu stuði, **Ívar Guðmundsson** útvarpsmaður, **Samúel Bjarki Pétursson**, auglýsingaleikstjóri hjá Sagafilm, **Sigga Lund**, **Thelma Tómasson**, **Logi Bergmann** ásamt eiginkonunni, **Svanhildi Hólm**. Þegar ég var farin að dansa og syngja ákvað ég að labba heim í rigningunni.

Laugardagur 20. september: **Ísafjörður rokkar**

Ísafjörður tekinn í nefið... Vaknaði í öllum fötunum, skellti mér af stað því ég var orðin alltof sein í flugið til Ísafjarðar en þar ætlaði gamall séns úr Rokkkarlakórnum Fjallabræðrum að taka á móti mér. Að stíga upp í vélina var eins og að koma til útlanda, flugfreyja, kaffi og allt. Í vélilnni voru **Skúli Þórðar** trúbador og **Þórunn Arna** leikkona. Lenti á Ísafirði og brá í brún þegar ég sá að það var enginn kórfélagi að taka á móti mér. Stuttu seinna fékk ég sms frá honum þar sem hann bað mig að koma á tónleikana Edinborgarhúisnu. Þar voru **Greipur Gíslason**, **Halldór Halldórsson** bæjarstjóri og sendiherrann **Gunnar**. Söngurinn kom við hjartað í mér og þegar hann bað mig að koma á ball í Vagninum á Flateyri stóðst ég ekki mátið. Eins gott að ég átti ekki flug fyrr en eftir hádegi... þvílík nótt á Flateyri!

Elva Ósk Ólafsdóttir í þýskri sjónvarpsmynd sem tekin var upp á Íslandi

Undirbjó sig á þremur tungumálum

Upphaflega áttu bara að vera þýskir leikarar í þessari mynd, en eftir að Andrea Brabin hjá Eskimo sýndi leikstjóranum Kalda slóð vildi hann vinna með mér," segir Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona um þýsku sjónvarpsmyndina Hearts in ice þar sem hún fer með eitt af aðalhlutverkunum. Myndin fjallar um tvenn bændahjón og konu sem kemur til landsins með þýskan son sinn. Elva Ósk leikur konu annars bóndans, en bændurnir hafa alltaf eldað grátt silfur saman.

„Þetta er svolítil sápa en rosaleg dramatík og maður verður að hafa gaman af því. Myndin var alfarið tekin upp hér á landi og skotin úti um allt land, uppi á jökli, Vík í Mýrdal, Þingvöllum og víðar. Við vorum um tuttugu daga í tökum og hópurinn átti ekki til orð yfir fegurð landsins," bætir hún við.

Aðspurð segist Elva ekki tala þýsku, en hún undirbjó sig á þremur tungumálum fyrir hlutverkið. „Ég vildi læra senurnar mínar á þýsku, en undirbjó mig líka á ensku og íslensku. Það var svo ákveðið að ég myndi tala íslensku, en yrði talsett í Þýskalandi. Ég þurfti því að læra senurnar rosalega vel því ég fékk að vita þetta með stuttum fyrirvara og það varð að passa að hafa setningarnar mínar í svipaðri lengd og þær þýsku," útskýrir Elva sem hefur nóg að gera um þessar mundir.

„Ég er að æfa Hart í bak eftir Jökul Jakobsson þar sem ég leik Áróru spákonu, en verkið verður frumsýnt 17. október á stóra sviði Þjóðleikhússins. Svo erum við Heimilistónar með ball í Iðnó 11. október sem við köllum hið árlega kjólaball Heimilistóna. Þá mæta allir í spariföt og dansa, og við lofum brjáluðu fjöri og leynigestum," segir Elva að lokum. *alma@365.is*

Eftirsótt Leikstjóri þýsku sjónvarpsmyndarinnar Hearts in ice vildi vinna með Elvu Ósk eftir að hann sá hana í íslensku myndinni Kaldri slóð.

© 2008 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

SUMAR KILJUR EKU HAUSTKILJUR

Ljósmyndir Vigfúsar voru sýndar í Hamborg, New York, Kaupmannahöfn og Reykjavík. Ljósmyndabók hans, Ísland í myndum, var fyrsta ljósmyndabók eftir Íslending og hann varð einnig fyrstur Íslendinga til að gefa út bók með ljósmyndum í lit. Íslandskvikmynd hans var sýnd á heimssýningunni í New York 1939, en kunnastar af kvikmyndum hans eru leiknu þjóðháttamyndirnar Í jöklanna skjóli og Í dagsins önn. Mynd hans fyrir heimssýninguna er því miður ekki tiltæk í sýningarhæfu, hreinsuðu eintaki en hún er varðveitt á kvikmyndasafni. Í tengslum við sýninguna verður gefin út bók um Vigfús Sigurgeirsson sem ritstýrt er af sýningarhöfundi, Ingu Láru Baldvinsdóttur. Bókin hefur að geyma fimm greinar eftir sérfræðinga á ýmsum sviðum: Ágúst Ólafur Georgsson, fagstjóri þjóðháttasafns við Þjóðminjasafn Íslands, skrifar um þjóðháttakvikmyndir Vigfúsar, dr. Christiane Stahl, forstöðukona Alfred Ehrhardt Stiftung í Köln, fjallar um sýningu hans í Þýskalandi 1935 og áhrif þýskra ljósmyndara á feril hans eftir þá dvöl; Íris Ellenberger sagnfræðingur skrifar ritgerð um landkynningarvakninguna 1935-1940 og hlut Vigfúsar í henni; Linda Ásdísardóttir, safnvörður við Byggðasafn Árnesinga, fjallar um náttúrumyndir hans og dr. Sigurjón Baldur Hafsteinsson, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga, leggur til bókarinnar greiningu á myndgerð ríkisvaldsins í forsetamyndum Vigfúsar.

Í bókinni er jafnframt birt nýtt úrval ljósmynda eftir Vigfús, en slíkt úrval hefur ekki verið gefið út áður og gefur þar að líta þverskurð af framlagi hans til ljósmyndunar hér á landi. Sýningin og bókin sem henni fylgir hefur verið langan tíma í undirbúningi því Vigfús er eitt af stóru nöfnunum í íslenskri ljósmyndun og framlag hans sem dokumentarista er ekki enn metið til fulls. Utan þess að ganga frá eigin myndum vann hann sem tökumaður og á ýmislegt efni sem öðrum heimildarmyndahöfundum hefur nýst. Með útgáfu þessarar bókar vill Þjóðminjasafn Íslands varpa ljósi á störf Vigfúsar sem ljósmyndara og kvikmyndagerðarmanns. Bókin verður til sölu í safnbúð Þjóðminjasafnsins og í helstu bókaverslunum, en sýningin er opin til 31. desember.

pbb@frettabladid.is

LJÓSMYNDIR Eiríkur Sigmundsson, bóndi í Fagranesi á Reykjaströnd, við bjargsig í Drangey með uppgjörðan vað á öxlum. 1938.

„Krassandi, kraftmikil og átakanleg … mergjuð minningabók“
Árni Matthíasson / Morgunblaðið

„Glerkastalinn er ekkert annað en stórbrotin bók.“
Entertainment Weekly

★★★★½

„Þetta er bók sem maður vill klára strax og fá svo meira … Vekur mann til umhugsunar og skilur eftir sig þakklæti í hjartanu.“
Ásdís Björg Jóhannesdóttir / DV

„Hörkugóð bók sem náði mér frá fyrstu blaðsíðu.“
Kolbrún Ósk Skaftadóttir / Eymundsson

„Einstök.“
Time

METSÖLULISTI EYMUNDSSON
Handbækur / fræðibækur / ævisögur
25.09.08

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

ÞORKELL SIGURBJÖRNSSON Eitt þeirra tónskálda sem eiga verk á tónleikum Sinfóníunnar í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Alíslensk tónleikadagskrá

Sinfóníuhljómsveit Íslands kemur fram á heldur sérstökum tónleikum í kvöld, en á þeim verður einungis flutt tónlist eftir íslensk tónskáld. Ástæðan fyrir verkavalinu er sú að hljómsveitin heldur utan í næsta mánuði og kemur fram á tónleikum í Japan. Af því tilefni var sett saman þessi tónleikadagskrá þar sem kynnt er tónlist eftir nokkur af helstu tónskáldum íslensku þjóðarinnar.

Verkin sem leikin verða eru Þrjú óhlutræn málverk eftir Jón Leifs, Eldur eftir Jórunni Viðar, Poemi eftir Hafliða Hallgrímsson, Columbine eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Októ-Nóvember eftir Áskel Másson og Icerapp 2000 eftir Atla Heimi Sveinsson. Einleikarar á tónleikunum eru þau Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Ari Þór Vilhjálmsson fiðluleikari. Hljómsveitarstjóri er Petri Sakari.

Verkin sem leikin verða eru ekki af lakara taginu, heldur hafa þau öll aukið hróður höfunda sinna svo um munar. Poemi eftir Hafliða Hallgrímsson er verðlaunaverk fyrir fiðlu, samið út frá myndum Marcs Chagall um Jakobsstigann. Columbine eftir Þorkel Sigurbjörnsson er flautukonsert sem virkar vel, ásamt óhlutbundnum tónmyndum Jóns Leifs, til að sýna ólíkar hliðar á íslenskum tónsmíðum.

Ískalt verk Atla Heimis myndar einnig hressandi mótvægi við sjóðheitt strengjaverk Áskels Mássonar. Ekki má gleyma að minnast á Eld Jórunnar Viðar, en hljómsveitin leikur verkið í tilefni af níræðisafmæli tónskáldsins í desember á þessu ári. Eldur var fyrsti íslenski ballettinn, frumfluttur í Þjóðleikhúsinu árið 1950, og eitt aðalhljómsveitarverk Jórunnar.

Tónleikarnir fara fram í Háskólabíói og hefjast kl. 19.30 í kvöld. - vþ

MAX RAFTÆKI

189.989 kr.

Fullt verð ~~249.989~~

37 tommur

V-Real Pro 2

Full HD 1080P

Panasonic TX37LZD70F
37" V-Real Pro 2 LCD breiðtjald • Full HD 1080p • 1920x1080 p.uppl. • V-Real Pro 2 Engine tækni • HD Ready • Progressive Scan • Innb. digital DVB-T mótt. • Skerpa: 8.500:1 • VIERA Link • SDHC kortalesari innb. • 20w Nicam Stereó með V-Audio • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnartt. • Textavarp ofl.

2.289 kr.

DVD með íslensku tali

1.989 kr.

PS3

7.989 kr.

320GB

DVD spilari með upptöku

Samsung DVDHR757 DVD
DVD upptökutæki • Innb. 320GB harður diskur • Getur skrifað beint á disk • Allt að 540 tím upptaka á harðan disk • Styður Dolby Digital og DTS

49.989 kr.

Fullt verð ~~59.989~~

500GB flakkari

USB 2

WD Essential 500GB USB 3.5
Western Digital My Book WDG1U5000E • Flakkari með 500GB hörðum disk • Slekkur á sér samhliða tölvu • Háhraða USB 2.0

14.989 kr.

KitchenAid hrærivél

KitchenAid Artisan 150
Vönduð hrærivél • Hraðastillingar • Þeytari, hrærari og hnoðari • Íslenskur leiðarvísir

39.989 kr.

Fullt verð ~~49.989~~

Ketill og pressukanna

Exido 245059
1L ketill • 1800w • Snúrulaus • 1L Pressukanna • Ryðfrítt stál

50% afsláttur

3.489 kr.

Fullt verð ~~6.989~~

DVD myndir 989 kr.

Hundruðir DVD titla í boði!

OPNUNARTÍMI

Mánudaga	kl. 11-19	Föstudaga	kl. 11-19
Þriðjudaga	kl. 11-19	Laugardaga	kl. 11-18
Miðvikudaga	kl. 11-19	Sunnudaga	kl. 12-18
Fimmtudaga	kl. 11-19		

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA og í Holtagörðum

MAX RAFTÆKI

Engisprettur koma aftur á svið

Leikhúsunnendum sem misstu af Engisprettum á liðnu leikári gefst nú tækifæri til að sjá þessa rómuðu leiksýningu, en efnt verður til fimm aukasýninga á verkinu nú í haust. Sýningar hefjast í Þjóðleikhúsinu um helgina. Engisprettur voru frumsýndar seint á síðasta leikári. Þetta heillandi verk serbneska leikskáldsins Biljönu Srbljanovic vakti mikla athygli á liðnu leikári og gagnrýnendur lofuðu sýninguna í hástert. Sýningin var tilnefnd til fimm Grímuverðlauna á liðnu vori. Þórhildur Þorleifsdóttir var tilnefnd fyrir leikstjórn og Guðrún S. Gísladóttir fyrir leik, en einnig hlutu útlitshönnuðir sýningarinnar allir tilnefningu; leikmyndahöfundurinn Vytautas Narbutas, búningahöfundurinn Filippía I. Elísdóttir og Lárus Björnsson ljósahönnuður.

Biljana Srbljanovic er eitt athyglisverðasta leikskáld samtímans, en í leikritum sínum nær hún á einstæðan hátt að sameina leiftrandi húmor, bráðskemmtilega persónusköpun, næma skoðun á manneskjunni og skarpa þjóðfélagsrýni. Í Engisprettum er fjallað um fjölskylduna, átök ólíkra kynslóða og viðleitni mannsins til að komast af, á snjallan og meinfyndinn hátt. Við kynnumst fjölda litríkra persóna og fylgjumst með því hvernig örlög þeirra tvinnast saman. Einvala lið leikara túlkar persónur verksins, þau Anna Kristín Arngrímsdóttir, Arnar Jónsson, Eggert Þorleifsson, Friðrik Friðriksson, Guðrún Snæfríður Gísladóttir, Gunnar Eyjólfsson, Hjalti Rögnvaldsson, Pálmi Gestsson, Sólveig Arnarsdóttir, Þóra Karítas Árnadóttir og Þórunn Lárusdóttir. Þýðandi verksins er Davíð Þór Jónsson.

Aðeins fimm sýningar verða á verkinu en nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.leikhusid.is.

- pbb

LEIKLIST Þetta samtímaverk frá Serbíu var ein athyglisverðasta sýning á liðnum vetri og nú er það tekið upp á ný. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ – EDDI

Þjóðleikhúsið

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Ástin er diskó, lífið er pönk
Hallgrímur Helgason
Ekki missa af eldfjörugum söngleik
sun. 28/9 örfá sæti laus

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Heillandi og krúttleg brúðusýning fyrir yngstu börnin
sun. 28/ 9 þrjár sýningar, örfá sæti laus

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
Geysivinsælt ævintýri fyrir alla fjölskylduna!
sun. 28/9 kl. 14 örfá sæti laus

Engisprettur
Biljana Srbljanovic
Einstakt tækifæri, aðeins fimm sýningar!
fös. 26/9, lau. 27/9 örfá sæti laus

Opið kort
Áskriftarkort
Forskotskort

Þú sparar í allan vetur!

Nánar á www.leikhusid.is

Kortasalan í fullum gangi

Heimur heyrnarlausra

Í tilefni af degi heyrnarlausra verður leikritið Viðtalið sýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld.

DÖFF-LEIKHÚS Atriði úr leikritinu Viðtalið.

Viðtalið hefur áður verið sýnt við góðar viðtökur í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Í leikritinu er fylgst með uppgjöri mæðgna; dóttirin er heyrnarlaus og er jafnframt fræg leikkona. Til stendur að blaðamaður taki viðtal við hana og er því fenginn táknmálstúlkur til þess að gera viðtalið mögulegt. Á meðan mæðgurnar bíða eftir blaðamanninum fara þær, með aðstoð túlksins, að eiga í einlægum samskiptum í fyrsta skipti á ævinni.

Laila Margrét Arnþórsdóttir er, ásamt Margréti Pétursdóttur, höfundur leikgerðarinnar. Laila starfar jafnframt sem ráðgjafi hjá Félagi heyrnarlausra og segist í því starfi hafa kynnst sögu heyrnarlausra hér á landi. „Heyrnarlausir eru miklir sögumenn og hafa frá mörgu að segja. Þegar ég hafði heyrt margar sögur, og allar áhugaverðar, langaði mig til að fara að vinna úr þeim. Þannig varð Viðtalið til, en í því steypti ég brotum úr sögum margra saman í sögu þessarar einu konu.“

Leikritið er leikið bæði á íslensku og á íslensku táknmáli og gerir því bæði heyrandi og heyrnarlausum kleift að njóta þess á jöfnum grundvelli. Leikritið tilheyrir þannig leikhúshefð sem kallast döff-leikhús, eða leikhús heyrnarlausra. Að sögn Lailu er döff-leikhús í sókn hér á landi. „Til stendur að hefja samstarf við Þjóðleikhúsið um uppsetningu fleiri döff-leikverka. Við verðum þó að taka tillit til þess að hér á landi er samfélag heyrnarlausra svo lítið að döff-sýningar verða að geta höfðað jafnt til heyrnarlausra og heyrandi.“

Viðtalið hefur þegar verið selt til Danmerkur þar sem leikhús heyrnarlausra vinnur nú að þýðingu þess. Einnig hefur skoska leikhúsið Solarbear, sem sérhæfir sig í sýningum fyrir heyrnarlausa og daufblinda, sýnt því áhuga að setja verkið upp. Það er því ljóst að íslenskt döff-leikhús er í sókn á fleiri vígstöðvum en hér heima.

Viðtalið verður sýnt í Kúlunni, sviði Þjóðleikhússins, í kvöld kl. 20. Draumasmiðjan setur sýninguna upp. **vigdis@frettabladid.is**

Fyrirmyndarbók

Lesandinn er vitaskuld alveg gáttaður á þessari bók, hún er svo falleg og vel úr garði gerð í alla staði, svo vönduð og smekkleg að maður er alveg stúmm, eins og nafntogaður listmunur á fínu listasafni eða háð, maður þorir varla að fletta og lesa ljóðin og þýðingarnar, en þá heldur ævintýrið áfram eins og ekkert sé, gefur skít í efann, sér ekki fyrir endann, þetta batnar bara, meira eða minna.

Bókin er afrakstur alþjóðlegrar ljóðahátíðar, safnrit átján höfunda, tólf íslenskra, sex erlendra, öll ljóðin birt bæði á frummáli og í þýðingu (stundum jafnvel fleiri en einni), allt til fyrirmyndar. Bókin er til vitnis um mikla grósku, borin uppi af sýnilegri trú á hlutverk ljóðsins, sígilt og síungt, rödd þess í skarkalanum, viðspyrnu þess og sjón-varp í samtíma, svar þess við klisjum fjölmiðla og dómara, trú á útúrsnúninga þess og orðumorð. Allir sem fæddir eru fyrir miðja síðustu öld ættu að lesa þessa bók til þrautar, aðrir gera það óumbeðnir vænti ég. Bókin er framhald, ekki nýtt upphaf, því síður órar um framtíð, tekur við því sem er og gerir við það eitthvað nýtt.

Eru þetta tilraunaljóð? Hvað eru tilraunaljóð? Í „Hátíðarkveðju“ bjóða forsprakkar forlags og hátíðar lesendum að „kynnast því besta sem nú er á seyði í íslenskri ljóðlist“ – mér finnst þessi setning besta tilraunaljóðið í bókinni, auðmýkt setningarinnar undirstrikar dramb ljóðanna ef maður les hvort tveggja sem íróníu frá rótum, og mistekst. Í skóla heyrði ég þessa skilgreiningu á tilraunaljóði: „Tilraunaljóð eru tvenns konar, tilraun sem tekst og tilraun sem mistekst, og ef tilraunin tekst er ljóðið ekki (lengur) tilraunaljóð“. Í þessu felst að tilraunaljóð er bara „eins konar“; ljóð sem mistekst. Þetta hlýtur að vera bull. Hvað er þá tilraunaljóð? Eitthvað nýtt sem á eftir að vaxa og sanna sig (eða afsanna)? Veit ekki, segir hver?, held samt að í þessari bók séu ekki tilraunaljóð, minnir of mikið á verklega eðlisfræði, þetta eru ekki skóla(stofu)ljóð. Hómó sapiens er tilraun, það var kennt í mínu ungdæmi, annars féll maður á landsprófi.

Það eru nokkur frábær ljóð í þessari bók og fallegar, tilgerðarlausar og blátt áfram þýðingar, víðast, (á einstaka stað ber þó á þeim leiða sið að leita samheita þegar skáldið beitir endurtekningum), spennandi skáldskapur og fagleg vinnubrögð – dæmi um fyrirmyndarþýðingu á íslensku eru „Rótandi skepna“ (Kári Páll Óskarsson), „Pan fafla“ (Eiríkur Örn Norðdahl) og „Ef Helsinki“ (Kristín Eiríksdóttir) – allt eru þetta líka æðisleg ljóð. Konur fara á kostum í þessari bók, hver án kapps við aðra, „Stóri hvíti maður“ (Kristín) er t.d. magnað ljóð sem beitir lesandann líkamlegum klækjum, sér í gegnum hann eins og þriðja augað í draumi, skekur með því vídd hans og skerpir sýn hans á eigin skilning, „Neytendalögin“ (Börjel) eru drepfyndin og eitruð, „Yrðing“ (Cotten) er fagursköpuð og klár, „Ég hef mínar efasemdir...“ (Kristín Svava), ég ekki, áleitið ljóð með einkar bragðvísu myndmáli, „Hótel Blizz“ (Linda) sprengir stríð með friði, kveikir mannkyni von á eigin kostnað, ég tárast, „Ox“ (Una Björk) er ljóð sem mig langar sjálfan að dreyma, hvernig sem fer ... og „Ef Helsinki“ (Nina Søs); gamanleikur ársins, skellið ykkur strax, áður en það er of seint.

Svo gefa strákarnir þeim ekkert eftir, „hreinustu ljóð í heimi“, ég segi það satt (núna).

Sigurður Hróarsson

BÓKMENNTIR

Gáttir

Safn nýrra ljóðaþýðinga ásamt frumtextum

Nýhil 2008

★★★★

Allir sem eru fæddir fyrir miðja síðustu öld ættu að lesa þessi ljóð til þrautar.

Katrín á sigurbraut

Katrín Elvarsdóttir ljósmyndari hefur verið tilnefnd til Deutsche Börse Photographic Prize fyrir sýningu sína Margsaga sem nú er uppi í Gallerí Ágúst á Baldursgötunni í Reykjavík. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi framlag til samtímaljósmyndunar í Evrópu á síðastliðnu ári. Meðal þeirra sem hlotið hafa verðlaunin eru listamennirnir Esko Männikkö, Rineke Dijkstra og Andreas Gursky.

Tilnefning til verðlaunanna er í höndum alþjóðlegs faghóps. Dómnefnd velur fjóra úr hópi hinna tilnefndu og verður sýning með verkum þeirra sett upp í hinu virta Photographers' Gallery í London á næsta ári. Fyrstu verðlaun nema rúmlega fimm milljónum íslenskra króna en það mun vera með hæstu verðlaunaupphæðum í listheiminum.

Um þessar mundir eru tvær sýningar í Reykjavík á ljósmyndaverkum Katrínar sem er einn af eftirtektarverðustu ljósmyndurum okkar en hún sýnir líka ljósmyndir sínar af flóttamönnum á Íslandi í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Í tilefni af tilnefningu Katrínar mun sýningin Margsaga verða framlengd til 14. október. Gallerí Ágúst er opið miðvikudaga til laugardaga kl. 12-17, en sýning þeirra Sigrúnar Sigurðardóttur, Heima - heiman í Ljósmyndasafninu er opin til 23. nóvember og er opin frá 12-19 virka daga, en frá 13-17 um helgar. **- pbb**

LJÓSMYNDIR Katrín Elvarsdóttir ljósmyndari.

VIÐ ÆFINGAR Martin Berkofsky og Einar Jóhannesson tóku á því í Salnum á miðvikudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leikið til góðs

Píanóleikarinn Martin Berkofsky og klarínettuleikarinn Einar Jóhannesson koma fram á tónleikum í Salnum í Kópavogi kl. 17 á sunnudag.

Einar Jóhannesson þarf vart að kynna fyrir lesendum en hann er einn af fremstu hljóðfæraleikurum þjóðarinnar. Martin Berkofsky er þrautreyndur bandarískur píanóleikari. Hann bjó hér á landi á árum áður og það var einmitt hér sem hann varð fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að lenda í mótórhjólaslysi. Berkofsky meiddist talsvert, en lét það þó ekki aftra sér frá því að koma fram á tónleikum aðeins fáeinum vikum eftir slysið. Árið 2000 greindist Berkofsky svo með krabbamein, en hafði blessunarlega betur í baráttu sinni við það. Eftir þá reynslu ákvað hann að helga líf sitt góðgerðarstarfsemi og hefur síðan þá ekki þegið greiðslu fyrir að koma fram á tónleikum, heldur lætur hann laun sín ávallt renna til góðgerðarmála.

Berkofsky stundar að auki maraþonhlaup af miklum móð og hleypur reglulega til góðs. Þannig hljóp hann til að mynda frá Tulsa til Oklahoma til þess að safna fé til kaupa á krabbameinsleitartæki fyrir sjúkrahúsið í Tulsa, en þar gekkst hann sjálfur einmitt undir krabbameinsmeðferð.

Á efnisskrá þeirra Einars og Martins á sunnudag eru verk eftir tónskáld á borð við Schumann, Brahms og Þorkel Sigurbjörnsson. Miðasala fer fram í Salnum og er miðaverð 3.900 krónur. - vþ

Myndbandalist í Gerðubergi

Opnuð var yfirlitssýning á verkum myndbandslistakonunnar Steinu – Steinunnar Briem Bjarnadóttur Vasulka – í menningarmiðstöðinni Gerðubergi um síðustu helgi.

STEINA VASULKA

Steina er einn af frumherjum íslenskrar myndbandalistar. Hún er fædd í Reykjavík árið 1940 og lagði framan af stund á nám í fiðluleik. Nítján ára gömul fékk hún styrk til náms við Tónlistarháskólann í Prag, en þar kynntist hún tilvonandi eiginmanni sínum Woody Vasulka, vélaverkfræðingi og kvikmyndagerðarmanni. Steina starfaði um skeið sem fiðluleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands en fór síðan til New York með eiginmanni sínum. Þar kynntist hún, seint á sjöunda áratugnum, myndbandalistforminu sem hún hefur unnið að síðan.

Steina hefur farið vítt og breitt í rafrænni listsköpun sinni; gert myndbönd og innsetningar og nú á síðustu árum hefur hún framið gagnvirka gjörninga á opinberum stöðum þar sem að fiðluleikur hennar er notaður til að stjórna myndefni sem varpað er á stóra skjái. Hún var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum árið 1997 en þar var sýnt verk hennar Orka.

Sýningin í Gerðubergi stendur yfir til 2. nóvember. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn. - vþ

Þú nýtir þér Bílafrelsi Brimborgar fyrir 27. september n.k. og færð að auki gæðavetrardekk.

Veldu hagkvæmustu og auðveldustu leiðina

Nýttu þér tilbo
Bílafrel

Nýtt

Veldu hagkvæma leið. Veldu Bílafrelsi Brimborgar.

Nú er góður tími til að fá sér nýjan bíl fyrir veturinn. Þú velur hagkvæmustu leiðina og nýtir þér tilboðin sem fylgja Bílafrelsi Brimborgar. Bílafrelsi er frábær útfærsla á einka-/rekstrarleigunni. Bílafrelsið er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði, ef þú vilt. Það er erfitt að finna auðveldari leið til að fá sér nýjan bíl.

Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg. Nýttu þér tilboðin sem fylgja Bílafrelsi Brimborgar. Kynntu þér einstök kjör á nýjum bílum hjá Brimborg.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg

Þú hugleiðir hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg í dag. Komdu í kaffi og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan bíl hjá Brimborg í dag.

Strax í dag. Dæmi um tilboð með Bílafrelsi Brimborgar:

Tilboð. Einka-/rekstrarleiga 54.900 kr. á mánuði.

Mazda6 Advance

Komdu fyrir helgi og þú færð að auki gæðavetrardekk með Mazda6

Hringdu núna í síma 515-7000

2,0i 147 hö 184 Nm sjálfskiptur 4 dyra
CO2 losun 182 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,7 l/100 km
Septemberverð: 3.090.000 kr.*
Einka-/rekstrarleiga 54.900 kr. á mánuði í 24 mánuði.
Innifalinn í leigugreiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 559.486 kr.
6 bílar á þessu tilboði.

Tilboð. Einka-/rekstrarleiga 34.800 kr. á mánuði.

Ford Fiesta Trend

Komdu fyrir helgi og þú færð að auki gæðavetrardekk með Fiesta

Hringdu núna í síma 515-7000

1,4i 80 hö 124 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,4 l/100 km
Septemberverð: 1.930.000 kr.*
Einka-/rekstrarleiga 34.800 kr. á mánuði í 24 mánuði.
Innifalinn í leigugreiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 334.870 kr.
6 bílar á þessu tilboði.

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6-8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | brimborg.is

* Brimborg áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Einka-/rekstrarleiga er miðuð við mánaðarl. greiðslur í 24 mán. sem eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta, myntkarfa: 40% EUR, 25% USD, 15% JPY og 20% CHF. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári.

Nýjung
Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími eða 24 mánuðir í stað 36

Nýjung
Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

Þín sem fylgja Bílafrelsi Brimborgar

Bílafrelsi Brimborgar 12-24.

Tilboð. Einka-/rekstrarleiga 42.500 kr. á mánuði.

Citroën C4 SX

Komdu fyrir helgi og þú færð að auki gæðavetrardekk með Citroën C4

Hringdu núna í síma 515-7000

1,6i 110 hö 147 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 169 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,1 l/100 km
Septemberverð: 2.330.000 kr.*
Einka-/rekstrarleiga 42.500 kr. á mánuði í 24 mánuði.
Innifalinn í leigugreiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 412.503 kr.
3 bílar á þessu tilboði.

Tilboð. Einka-/rekstrarleiga 79.900 kr. á mánuði.

Ford Escape XLS AWD

Komdu fyrir helgi og þú færð að auki gæðavetrardekk með Escape

Hringdu núna í síma 515-7000

2,3i 153 hö 206 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 9,9 l/100 km
Septemberverð: 3.870.000 kr.*
Einka-/rekstrarleiga 79.900 kr. á mánuði í 24 mánuði.
Innifalinn í leigugreiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 704.061 kr.
7 bílar á þessu tilboði.

Þú nýtir þér Bílafrelsi Brimborgar fyrir 27. september n.k. og færð að auki gæðavetrardekk.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Einka-/rekstrarleiga miðast við innborgun sem nemur 4 afb. í tryggingafé. Ef leigutaki nýtir sér bílafrelsi eftir 12 mán., þarf viðkomandi að láta Brimborg vita með 15 daga fyrirvara. Septemberverð er nettóverð með afslætti. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Aukabúnaður á mynd er ekki innifalinn í verðinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

MOTION BOYS

KINGS OF LEON

> Í SPILARANUM

Motion Boys - Hang on
Glasvegas - Glasvegas
Alphabeat - This Is Alphabeat
TV on the Radio - Dear Science
Kings of Leon - Only by the Night

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Berlínarmynd Slingstjóra

Heimildarmyndin Berlin Song er sýnd á kvikmyndahátíðinni RIFF ásamt öðrum tónlistarmyndum í flokknum Hljóð í mynd. Myndin fjallar um sex tónlistarmenn og hvernig þeir upplifa Berlin. Þýski leikstjórinn heitir Uli M. Schueppel og gerði meðal annars heimildarmyndina The Road to God Knows Where um Evróputúr Nicks Cave. Þá hefur hann unnið með Einstürzende Neubauten og síðast en ekki síst hljómsveitinni Singapore Sling. Uli leikstýrði myndbandi við lag Slingsins, „Godman“, sem verður á plötunni Confusion then Death sem væntanleg er á næstu vikum.

ÍSLANDSVINUR Uli M. Schueppel leikstýrði Slinginu og stýrir Berlin Song.

> Plata vikunnar

Sesar A - Of gott

★★★

„Þó að textarnir á Of gott séu ekki eftirminnilegir þá er tónlistin flott og nokkur frábær lög, t.d. Worldwide og Hosur grænar.“

TJ

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Tónelsk kvikmyndahátíð

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík sem sett var í gær er nú haldin í fimmta skipti. Á henni hafa undanfarin ár verið sýndar eftirminnilegar tónlistarmyndir. Fyrir tveimur árum fengum við t.d. að sjá Daft Punk-myndina *Electroma* í viðurvist þeirra Thomas Bangalter og Guy-Manuel de Homem-Christo og í fyrra var það leikna heimildarmyndin *Control* um Ian Curtis og Manchester-sveitina Joy Division.

Í ár er tónlistarþemað tekið enn lengra því að nú hefur verið stofnaður sérstakur flokkur um tónlistarmyndir, Sound on Sight, eða Hljóð í mynd á íslensku. Í þeim flokki eru í ár sýndar níu myndir hver annarri forvitnilegri. *Berlín kallar* og *Berlínaróður* eru ólíkar, en fjalla báðar um gróskuna í tónlistarlífinu í Berlín. *Squeezebox* fjallar um hommaklúbb í New York sem Rudy Giuliani lét loka, *Lou Reed's Berlin* er tekin upp á sex tónleikum í New York þar sem Lou Reed flutti sína vanmetnustu plötu í heild sinni, en inn í myndina fléttar leikstjórinn Julian Schnabel leiknum atriðum. *Þungarokk í Bagdad* fjallar um það og Villt samsetning fjallar um tónlistarmanninn Arthur Russel sem lést úr alnæmi 1992. Sérstök sýning verður á *Sögu Borgarættarinnar* við undirleik hljómsveitarinnar Hjaltalín og svo eru tvær íslenskar myndir. *Teipið gengur* fjallar um gerð plötunnar Oft spurði ég mömmu. Ágæt mynd sem fylgdi með plötunni á DVD.

TILHLÖKKUN Gusgus kemur við sögu í heimildarmyndinni Rafmögnuð Reykjavík sem verður frumsýnd á morgun.

Mest tilhlökkun er hins vegar að sjá íslensku myndina *Rafmögnuð Reykjavík* eftir Arnar Jónasson sem fjallar um raf- og danstónlistarsenuna á Íslandi og hefur verið mörg ár í vinnslu. Í henni er fullt af tónlist og viðtölum við gerendur á senunni; Biogen, Gusgus, Anonymous, Ghostigital, Grétar í Þrumunni, Þórhallur í Thule og Aggi Agzilla eru þar á meðal. Íslenska raftónlistarsenan hefur mjög lítið verið dokúmenteruð og þess vegna er það sérstakt ánægjuefni að fá loks mynd sem reynir að ná utan um hana.

ÍSLENDINGAR Á LONDON AIRWAVES Bjarni Knútsson öryggisvörður, Sara María Eyþórsdóttir og Þorsteinn Stephensen stóðu vaktina í Rough Trade-plötubúðinni á Brick Lane. Þar fór miðasala fram fyrir London Airwaves um síðustu helgi.

Iceland Airwaves í útrás

Góður rómur var gerður að London Airwaves-hátíðinni sem haldin var um síðustu helgi. Þorsteinn Stephensen, eigandi Hr. Örlygs, segir að hátíðin verði haldin aftur á næsta ári og verið sé að skoða hvort Airwaves verði haldin í fleiri löndum í framtíðinni.

STEED LORD Svala Björgvins og strákarnir voru í góðu stuði á hátíðinni og vöktu talsverða lukku.

Alls voru átta skemmtistaðir í Shoreditch-hverfinu í London lagðir undir fyrstu London Airwaves-hátíðina um síðustu helgi. Fjöldi hljómsveita og plötusnúða kom fram, allt listamenn sem teljast ungir og upprennandi. Nokkrar hljómsveitanna á London Airwaves eru væntanlegar á Iceland Airwaves í næsta mánuði, til að mynda Familjen, Pnau og Young Knives. Íslensku hljómsveitirnar Steed Lord og FM Belfast komu fram og vöktu talsverða athygli. Fjöldi Íslendinga sótti hátíðina heim og lét vel í sér heyra þegar Íslendingarnir stigu á svið.

Allt púðrið í eina tunnu

Þorsteinn Stephensen, eigandi Hr. Örlygs, sá um framkvæmd hátíðarinnar ásamt fjölda Íslendinga. Þar á meðal voru Egill Tómasson, Sara María Eyþórsdóttir, Róbert Aron Magnússon og Bjarni Knútsson. Þorsteinn sagði í samtali við Fréttablaðið að hann væri nokkuð ánægður með hvernig hátíðin í London heppnaðist. „Ég hefði viljað sjá aðeins meiri sölu en annars er ég mjög ánægður. Við fengum mikla umfjöllun í fjölmiðlum og viðbrögðin voru alls staðar góð,“ segir hann. Um 2.300 gestir voru á hátíðinni auk rúmlega tvö hundruð blaðamanna. Þorsteinn er spurður hvort Hr. Örlygur hafi hagnast á hátíðinni í London. „Nei, en við vorum mjög nálægt núllinu. Við erum sjálfsagt að borga eitthvað með þessu. Við höfum áður haldið kynningartónleika fyrir Airwaves í Skandinavíu og í London og höfum verið að borga með þeim. Nú settum við bara allt púðrið í eina tunnu og það kemur svipað út. Þetta er bara markaðsátak og þau kosta alltaf sitt.“

Aðspurður viðurkennir Þorsteinn að ýmsir byrjunarörðugleikar hafi komið upp við framkvæmd London Airwaves. Þeir hafi þó allir reynst smávægilegir. „Við sáum eiginlega bara hversu allt tæknifólk og „crew“ er gott á Íslandi. Þarna vorum við að vinna í fyrsta skipti með fólki og það gekk misvel.“ Hann segir að það hafi verið rétt ákvörðun að láta hátíðina aðeins standa í eitt kvöld, öfugt við þau þrjú eða fjögur eins og tíðkast hér á landi.

Útrásin heldur áfram

„Ég get staðfest að hátíðin verður haldin aftur í London næsta haust. Hvort það verður aftur á nákvæmlega sama stað á hins vegar eftir að koma í ljós,“ segir Þorsteinn sem segir að hátíðin í London hafi styrkt Airwaves-vörumerkið mikið. Það liggur því beint við að spyrja hann hvort ætlunin sé að halda áfram með útrásina, hvort Airwaves verði haldin í fleiri löndum á næstunni. „Við erum að skoða fleiri lönd. Ég vil ekki vera með neinar yfirlýsingar en við erum að velta þessu fyrir okkur.“

Nú eru tæpar þrjár vikur í Iceland Airwaves-hátíðina og segir Þorsteinn að undirbúningur gangi vel. „Við sáum nokkur af þessum böndum úti í London og þau komu gríðarlega á óvart. Þetta verður sterk hátíð, enda hefur salan gengið vel. Við búumst við að það verði uppselt eins og hingað til.“

hdm@frettabladid.is

ABBA LOKSINS Á ÍSLANDI!

Vinsælasta ABBA-sýning í heimi á stórtónleikum í Vodafonehöllinni

THE MUSIC OF ABBA

Laugardagskvöldið 8. nóvember kl. 21

Sýningin nýtur gríðarlegra vinsælda og hafa ABBA-aðdáendaklúbbar víða um heim kosið hana bestu ABBA-sýningu allra tíma. Arrival vinnur náið með höfuðpaurum ABBA, þeim Björn og Benny, og er þessa dagana að gefa út áður óútgefið ABBA-lag sem ber heitið *Just a notion*.

Dancing Queen ✦ Money, Money, Money ✦ Voulez-Vous
Waterloo ✦ The Winner Takes it All ✦ I Do I Do I Do I Do
Knowing Me, Knowing You ✦ Super Trouper ✦ Fernando
S.O.S. ✦ Mamma Mia ✦ Take A Chance On Me og fleiri lög

Verð: 4.900 kr.

PORT hönnun

Miðasala hefst í dag, föstudaginn 26. september kl. 10 á midi.is

Egils lite LÉTTÖL

ÍH ICELANDAIR HOTELS LOFTLEIÐIR

ICELANDAIR

Fjörefli ehf.

midi.is

> ÆTTLEIÐA AFTUR?

Brad Pitt og Angeline Jolie eru sögð vera að íhuga að ættleiða annað barn. Fyrir eiga þau soninn Maddox sjö ára, Pax fjögurra ára, Zahöru þriggja ára, Shiloh tveggja ára og tvíburana Leon og Vivienne Marcheline sem fæddust fyrir tveimur mánuðum. Brad og Angelina er nú sögð vilja ættleiða barn frá Namibíu, Bólivíu eða Paragvæ, en Angelina vill ættleiða frá Suður-Ameríku til þess að vekja athygli á börnum í neyð í þeim heimshluta.

fólk

folk@frettabladid.is

32C kemur rappinu á kortið

Félagarnir Dabbi T, Emmsjé Gauti og Nagmús hafa stofnað rappsveitina 32C og er fyrsta lag hennar, É É É É, á leið í útvarpsspilun.

Að sögn Dabba T hafði umboðsmaðurinn Ómar Ómar samband við hann og Gauta með það í huga að þeir myndu stofna nýja hljómsveit. „Hann hafði lengi langað til að taka einhverja hljómveit og gera að einhverri alvöru. Hann sagði að það eina sem sér kæmi til hugar væri að ég og Gauti værum í henni," segir Dabbi T. „Við höfðum samband við Magga (Nagmús) og hann sló til og ákvað að vera með."

Dabbi T og Emmsjé Gauti hafa reynslu frá sólóferli sínum og gaf Dabbi til að mynda út sína fyrstu plötu á síðasta ári, Óheflað málfar. Dabbi ætlar að gefa út tvö sólólög áður en 32C fer í gang en eftir það mun hann einbeita sér að nýju sveitinni.

Íslenskt rapp hefur lítið verið í umræðunni að undanförnu og vilja Dabbi og félagar ráða bót á því. Hann játar að rappið hafi á sínum tíma verið að lognast út af en síðan lifnaði það aftur við. „Núna er aftur komin lægð í þetta og við ætlum að breyta því, það þýðir ekkert annað." **- fb**

32C Rappararnir í 32C ætla að láta að sér kveða á næstunni.
MYND/REBEKKA

Þrefaldur Rúnar Júl

Meistari Rúnar Júl hefur frá árinu 1965 gefið út plötur með nýju efni. Í ár verður breyting á. Í stað hefðbundins nýmetis kemur út þrefaldi safndiskurinn Sögur um lífið. „Það verður stiklað á virkilega stóru alveg frá 1965 til 2008, einhver 70-80 lög," segir Rúnar. „Ég fékk heiðursverðlaun ÍTV í vor og ákvað að staldra aðeins við í ár. Ég kem svo fílefldur til leiks á næsta ári með nýja plötu."

Rúnar man auðvitað tímana tvenna, ef ekki þrenna. „Í gamla daga var maður alveg einn á plötumarkaðinum, kannski með Fóstbræðrum. Þá var þetta aðeins rólegra. En ég hef samt alltaf komið með eitthvað nýtt á hverju ári. Nema reyndar árið 1973. Það var magurt ár." **- glh**

STALDRAR VIÐ Rúnar Júl segir „Sögur um lífið".

Bjartmar leigir leikhús í London

Bjartmar Þórðarson þreytti frumraun sína sem leikstjóri í verki sem frumsýnt var í London í gær.

„Ég og félagi minn erum að setja upp tvær sýningar með hléi á milli, sem við leikstýrum hvor í sínu lagi," segir Bjartmar Þórðarson leikari, sem leikstýrir verkinu Mr. Kolpert í Greenwich Playhouse í London. Leikritið var frumsýnt í gær og er frumraun Bjartmars í leikstjórn. Hann útskrifaðist sem leikari árið 2004, en er nú að ljúka mastersnámi í leikstjórn frá Rose Bruiford-leiklistarskólanum.

„Ég og Ryland Alexander, félagi minn, fengum svokallaðan „career development"-styrk sem við ákváðum að nota til að leigja leikhús. Ryland setti upp einleik en fimm leikarar eru í sýningunni minni, sem er bæði lokaverkefni og fyrsta sýning eftir nám. Ég réði leikarana eftir prufur sem ég hélt úti í ágúst, en nokkra þekkti ég frá því að ég var í Webber-Douglas-leiklistarskólanum," útskýrir Bjartmar, sem hefur verið búsettur í London undanfarið ár.

Aðspurður segist hann stefna á að flytja aftur til Íslands að námi loknu. „Ég er að fara í smá leikstjórnarverkefni á Íslandi í október, en annars er ég bara að leita að verkefnum, hvort sem er á Íslandi eða erlendis. Það sem heillar mig mest er að geta starfað bæði við leikstjórn og leiklist, svo maður fái örugglega ekki leiða á öðru hvoru. Það væri draumastaðan," segir Bjartmar.
alma@frettabladid.is

LÝKUR MASTERSNÁMI Í LEIKSTJÓRN Mr. Kolpert verður sýnt frá 1. til 12. október í Greenwich Playhouse í London, en verkið er frumraun Bjartmars í leikstjórn.

Breiðavíkurdrengir á kvikmyndahátíð

„Við eigum von á því að í hópinn bætist félagar úr sambærilegum samtökum á Norðurlöndum og Breiðavíkursamtökin eru hér," segir Ari Alexander kvikmyndagerðarmaður.

Á laugardag verður kvikmyndahátíðin Nordisk Panorama haldin í Malmö en þar er keppt í flokki stuttmynda og heimildarmynda þar sem tvær myndir verða sýndar, Kjötborgin og svo Syndir feðranna eftir Bergstein Björgúlfsson og Ara. Þeir fylgja mynd sinni eftir sem og Bárður Ragnar Jónsson, formaður Breiðavíkursamtakanna, og Georg Viðar Björnsson. Í flokknum eru ellefu norrænar heimildarmyndir og Ari, sem nú er í stjórn Breiðavíkursamtakanna, gerir sér vonir um að nokkurt hópefli myndist þegar „Breiðavíkurdrengir" frá Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, mæta á staðinn. „Við ætlum að nota tækifærið og vekja athygli á málstað samtakanna. Nei, Syndir feðranna er ekki áróðursmynd. En áður en ég vissi var ég farinn að standa með drengjunum og vil fylgja þessu máli eftir," segir Ari. Hann vinnur nú að framhaldi myndarinnar, segir ekki annað hægt en fylgja þessu eftir. „Ég mun fylgja þessu eftir þar til málinu er lokið með bótum eða skaðabótamáli gegn ríkinu." **- jbg**

FÁ FLUGMIÐA FRÁ ICELAND EXPRESS Kvikmyndahátíðin í Malmö verður vettvangur baráttu norrænna „Breiðavíkurdrengja" ef Ari fær að ráða.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

FIMMTUDAG, FÖSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLU Í VERSLUNINNI

the PIER

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudaga til föstudaga 11:00 til 19:00 / laugardaga 10:00 til 18:00 / sunnudaga 12:00 til 18:00

Bætist við Airwaves

Hljómsveitirnar Fuck Buttons og The Mae Shi spila á Moshi Moshi-kvöldi Iceland Airwaves sem verður haldið í Listasafni Reykjavíkur. Fuck Buttons er tveggja manna band frá Bristol í Englandi sem spilar tilraunakennda raftónlist. Sveitin þykir afar efnileg og hefur nýjasta plata hennar, Street Horrsing, fengið góða dóma.

The Mae Shi er frá Los Angeles og spilar tilraunakennt og rafskotið pönk. Þriðja plata hennar, HLLLYH, var gefin út hjá Moshi Moshi-fyrirtækinu fyrr á árinu.

Þær íslensku hljómsveitir sem hafa bæst við Airwaves eru Cocktail Vomit, Sykur, Audio Improvement, <3 Svanhvít! og Ske. Á meðal fleiri sveita sem koma fram á hátíðinni, sem hefst 15. október, eru Boys in a Band, Young Knives, Vampire Weekend, Gus Gus og Benni Hemm Hemm.

FUCK BUTTONS Enska hljómsveitin Fuck Buttons spilar á Moshi Moshi-kvöldinu á Iceland Airwaves.

BRANT BJORK AND THE BROS Bandarísku rokkararnir spila á tvennum tónleikum á Íslandi í kvöld og annað kvöld.

Brant Bjork til Íslands

Bandaríska rokksveitin Brant Bjork & The Bros heldur tvenna tónleika á Íslandi í kvöld og annað kvöld. Forsprakki sveitarinnar er Brant Bjork, fyrrverandi meðlimur hljómsveitanna Fu Manchu og Kyuss, sem hafði á að skipa Josh Homme og Nick Oliveri úr Queens of the Stone Age.

Rokkararnir í Brain Police ætla að hita upp á báðum tónleikunum. Þeir fyrri verða á Græna hattinum á Akureyri í kvöld og hinir síðari á Amsterdam. Þar mun Esja einnig hita upp. Húsið opnar klukkan 21 bæði kvöldin og er miðaverð 1.500 krónur. Eru allir sannir rokkarar hvattir til að láta tónleikana ekki framhjá sér fara.

Tíu ára plötugerð á enda

Tónlistarmaðurinn Bob Justman, sem heitir réttu nafni Kristinn Gunnar Blöndal, hefur sent frá sér hið hugljúfa lag Most of All sem verður að finna á fyrstu sólóplötu hans, Happiness & Woe.

Tíu ár eru liðin síðan Kristinn bjó til fyrstu prufuupptökuna fyrir plötuna og hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan. „Ég tók hana fyrst upp alla og henti henni, svo byrjaði ég að taka hana upp annars staðar og hætti við það líka. Síðan í þriðja skiptið gekk það upp en það tók tvö og hálft ár," segir Kristinn, sem er dauðfeginn því að platan sé loksins að koma út. „Ég var mörgum sinnum við það að gefast upp en maður verður að klára svona lagað. Um tíma fannst mér þetta vera orðið eins og fólk héldi að þetta væri einhvers konar geðveila," bætir hann við um endalaus loforð sín um útgáfu plötunnar. „En það er annað sem hefur komið með þessum töfum. Þarna eru hlutir sem hefðu ekki verið jafngóðir og þeir eru núna. Þetta bara tók nákvæmlega jafnlangan tíma og það átti að taka."

Með Flís í hljóðverinu

Kristinn, sem hefur spilað með Ensími og Botnleðju, fékk til liðs við sig hljómsveitina Flís við upptökurnar sem Gunnar Tynes úr múm stjórnaði. Einnig kom strengjasveitin Amiina við sögu auk þess sem Orri Páll Dýrason úr Sigur Rós trommaði í einu lagi.

Kristinn er þegar búinn að semja plötu númer tvö og lofar að eyða ekki jafnlöngum tíma í gerð hennar.

freyr@frettabladid.is

KRISTINN GUNNAR BLÖNDAL Fyrsta sólóplata Kristins Gunnars, Happiness & Woe, kemur út í lok október.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKA

WILD CHILD	kl. 4 - 5:50 - 8 - 10:10	L
WILD CHILD	kl. 8 - 10:10	VIP
GEIMAPARNIR m/ísl. tali	Frumsýnd á morgun	L
GEIMAPARNIR	Frumsýnd á morgun	VIP
CHARLIE BARTLETT	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	12
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 5:50	L
DEATH RACE	kl. 8 - 10:10	16
TROPIC THUNDER	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 3:40 - 8 - 10:10	L
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 5:50	VIP
STAR WARS	kl. 3:40	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 3:40	L

KRINGLUNNI

WILD CHILD	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 3:50 - 6 - 8:10	L
GEIMAPARNIR m/ísl. tali	kl. Frumsýnd á morgun	L
SMART PEOPLE	kl. 8 - 10:10	12
DARK KNIGHT	kl. 10:10	12
GET SMART	kl. 3:50	L

SELFOSS

MAKE IT HAPPEN	kl. 8 - 10:10	L
STEP BROTHERS	kl. 8	12
MIRRORS	kl. 10:10	16
GEIMAPARNIR	Frumsýnd á morgun	L
LUKKU LÁKI m/ísl. tali	kl. 6	L

AKUREYRI

WILD CHILD	kl. 6 - 8 - 10	L
GEIMAPARNIR m/ísl. tali	Frumsýnd á morgun	L
CHARLIE BARTLETT	kl. 8 - 10	12

KEFLAVÍK

WILD CHILD	kl. 8 - 10:10	L
GEIMAPARNIR m/ísl. tali	Frumsýnd á morgun	L
STEP BROTHERS	kl. 8	12
MAKE IT HAPPEN	kl. 10:10	L
LUKKU LÁKI m/ísl. tali	kl. 6	L

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

NÝTT Í BÍÓ!

BURN AFTER READING 16 – GÆFUR ERU ÓFMÉTNAR! – LÚXUS

BABYLON A.D. 16 – FRAMTÍÐAR SPENNUTRYLLIR Í ANDA BLADE RUNNER HÖRKU HASAR!

LUKKU LÁKI L – LUKKU LÁKI ER MÆTTUR AFTUR Í SKEMMTILEGRI MYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!

PINEAPPLE EXPRESS 16

MIRRORS 16 – ALLS EKKI FYRIR VIÐKVÆMA!

JOURNEY TO THE CENTER OF THE EARTH L

Sveitabrúðkaup L

MAMMA MIA! L

STEP BROTHERS 12

GRÍSIRNIR ÞRÍR L

Brideshead Revisited 12

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

BURN AFTER READING	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
BURN AFTER READING LÚXUS -D	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
PINAPPLE EXPRESS D	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
MIRRORS	kl. 10.30	16
STEP BROTHERS	kl. 5.45 - 8 - 10.15	12
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 3.45	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 4	L

5%

HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919

BURN AFTER READING	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
PINAPPLE EXPRESS	kl. 8 - 10.30	16
BRIDESHEAD REVISITED	kl. 10.30	12
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 5.45	L
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8	L
BABYLON A:D	kl. 8 - 10	16
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 6	L

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

→ Regnboginn

26. sept – Reykjavík International Film Festival

Allar mættar	17
Öxin	17.30
Góðir kettir	17.30
Askja Pandóru	17.30
Þetta kalla ég dans	18.15
Þar til dauðinn aðskilur okkur	20
Hr. Stór	20
Fuglasöngur	20
Einungis fæðing	20.30
Hefnd	22.30
Blindar ástir	22.30
Berlínaróður	22.30
Áður en ég gleymi	22.30

→ Iðnó

Fallegur harmleikur	15:30
Varðandi vatn	17:30
Sjálfsvísgþjónusta	20
Bombaðu það!	22:30

→ Norræna húsið

Síðasta heimsálfan	13:30
Þungur róður	15:30
Verk Shirin Neshat	17:30
Blóm á reki	20
Heilagt stríð fyrir ástina	22:30

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500

BURN AFTER READING	kl. 8 - 10	16
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 6	L
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8 - 10	16
JOURNEY TO THE CENTER 3DXI 3D	kl. 6	L

5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

SparBíó föstudag – SAMbio.is SAMBÍÓIN

WILD CHILD kl. 4 í Álfabakka

GEIMAPARNIR frumsýnd á morgun

JOURNEY 3D kl. 3.50 í Kringlunni

STAR WARS kl. 3.40 í Álfabakka

WALL-E ísl. tal. kl. 3.40 í Álfabakka

GET SMART kl. 3.50 í Kringlunni

Nýtt í bíó – LAUGARÁS BÍÓ – Sími: 553 2075 - bara lúxus

HÖRKU HASAR – BABYLON A.D.

LUKKU LÁKI – ATH! 650 kr.

real D 3D – JOURNEY TO THE CENTER OF THE EARTH – T.S.K. - 24 stundir – Sif - MBL. – DOLBY DIGITAL MYND OG HLJÓÐ – V.J.V - Topp5.is/FBL

TEKJUHÆSTA MYND ALLRA TÍMA Á ÍSLANDI

SÝNINGARTÍMAR

BABYLON A.D.	kl. 6, 8 og 10	16
LUKKU LÁKI - Ísl. Tal	kl. 4 og 6 (650 kr.)	L
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8 og 10.15	16
JOURNEY 3D - DIGITAL 3D	kl. 4 og 6	L
MAMMA MIA	kl. 3.50, 8 og 10	L

AUKAKRÓNUR – FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI I TENGDU AUKAKRÓNUM!

Reykjavík International Film Festival

25. september – 5. október 2008 — riff.is

Einungis fæðing
Only a Birth

→ Regnboginn 20:30

Hvað gæti mögulega orðið til þess að níræður maður ákveður að pakka saman og yfirgefa sitt fyrra líf til að hefja nýtt líf á nýjum stað?

Föstudagur 26. september

→ Regnboginn → midi.is

Allar mættar!	17
Öxin	17.30
Góðir kettir	17.30
Askja Pandóru	17.30
Þetta kalla ég dans	18.15
Þar til dauðinn aðskilur okkur	20
Hr. Stór	20
Fuglasöngur	20
Einungis fæðing	20.30
Hefnd	22.30
Blindar ástir	22.30
Berlínaróður	22.30
Áður en ég gleymi	22.30

→ Iðnó

Fallegur harmleikur	15:30
Varðandi vatn	17:30
Sjálfsvísgþjónusta	20
Bombaðu það!	22:30

→ Norræna húsið

Síðasta heimsálfan	13:30
Þungur róður	15:30
Verk Shirin Neshat	17:30
Blóm á reki	20
Heilagt stríð fyrir ástina	22:30

Kominn á fætur

Töframaðurinn David Blaine er kominn aftur á fæturna eftir að hafa hangið á hvolfi í sextíu klukkustundir í New York. Ekki voru allir jafnhrifnir af uppátækinu og kvörtuðu yfir því að Blaine hefði gabbað áhorfendur því hann tók sér oft pásur til að drekka, pissa og gangast undir læknispróf.

„Mér fannst þetta ekki merkilegt," sagði Joshua Youselowitz, 31 árs bankamaður. „Ég hefði átt að vera heima hjá mér. Ef hann hefði ekki heitið David Blaine hefði ég aldrei komið." Þrátt fyrir óánægjuraddir er ljóst að uppátækið reyndi mjög á andlegan og líkamlegan styrk Blaine. Læknar töldu hættu á að hann yrði blindur og fengi heilaskaða en hann slapp ómeiddur. Mörg hundruð manns fögnuðu þegar Blaine stóð á fætur, auk þess sem hægt var að fylgjast með í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni ABC.

Á HVOLFI David Blaine hékk á hvolfi í sextíu klukkustundir í New York.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

TÓNLIST
Retrograde
Wanker of the 1st Degree

★★

Þrátt fyrir að fínir taktar og melódíur leynist á þessari sextán laga plötu er heildin of ómarkviss.

Vantar fókus

Wanker of the 1st Degree er listamannsnafn Jósefs Karls Gunnarssonar. Retrograde er hans fyrsta plata. Hún er öll unnin í tölvu.

Eins og nafnið gefur til kynna er Jósef á nokkuð annarri leið heldur en flestir ungir tónlistarmenn í dag. Hann leitar til baka og áhrif frá tónlist níunda áratugarins eru áberandi. Nöfn eins og Human League (í upphafi ferils), Gary Numan og Telex koma upp í hugann.

Það er margt ágætlega gert á Retrograde, fínir taktar og melódíur leynast í þessari sextán laga súpu. Það vantar hins vegar tilfinnanlega meiri fókus. Mörg laganna hljóma meira eins og skissur heldur en fullkláruð lög. Það hefði verið sterkari leikur hjá Jósef að hafa lögin færri og leggja meiri vinnu í hvert og eitt.

Á heildina litið er Retrograde þokkalegt byrjendaverk. Jósef er efnilegur, en hann á samt enn nokkuð langt í land. **Trausti Júlíusson**

JOHNNY DEPP Á að leika í nýrri kvikmynd um grímuklædda kúrekann.

Johnny Depp í Lone Ranger

Johnny Depp er sagður hafa samþykkt að leika í nýrri kvikmynd byggðri á sjónvarpsþáttaröðinni The Lone Ranger. Fer Depp með hlutverk hins snjalla aðstoðarmanns The Lone Ranger, indíánans Tonto.

Framleiðandi myndarinnar verður Jerry Bruckheimer, sem er maðurinn á bak við Pirates of the Caribbean-myndirnar sem Depp hefur leikið í. Hefur Depp einmitt samþykkt að leika sjóræningjann Jack Sparrow í fjórðu Pirates-myndinni.

Depp er með fleiri járn í eldinum því talið er að hann ætli að leika í nýrri mynd um Lísu í Undralandi í leikstjórn vinar síns Tims Burton.

> Margrét Lára til Los Angeles?

Bandaríska atvinnumannaliðið Los Angeles valdi Margréti Láru Viðarsdóttur í útlendingavali deildarinnar. Félagið hefur þar með forgang á að ræða við Margréti Láru og verður að koma í ljós síðar hvort Margrét hafi áhuga á að leika með félaginu. Ný atvinnumannadeild kvenna hefst í Bandaríkjunum á næsta ári og stefna deildarinnar er að lokka sem flestar af stórstjörnum kvennaboltans til landsins og Margrét Lára er þar á meðal. Margrét hefur áður lýst því yfir að hún stefni á að reyna fyrir sér erlendis á næsta ári.

sport
sport@frettabladid.is

HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR: MEIDDIST Á ÆFINGU Í GÆR OG ER TÆP FYRIR FRAKKALEIKINN

Það þarf mikið til að maður sleppi svona leik

Hólmfríður Magnúsdóttir meiddist á æfingu með landsliðinu í gær og enn er óvíst hvort hún geti verið með í leiknum mikilvæga á móti Frökkum á laugardaginn. Hólmfríður verður í meðferð sjúkraþjálfara og læknis fram að leik.

„Þetta var fyrsta æfingin sem ég tók þátt í síðan landsliðið kom saman og ég þurfti að hætta á miðri æfingu. Ég fékk mjög þungt högg í kviðinn og þetta var mjög vont. Ég hvíldi síðan á seinni æfingunni enda var það skynsamlegt að hvíla og sjá síðan til á morgun," lýsir Hólmfríður en hún er mjög ákveðin í að spila á móti Frökkum.

„Það þarf mikið til þess að maður afskrifi þennan leik því maður er búinn að bíða lengi eftir honum," segir Hólmfríður ákveðin en Reynir Björn Björnsson, læknir liðsins, var þó ekki tilbúinn að lofa neinu í þessu sambandi í gær. „Ég er í meðferð hjá bæði sjúkraþjálfara og lækni og vonandi get ég tekið þátt í síðustu æfingunni. Það þarf mikið til að maður sleppi svona leik," segir Hólmfríður og bætir við: „Maður gleymir yfirleitt því sem maður er búinn að lenda í þegar maður heyrir þjóðsönginn. Þá er bara að bíta á jaxlinn."

Hólmfríður hafði ekkert æft með landsliðinu þar sem hún meiddist í bikarúrslitaleiknum. Hólmfríður bætti sínu þriðja marki við eftir að hafa meiðst en kláraði samt leikinn af sinni alkunnu hörku og bætti meira að segja þriðja marki sínu við.

„Ég meiddist í kálfanum í öðru markinu en ég var ekki mikið að biðja um skiptingu því það þarf mikið til þess að maður fari út af í úrslitaleik," segir Hólmfríður, sem er ekki vön að hlífa sér á vellinum.

„Ég vil oft sækja hratt og vaða áfram og lendi oft illa í því. Ég er bara þannig leikmaður að ég læt bara allt vaða og vonast til að meiðast ekki. Ég er samt búin að vera svolítið óheppin í sumar. Maður verður að þora," segir Hólmfríður að lokum.

Undankeppni HM 2010:

20-manna hópur Hollands

FÓTBOLTI Bert van Marwijk, landsliðsþjálfari Hollands, hefur ákveðið að halda sig við sama tuttugu manna hópinn fyrir leikina gegn Íslandi og Noregi í undankeppni HM 2010 og vann Makedóníu 1-2 í opnunarleik liðsins.

Wesley Sneijder, leikmaður Real Madrid, er ekki í hópnum en hann er nýbyrjaður að æfa aftur eftir að hafa jafnað sig á meiðslum sem hann hlaut í æfingaleik gegn Arsenal 3. ágúst. Í fyrstu var talið að Sneijder yrði frá í þrjá mánuði og hann er því kominn aftur til starfa talsvert fyrr en áætlað var. Átján manna hópur Hollands verður tilkynntur 3. október. - óþ

LANDSLIÐSHÓPUR HOLLANDS

Markverðir:	
Maarten Stekelenburg	(Ajax)
Henk Timmer	(Feyenoord)
Varnarmenn:	
Khalid Boulahrouz	(Stuttgart)
Giovanni van Bronckhorst	(Feyen.)
Tim de Cler	(Feyenoord)
John Heitinga	(Atletico Madrid)
Joris Mathijsen	(Hamburg)
André Ooijer	(Blackburn)
Miðjumenn:	
Ibrahim Afellay	(PSV)
Mark van Bommel	(Bayern München)
Orlando Engelaar	(Schalke)
Nigel de Jong	(Hamburg)
Rafael van der Vaart	(Real Madrid)
Demy de Zeeuw	(AZ Alkmaar)
Framherjar:	
Ryan Babel	(Liverpool)
Klaas-Jan Huntelaar	(Ajax)
Dirk Kuyt	(Liverpool)
Robin van Persie	(Arsenal)
Arjen Robben	(Real Madrid)
Jan Vennegoor of Hesselink	(Celtic)

Stelpurnar okkar eiga sviðsljósið

Þóra Björg Helgadóttir hefur lifað tímanna tvenna með A-landsliði kvenna. Hún er stolt af því að hafa tekið öll stóru skrefin með liðinu undanfarin áratug. Liðið getur tekið stærsta skrefið á laugardaginn.

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið er aðeins 90 mínútum frá því að tryggja sér sæti í úrslitakeppni Evrópumótsins í Finnlandi. Stelpurnar okkar mæta Frökkum í úrslitaleik riðilsins í La Roche sur Yon á laugardaginn og þær vita að nú fylgist öll þjóðin með þeim. Þóra Björg Helgadóttir, markvörður íslenska liðsins, hefur lifað tímana tvenna í þessu en hún hefur staðið í marki íslenska liðsins í að verða áratug.

Þegar Þóra var að byrja með A-landsliðinu var kvennalandsliðið að spila fyrir örfáa áhorfendur en núna er öll þjóðin að fylgjast með því.

„Þetta hefur verið hægt ferli frá því að Jörundur Áki var með liðið. Fyrsta skrefið var tekið þegar við spiluðum á móti Ítalíu og við sátum fyrir á bikiní. Ásthildur vann gríðarlega mikla vinnu í að koma þessum auglýsingum og plakötum af stað. Þá byrjaði boltinn að rúlla og Jöri var líka fyrsti þjálfarinn sem barði í okkur sjálfstraust í að þora að sækja. Íslensku landsliðin öll hafa verið að glíma við það að pakka bara í vörn en það vinnur enginn riðil á að pakka í vörn," segir Þóra, sem er í góðri stöðu til þess að sjá hvað mikið hefur breyst á þessum tíma.

REYNSLUBOLTI Þóra Björg Helgadóttir mun standa á milli stanganna í leiknum á laugardag. Hún segir frábært að sjá þá þróun sem hafi orðið í kringum landsliðið á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

UNDIRBÚNINGUR Sigurður Ragnar landsliðsþjálfari fer yfir málin með Eddu Garðarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er frábært að hafa verið hluti af liðinu allan þennan tíma og hafa séð okkur þróast og KSÍ með. Allt batteríið í kringum liðið er orðið svo samstillt, stórt og frábært," segir Þóra, sem er ánægð með að stelpurnar hafi fengið að vera út af fyrir sig í strandbænum Saint de Monts. „Ég held að það hafi verið rosalega góð ákvörðun hjá KSÍ að draga okkur aðeins út úr. Það er mikið af fólki að koma og mikið af okkar fjölskyldum. Við verðum bara saman liðið og enginn annar," segir Þóra, sem veit líka að það tók langan tíma að jafna sig eftir langt ferðalag þvert yfir Frakkland.

„Það var líka góð ákvörðun að fara fyrr því ferðalagið hjá stelpunum var víst ekki skemmtilegt. Það var aðeins léttara fyrir mig," segir Þóra, sem er að spila með Anderlecht í Belgíu. „Þetta gefur okkur líka aðeins meiri tíma því við erum þrjár sem sjáum liðið sjaldan. Ég sjálf hafði sem dæmi ekki hitt neinn í liðinu síðan í síðasta leik sem var í júní. Það er frábært fyrir okkur að fá aukadag til þess að komast inn í liðið aftur," segir Þóra.

En að leiknum sjálfum. Hvernig er staðan á liðinu? „Ég hef engar áhyggjur af fótboltalegu hliðinni eða okkar leikmönnum því ég held að Siggi Raggi verði í mestu basli með að velja liðið. Það eina sem maður hefur áhyggjur af er að spennustigið og hausinn sé í lagi. Þetta er stór leikur og það er mikið áreiti," segir Þóra en það var léttur andi yfir stelpunum í gær og það ljóst að þær ætla að koma tilbúnar í leikinn á laugardaginn.

FRAKKLAND-ÍSLAND
ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON
skrifar frá Frakklandi
ooj@frettabladid.is

ÚRSLIT

N1 deild karla í handbolta

FH-HK 33-36 (16-20)

Mörk FH (skot): Aron Pálmason 12/2 (27/3), Arnbjörn Friðriksson 5 (8), Guðmundur Petersen 4 (6), Sigurður Ágústsson 4 (6), Ólafur Guðmundsson 3 (6), Hjörtur Hinriksson 2 (2), Sigursteinn Arndal 1 (1), Guðni Kristinsson 1 (1), Jón H. Jónsson 1 (3), Benedikt Kristinsson 0 (1).
Varin skot: Magnús Sigmundsson 19 (26/5) 42%, Daníel Andrésson 1 (10/3) 9%
Hraðaupphlaup: 5 (Aron, Sigurður, Jón, Sigursteinn, Ólafur)
Fiskuð víti: 2 (Aron, Sigurður)
Utan vallar: 8 mínútur
Mörk HK (skot): Valdimar Fannar Þórsson 15/8 (19/8), Brynjar Hreggviðsson 5 (6), Einar Ingi Hrafnsson 4 (5), Ásbjörn Stefánsson 4 (6), Sigurgeir Árni Ægisson 3 (3), Gunnar Steinn Jónsson 3 (5), Ólafur Bjarki Ragnarsson 2 (4), Jón Björgvin Pétursson 0 (3).
varin skot: Sveinbjörn Pétursson 19 (33/2) 37%
Hraðaupphlaup: 9 (Brynjar 3, Sigurgeir Árni 3, Valdimar Fannar 2, Ásbjörn)
Fiskuð víti: 8 (Einar Ingi 3, Gunnar Steinn, Ásbjörn, Ólafur Bjarki, Jón Björgvin, Arnar Þór)
Utan vallar: 10 mínútur
Dómarar: Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson, sæmilegir.

Fram-Víkingur 36-30 (16-15)

Mörk Fram: Magnús Stefánsson 11, Haraldur Þorvarðarson 9, Rúnar Kárason 5, Stefán Baldvin Stefánsson 4, Guðjón Finnur Drengsson 3, Guðmundur Hermannsson 2, Halldór Jóhann Sigfússon 1, Jóhann Karl Reynisson 1.
Mörk Víkings: Sverrir Hermannsson 8, Hjálmar Þór Arnarsson 6, Pálmar Sigurjónsson 3, Brynjar Loftsson 3, Þröstur Þráinsson 3, Óttar Pétursson 3, Sveinn Þorgeirsson 2, Davíð Ágústsson 2.

Stórleikur Valdimars Fannars Þórssonar tryggði HK bæði stigin gegn baráttuglöðu liði FH í Hafnarfirði:

Nýliðar FH létu HK hafa fyrir hlutunum

HANDBOLTI HK-ingar máttu hafa sig alla við til þess að landa sigri gegn nýliðum FH í Kaplakrika í gærkvöld. Valdimar Fannar Þórsson fór á kostum hjá HK og skoraði fimmtán mörk.

„Þeir neituðu bara að gefast upp. Þetta var erfitt og við þurftum virkilega að hafa fyrir sigrinum þar sem þeir hætta bara ekki að hlaupa. FH á örugglega eftir að taka mikið af stigum í vetur og þá sérstaklega í Krikanum," segir Valdimar Fannar Þórsson.

Valdimar var ánægður með sigurinn og telur að HK-liðið eigi mikið inni ennþá.

„Við erum náttúrlega með marga nýja leikmenn sem eiga eftir að spila sig saman og ég held að þetta sé allt á réttri leið. Það er alla vega fínt að ná í sigur hér eftir ruglið gegn Fram í fyrstu umferðinni," segir Valdimar Fannar.

Nýliðar FH byrjuðu leikinn af krafti og komust fljótt í 4-1 en þegar líða tók á fyrri hálfleikinn náði HK föstum tökum á leiknum.

STERKUR Silfurstrákurinn Sverre Jakobsson, sem kominn er í raðir HK, lét finna fyrir sér í Krikanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HK-vörnin, með Sverre Andreas Jakobsson fremstan í flokki, hrökk í gang um miðbik fyrri hálfleiks og í framhaldi að því fékk liðið auðveld hraðaupphlaupsmörk og staðan var 16-20 gestunum í vil þegar flautað var til hálfleiks.

FH-ingar voru þó ekki á því að gefast upp í síðari hálfleik og hleyptu HK-ingum aldrei langt fram úr sér og söxuðu á forskotið jafnt og þétt.

Þegar fimm mínútur lifðu leiks var munurinn kominn niður í eitt mark 29-30 og allt ætlaði um koll að keyra í Kaplakrika. HK-ingar héldu þó haus og sigldu fram úr á nýjan leik og lokatölur urðu 33-36.

Hinn ungi og efnilegi Aron Pálmason var allt í öllu hjá FH og skoraði tólf mörk. „Það var mjög fúlt að tapa leiknum en við sýndum það að ef við fáum áhorfendur með okkur á heimavelli, þá eigum við roð í hvað lið sem er í deildinni. Við förum í hvern leik til þess að vinna. Við berum vissa virðingu fyrir andstæðingum okkar hverju sinni, en samt ekki of mikla," segir Aron á léttum nótum. - óþ

ABBA & BÍTLA HÁTÍÐ

UM HELGINA Á SKEMMTISTAÐNUM STEAK AND PLAY

ABBA & BÍTLA SÖNGVARAKEPPNI

Meiriháttar söngvarakeppni verður haldin á skemmtistaðnum
STEAK AND PLAY, Grensásvegi 5, í kvöld, föstudag, kl. 22:30.
Keppendur velja sér ABBA eða BÍTLA lag úr miklu úrvali og láta ljós sitt skína.

Þátttökugjald aðeins 1500 kr. og vegleg verðlaun í boði:

1. Verðlaun: 20.000 kr. inneign á Steak and Play og 3 bjórkassar.
2. Verðlaun: 15.000 kr. inneign á Steak and Play og 1 bjórkassi.
3. Verðlaun: 10.000 kr. inneign á Steak and Play og 1 bjórkassi.

Dómarar: Sverrir Stormsker tónlistarmaður og
Sigga Guðna söngkona í Jet Black Joe.

Á laugardagskvöldið verður svo haldin greifaleg ABBA og BÍTLA hátíð þar sem ABBA og BÍTLA lög munu hljóma allt kvöldið og myndböndum þessara frábæru hljómsveita varpað á risaskjái og dansað og sungið fram á rauða nótt.

STEAK AND PLAY

ÓKEYPIS AÐGANGUR.
HÚSIÐ LOKAR 5: 30.

Gull
léttöl

Grensásvegi 5-7 - Simi 553 4030
steakandplay.is - steakandplay@steakandplay.is

dagskrá

> Rose McGowan

„Lífið er betra ef maður lætur eftir sér að vera kjánalegur stundum."

McGowan leikur nornina Paige í þættinum Charmed sem sýndur er á Skjá einum í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ VILL SAMEINA KOMPÁS OG ÚT OG SUÐUR

Þjóðleg gildi og glæpaveiðar

Menn geta spurt sig hvers vegna maður sem á ekki sjónvarp sjálfur, heldur horfir á 12 tommu tæki sonar síns og gleymir reglulega að kveikja á því, er að tjá sig um sjónvarp. Sjálfur tæki ég hikstalaust undir með þeim mönnum. En hér sit ég og get ekki annað.

Edduverðlaunin eru fundin upp fyrir fólk sem hefur ekki skoðun á sjónvarpsefni. Þar er manni sagt hvað er mest og best hverju sinni, með hverju er rétt að fylgjast og hverju má alls ekki missa af.

Þess vegna er óþolandi þegar dómnefndir taka upp á því að gefa tveimur þáttum sömu verðlaun. Hvað átti það til dæmis að þýða um árið að gefa bæði Kompás og Út og suður verðlaun sem besti sjónvarpsþátturinn? Hvernig á maður haldinn valkvíða, sem man þar að auki aldrei á hvaða dögum hvaða þættir eru, að fara að? Úr þessu verður að bæta.

Einföld lausn á þessu flókna vandamáli væri að sameina þættina. Skeleggar fréttaskýringar Jóhannesar Kristjáns Kristjánssonar blönduðust þá heimilis- og heimóttarlegum stráksskap Gísla S. Einarssonar. Fullkomin blanda.

Í fyrsta þættinum gæti Gísli heimsótt Hergil Svásason, bónda í Innstakoti í Fjalldalahreppi. Hergill gæti sýnt Gísla jörðina, talað um kunnskap sinn við álfa og sagt frá vættinni sem býr í Hólmanum. Yfir kaffibolla skoðuðu þeir síðan dúkkulísusafn Hergils, en hann á 5.234 dúkkulísur, sú elsta frá 1784.

Eftir að Gísli væri horfinn á braut og nokkrum skilaboðum – eins og auglýsingar heita í dag – væri lokið, kæmi að þætti Jóhannesar Kristjáns Kristjánssonar. Hann mundi, með hjálp tálbeitu, upplýsa um barnaníðslu Hergils, sem færi umsvifalaust í mál við Jóhannes fyrir að virða ekki einkalíf sitt. Allir fengju sitt; hættulegur glæpamaður mundi nást, þjóðleg gildi í hávegum höfð og dúkkulísurnar gengju til nauðstaddra.

EKKI MISSA AF

20.00 Little Miss Sunshine STÖÐ 2 BÍÓ

20.00 Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA

20.15 Útsvar SJÓNVARPIÐ

20.40 Ríkið STÖÐ 2

21.00 Singing Bee SKJÁR EINN

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.25 Spæjarar (26:26)
18.10 Ljóta Betty (Ugly Betty) (21:23)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 Útsvar 24 stærstu bæjarfélög landsins keppa sín á milli í skemmtilegum spurningaleik. Í þessum þætti eigast við lið Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þættinum. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.
21.20 Á heimleið - Ferðin ótrúlega (Homeward Bound: The Incredible Journey) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1993 um tvo hunda og kött sem fara í langferð um Bandaríkin og lenda í ótal ævintýrum. Aðalhlutverk: Kevin Chevalia, Kim Greist og Robert Hays.
22.45 Barnaby ræður gátuna - Gamlir jóladraugar (Midsomer Murders: Ghost of Christmas Past) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi. Aðalhlutverk: John Nettles, John Hopkins, Haydn Gwynne, Margery Mason og Mel Martin.
00.20 Kastljós (e)
01.00 Kappræða forsetaframbjóðenda John McCain og Barack Obama, frambjóðendur í forsetakosningum í Bandaríkjunum, takast á í kappræðu í beinni útsendingu.
02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Twitches
10.00 Shark Tale
12.00 The Honeymooners
14.00 Twitches
16.00 Shark Tale
18.00 The Honeymooners
20.00 Little Miss Sunshine Fjölskylda leggur í langferð svo yngsti fjölskyldumeðlimurinn geti tekið þátt í fegurðarsamkeppni.
22.00 Hostage
00.00 Fallen: The Beginning Fyrsti hluti.
02.00 The Deal
04.00 Hostage
06.00 Pirates of the Caribbean: Dead Man's Chest

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Firehouse Tales, Kalli kanína og félagar og Ben 10.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (157:300)
10.15 Grey's Anatomy (2:9)
11.10 60 Minutes
12.00 Hádegisfréttir
12.35 Neighbours
13.00 Forboðin fegurð (43:114)
13.45 Forboðin fegurð (44:114)
14.35 Bestu Strákarnir (9:50)
15.05 Friends (11:24)
15.30 Friends (18:23)
15.55 Bratz
16.18 Nornafélagið
16.38 Dexter's Laboratory
17.03 A.T.O.M.
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.17 Veður
19.30 The Simpsons
19.55 Logi í beinni
20.40 Ríkið (5:10) Þættirnir gerast á óræðum tíma þar sem allt er kjánalegt, húsgögnin, aðbúnaðurinn, klæðaburðurinn, hárgreiðslan og þó sérstaklega starfsfólkið. Í þáttunum er hið svokallaða vinnustaðagrín allsráðandi.
21.10 Beauty and The Geek (9:13) Fjórði hópur nörda og fegurðardísa er mættur til leiks í æsilegri keppni um það hvaða par skákar hinum í hinni viðfrægu kænsku- og krúttkeppni.
21.55 Lucky You Rómantísk gamanmynd með Drew Barrymore og Eric Bana. Myndin fjallar um Huck Cheever sem er tilfinningaríkur fjárhættuspilari og fer allar leiðir mögulegar til þess að fjármagna áhugamál sitt. Þegar hann hittir hina fögru og einlægu Billie Offer breytist líf hans til muna.
00.00 Crank
01.30 Kingdom of Heaven
03.50 Taxi 3
05.15 Ríkið (5:10)
05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

10.55 Formúla 1 2008 Bein útsending frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Singapúr.
13.25 Formúla 1 2008 Bein útsending frá æfingum liðanna.
17.30 Inside the PGA
17.55 F1: Við rásmarkið Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum.
18.35 Gillette World Sport
19.05 Landsbankamörkin 2008
20.00 Spænski boltinn Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.
20.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir.
21.00 Million Dollar Celebrity Poker Að þessu sinni mæta stjörnurnar til leiks í póker og keppa um stórar fjárhæðir.
22.20 World Series of Poker 2008 Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.
23.15 Formúla 1 2008 Útsending frá æfingum liðanna.

SPORT 2 *enski boltinn*

17.30 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik West Ham og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.
19.10 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Liverpool og Stoke í ensku úrvalsdeildinni.
20.50 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
21.20 English Premier League 2008/09
21.50 PL Classic Matches Blackburn - Chelsea, 03/04. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
22.20 PL Classic Matches Man City - Man United, 03/04. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
22.50 English Premier League 2008/09
23.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Man. City og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Game tíví (e)
09.15 Vörutorg
10.15 Óstöðvandi tónlist
16.20 Vörutorg
17.20 America´s Funniest Home Videos (e)
17.45 Dr. Phil
18.30 Rachael Ray
19.20 Friday Night Lights (e)
20.10 Charmed (2:22) Heillanorninar ungu eru máttugustu nornir heims og sinna sinni helgu skyldu; að tortíma hinu illa og bjarga sakleysingjum, samhliða því sem þær lifa lífi sínu sem venjulegar konur í venjulegum heimi.
21.00 Singing Bee (2:10) Í þessum fjörugu söngþáttum þurfa keppendur ekki að kunna að syngja, heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög. Hljómsveit byrjar að spila og syngja lögin en síðan þurfa keppendur að taka við og mega ekki klikka á einu einasta orði.
22.00 Law & Order - NÝTT Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.
22.50 The Eleventh Hour (9:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjurnar eru fréttamenn og pródúsentar á fréttaskýringaþætti.
23.40 Criss Angel Mindfreak
00.10 Swingtown (e)
01.00 C.S.I. Miami (e)
01.50 In Plain Sight (e)
03.20 America´s Funniest Home Videos (e)
03.45 Jay Leno (e)
04.35 Jay Leno (e)
05.25 Vörutorg
06.25 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og **Föstudagsþátturinn** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl 12.15 daginn eftir.
N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SÍA • NM26603

Ótrúlegt sértilboð í golf!

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð í golfferðir 11. og 18. október þar sem spilað er á tveimur frábærum golfsvæðum í Andalúsíu sem bæði eru notuð fyrir úrtökumót Evrópumótaraðarinnar. Annars vegar er um að ræða Costa Ballena golfsvæðið, sem svo margir þekkja, og hins vegar hin frábæra golfperla Sherry Golf. Þetta er frábært tækifæri til að spreyta sig á tveimur einstaklega skemmtilegum golfvöllum. Flogið er í beinu morgunflugi til Jerez og er mjög stutt frá flugvelli á hótel.

Aðeins 50 sæti í boði!
Fyrstur kemur – fyrstur fær!

Nánari upplýsingar um golfsvæðin og gistingu á www.heimsferdir.is

Ótrúlegt verð
- Hotel Monasterio San Miguel **** í 7 nætur

Frá kr. 99.800

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 7 nætur, 11. eða 18. október. **Innifalið:** Flug, skattar, gisting á Hotel Monasterio San Miguel **** með morgunverði, ferðir til og frá flugvelli, ferðir milli hótels og golfvalla, ótakmarkað golf í 2 daga á Costa Ballena og 3 golfhringir á Sherry Golf, golfkerrur og fararstjórn.
Aukagjald fyrir einbýli kr. 15.000.

Frábær golfsvæði!
- Sherry Golf
- Costa Ballena

Ferðaskrifstofa Heimsferðir

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.55
Logi í beinni – NÝTT

Logi Bergmann er mættur aftur með sinn lauflétta og skemmtilega spjallþátt. Þátturinn vakti mikla athygli síðasta vetur og verður með sama sniði. Það eina sem lagt er upp með er að hann sé skemmtilegur og bjóði upp á skemmtilega viðmælendur, fjölbreytta tónlist og áhugaverðar uppákomur. Gestir þáttarins í kvöld verða Ólafía Hrönn úr Dagvaktinni, Baltasar Kormákur og hljómsveitin Hjaltalín.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Law & Order – NÝTT
Skjár einn kl. 22.00

Kona sem var í bandaríska hernum er myrt og allt bendir til þess að systir fyrrverandi fanga í hinu alræmda Abu Ghraib-fangelsi sé morðinginn. Þegar málið er tekið fyrir í réttarsalnum beitir verjandinn óvæntri aðferð. Nýr rannsóknarlögreglumaður, Joe Fontana (sem Dennis Farina leikur), mætir til starfa og tekur við af Lennie Briscoe.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Tónleikur
15.03 Útvarpssagan: Sveigur
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Leynifélagið
19.27 Sinfóníutónleikar
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (24:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.30 Hollyoaks (25:260)
17.00 Ally McBeal (14:23)
17.45 Skins (4:10)
18.30 Happy Hour (7:13)
19.00 Hollyoaks (24:260)
19.30 Hollyoaks (25:260)
▶20.00 Ally McBeal (14:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
20.45 Skins (4:10) Átakanleg bresk þáttaröð um unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
21.30 Happy Hour (7:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
22.00 Las Vegas (12:19) Enn fylgjumst við með lífi og störfum öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæframenn og aðrar veikgeðja sálir.
22.45 The Kill Point (8:8)
23.30 Twenty Four 3 (18:24)
00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

ÍNN

20.00 Mér finnst... Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust. Umsjónarkona er Kolfinna Baldvinsdóttir.
21.00 Skoðanaskipti Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi veltir fyrir sér borgarmálum ásamt gesti sínum.
21.30 Guðjón Bergmann Heilsufar Íslendinga er til umræðu hjá Guðjóni Bergmann. Gestur hans er Kolbrún Rakel Helgadótttir.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Jersild Live **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.25** Grøn glæde **11.50** Rabatten **12.20** I fremmed fængsel **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.35** Pigebandet Frank **14.00** Boogie Listen **15.00** Min funky familie **15.30** Det kongelige spektakel **15.45** Den lille prinsesse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 2008 **19.00** TV Avisen **19.30** Talent 2008 **19.45** Reimers **20.25** Forhandleren **22.40** Boogie Listen

NRK 1

10.00 NRK nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Barmeny **12.30** ‚Allo, ‚Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Megafon **13.30** Dracula junior **14.00** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Edgar og Ellen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Newton **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Fragglene **16.25** En unge til **16.35** Pip **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Grosvold **20.10** Detektimen. Taggart **21.00** Kveldsnytt **21.15** Intrigemaker **22.45** Berserk til Valhall **23.15** Kulturnytt

SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Debatt **10.50** Mitt i naturen **11.40** Carin 21.30 **12.10** Svensson, Svensson **12.40** Andra Avenyn **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Djursjukhuset **15.00** Disneydags **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** Ett enklare liv **20.30** Kulturnyheterna **20.45** Mat, dryck, man, kvinna **22.45** Sändningar från SVT24

BESTI BITINN Í BÆNUM

„Gló í Listhúsunum Laugardal, því þar er fyrsta flokks hráefni, besti kokkurinn, gott starfsfólk og þægilegt og afslappandi andrúmsloft. Ég fæ mér yfirleitt rétt dagsins en uppáhaldið mitt er fiskréttirnir.“

Friðrik Ómar Hjörleifsson tónlistarmaður

Sólveig er bæði Katrín og Karin

Sólveig Arnarsdóttir sýnir nú sannfærandi tilþrif í Svörtum englum sem rannsóknarlögreglukonan Katrín. Sólveig er ekki óvön hlutverki lögreglukonunnar því hún hefur að undanförnu leikið rannsóknarfulltrúann Karinu í þýsku glæpaþáttunum Der Kommissar und das Meer.

„Nei, þær eru ekki mjög líkar, þær Katrín og Karin, og það byggist ekki síst á því í hve mismunandi umhverfi þær starfa,“ segir Sólveig. „Úti er fólk meira prívat utan vinnutíma enda sáralítil hætta á að rekast á hvað annað í Vesturbæjarlauginni eftir vinnu. Í íslensku samfélagi eru allir meira og minna með nefið ofan í hvers annars koppi út af smæðinni.

HARÐSNÚIÐ LIÐ Sólveig og félagar vopnaðir og til í slaginn.

Svörtu engla-þættirnir fjalla því kannski meira um það sem gerist á milli fólks. Það finnst mér satt að segja meira spennandi viðfangsefni en að svara spurningunni hver er morðinginn.“

Hlutverk Karinar er eitt af mörgum verkefnum Sólveigar í Þýskalandi. Hún hefur að undanförnu bæði leikið í bíómyndum og sjónvarpsþáttum þar og segist eiga stærri feril í Þýskalandi en hér. Der Kommissar und das Meer-þættirnir eru níutíu mínútur hver þáttur og þótt búið sé að taka upp sex þætti er bara búið að sýna tvo. Þetta er talið slíkt úrvalsefni að það er haft á jóladagskrá ZDF-sjónvarpsstöðvarinnar.

„Nei, ég hef nú ekkert heyrt um að þættirnir séu á leiðinni í íslenskt sjónvarp,“ segir Sólveig og bætir við glottandi: „En þeir hljóta að koma og bætast þar með við hið gríðarlega magn evrópsks sjónvarpsefnis sem í boði er í íslensku sjónvarpi.“ - drg

Á JÓLADAGSKRÁ ZDF Sólveig Arnarsdóttir á stærri feril í Þýskalandi en hér.



LÁRÉTT
2. æsa, **6.** klafi, **8.** taug, **9.** flan, **11.** til dæmis, **12.** vínblanda, **14.** yfirstéttar, **16.** frá, **17.** klæði, **18.** hár, **20.** gríska bókstafur, **21.** skemmast af frosti.

LÓÐRÉTT
1. hryggð, **3.** í röð, **4.** hrörnun, **5.** á móti, **7.** borðflaska, **10.** soðningur, **13.** gifti, **15.** aðskilja, **16.** umfram, **19.** tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. örva, **6.** ok, **8.** sin, **9.** ras, **11.** td, **12.** grogg, **14.** aðals, **16.** af, **17.** föt, **18.** ull, **20.** pí, **21.** kala.

LÓÐRÉTT: 1. sorg, **3.** rs, **4.** vítgíop, **5.** and, **7.** karafla, **10.** soð, **13.** gaf, **15.** stía, **16.** auk, **19.** ll.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Fjármálaráðherra Bandaríkjanna.
2. 5,4 milljarðar.
3. Seacology-umhverfisverndarverðlaunin.

HREINT
hugsar vel um sína!
Fagleg ræsting fyrirtækja og stofnana
Hreint RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

www.this.is/krossgatur
MEIRA EN 200 ÓKEYPIS KROSSGÁTUR

JÓHANN G. JÓHANNSSON: KALLAÐU MIG BARA TENGILIÐ ÍSLANDS

Veislustjóri kostar frá hundrað þúsund krónum

„Nei, nei, nei, ég er ekki umboðsmaður Íslands. Ég er ekki með samning við stjörnurnar þannig að þær megi ekki vera hjá einhverjum öðrum líka. Ég er meira svona tengiliður. Já, ókei. Þú mátt kalla mig tengilið Íslands,“ segir Jóhann G. Jóhannsson leikari og … tengiliður Íslands.

Jóhann, sem jafnan er kallaður Jói, hefur nú rekið eins konar umboðsskrifstofu sem heitir Snilli í um ár og hefur gengið giska vel. Hann hefur milligöngu um að mynstra stjörnur á skemmtanir – reddar skemmtiatriðum, skemmtikröftum, árshátíðarmyndböndum og stemmningu. Og það eru engar smástjörnur á mála hjá Jóa. Svo bara sé litið til þeirra sem gefa kost á sér í veislustjórn þá eru þar menn allt frá Halla Melló upp í Hemma Gunn. Leikarar, sjónvarpsstjörnur og tónlistarmenn eru þarna áberandi: Sveppi, Auddi Blö, Simmi og Jói, Dóra Geirharðs, Steinn Ármann, Ólafía Hrönn, Sigurjón Kjartans, Ilmur Kristjáns, Gói, Helga Braga, Valgeir Guðjónsson, Logi Bergmann, Erpur, Gísli Marteinn, Svanhildur Hólm, Jónsi í Svörtum fötum, Valgeir Guðjónsson – listinn er tilkomumikill óneitanlega. Allt sem hugurinn girnist hvað skemmtilegt fólk varðar. Og veislustjórateymi. Bryndís Ásmunds og Matti Matt, Freyr Eyjólfs og Dóri Gylfa, Selma Björns og Rúnar Freyr, Guðrún Gunnars og Valgeir Skagfjörð og að sjálfsögðu stjörnuhjónin Svanhildur og Logi og Björk Jakobs og Gunni Helga. Og svo Jói sjálfur og Atli Þór sem reyndar er maður Bryndísar. Af hverju vill hann ekki vera með konu sinni frekar en þér, spyr blaðamaður Jóa forviða?

„Hann vill þetta. Þeim semur svo illa. Nei, nei, ég veit það ekki. Hann gerir það líka. Þetta er bara frekja í mér,“ segir Jói spaugandi.

Auðvitað kostar að fá stjörnurnar í veisluna en þær er hægt að fá frá um hundrað þúsund krónum og upp úr. Fer eftir því hvað menn vilja fá.

TENGILIÐUR ÍSLANDS Jói G. segist ekki umboðsmaður í þeim skilningi heldur hafa milligöngu um að útvega stjörnu í veisluna þegar svo ber undir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

En innifalið í því er yfirleitt eitt skemmtiatriði og svo kynning á dagskrá og er viðvera þá um þrír tímar. Oft þarf að funda með viðkomandi og leggja línurnar. Jói útvegar líka hópa til að sjá um réttu stemninguna ef um þemaveislur er að ræða. Það getur verið kúnst að raða þessu öllu upp svo vel sé. „Ætli Örn Árnason sé ekki dýrastur. Enda tekur hann ávallt Jónas Þóri undirleikara með sér. Svo eru þau mæðginin Björgvin Franz og Edda Björgvins í þeim klassa einnig en þau eru nánast hætt og taka bara að sér stórar veislur,“ segir Jói aðspurður – en hann harðneitar að svara því hver sé ódýrasti veislustjórinn sem hann bjargar í veisluna. jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hinn knái útvarpsmaður á Rás 2, **Óli Palli**, sem verður sérlegur fulltrúi íslenskrar tónlistar á BBC í nóvember í tengslum við menningarborgina Liverpool, vinnur nú að því að láta gamlan draum sinn rætast. Hann er í samkrulli með hinum nýlega fimmtuga **Danny Pollock** og stefna þeir að því að gera heimildarmynd um eftirlætis hljómsveit Óla Palla, Utangarðsmenn. Óli Palli sótti um styrk til Kvikmyndasjóðs árið 2000 en fékk þá ekki svar en hugsanlega breytist eitthvað nú þegar annar Pollock-bróðirinn er kominn í partíið.

Stöðvar 2-menn eru afskaplega kátir með viðtökurnar á Dagvaktinni en horfa fram á veginn. Nú binda þeir miklar vonir við þáttaröð sem sjálfur **Auðunn Blöndal** vinnur að sem fjallar um atvinnumennina okkar. Segja áreiðanlegar heimildir að í þáttunum fari **Logi Geirsson** algerlega á kostum og er eðlileg framganga hans með þeim hætti að hann mun tryggja sér sess með stórstjörnum þessa lands um ókomna tíð.

Rithöfundurinn **Guðrún Eva Mínervudóttir** er nýkomin heim frá Ítalíu þar sem hún tók þátt í stærstu bókmenntahátíð ársins þar í landi. Eins og Fréttablaðið hefur sagt frá kom ítölsk þýðing af skáldsögu Guðrúnar, Yosoy, nýlega út og hefur bókin fengið lofsamlega dóma. Samkvæmt upplýsingum frá Forlaginu, útgáfufyrirtæki Guðrúnar Evu, var Ítalíuför hennar afar vel heppnuð. Ítalskur útgefandi skáldsögunnar hélt sérstakan útgáfufund fyrir höfundinn og mættu 350 manns til að ræða við Guðrúnu. Þar stjórnaði **Paola Mastrocola**, einn þekktasti höfundur Ítala, umræðum og fór vel á með þeim Guðrúnu Evu.

- jbg, hdm

Tóku við rúmu tonni af fötum í fyrra

„Þetta er svona viðbót hjá okkur og við ætlum ekki að loka gömlu búðinni,“ segir Örn Ragnarsson, verkefnisstjóri í fatasöfnun Rauða kross Íslands, um nýja og stærri verslun sem opnar í næsta mánuði á Laugavegi 116, þar sem verslunin Völuskrín var áður til húsa.

„Það er búinn að vera samfelldur vöxtur frá því að við byrjuðum að reka verslanirnar við Strandgötu 24 í Hafnarfirði og á Laugavegi 12. Það eru alltaf fleiri og fleiri sem leita til okkar og við erum sannfærð um að það sé langt í að markaðurinn verði mettaður. Við tókum við 1.250 tonnum af fötum í fyrra og það skilaði svo miklum tekjum að við gátum lagt átján milljónir í hjálparsjóð fyrri parts vetrar,“ útskýrir Örn, en aðeins brot af fötunum fer í verslanir Rauða krossins. Hluta af fatnaðinum er dreift til fólks sem leitar til söfnunarinnar hérlendis, annað fer í gámum til Afríku, en langmesti hlutinn er seldur óflokkaður til Þýskalands þar sem greitt er fyrir kílóverð á óflokkuðum fatnaði. Allur hagnaðurinn rennur svo í hjálparsjóðinn.

„Draumurinn er að vera með meira úrval af fatnaði á góðu verði í nýju versluninni. Við veljum bestu flíkurnar úr öllu því magni sem okkur berst og setjum í búðirnar okkar, en við munum áfram beina merkjavöru, notuðum lopapeysum og tískufatnaði niður í verslunina á Laugavegi 12.“ - ag

VANTAR AFGREIÐSLUFÓLK Sjálfboðaliðar afgreiða í verslunum Rauða krossins og nú vantar nokkra í viðbót til að afgreiða í nýju versluninni við Laugaveg 116. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

heima

HEIMA ER BEST!



veggskápur b:70 x h:35 x d:34
m. ljósum: **67.800**
án ljósa: **49.900**

skenkur b:210 x h:88 x d:44
219.800

sjónvarpsskenkur: **119.800** b:210 x h:40 x d:54
sjónvarpsskenkur: **89.900** b:140 x h:40 x d:54

sófaborð: **85.500**
b:70 x l:120

hillur **88.500**
b:70 x h:158 x d:34

borð **198.600**
b:90 x l:210 + 2x 50 stækkun

now! by hülsta no.7

glæsileg húsgögn frá Hülsta
í Þýskalandi

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 LAUGARDAGA 11-16

mood heima Ordvegi HEIMA HÚSIÐ

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - heimahusid@heimahusid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Gesthús Dúna

Tveggja manna herbergi
á kr. 5.000 nóttin

Svefnpokapláss
kr. 1.500 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

BAKÞANKAR
Þórgunnar Oddsdóttur

Ljótara kynið

Vitanlega brá mér svolítið í gær þegar ég kíkti inn á fréttavef Vísis og sá þar stórfrétt undir fyrirsögninni „Hrukkótt Terminator-stjarna vekur athygli – myndir“. Hugsið ykkur, hin 51 árs gamla Linda Hamilton er komin með eina eða tvær hrukkur, það er svakalegt. Ég sem var nýbúin að jafna mig eftir fréttirnar af bakspiki Jennifer Lopez og slæmu útliti Courtney Love, sem þykir óvenju sjúskuð þessa dagana. Með hverri frétt fylgdu óhugnanlegar myndir en fæstar þó jafn viðbjóðslegar og myndirnar af þeim Celine Dion, Evu Longoriu og Gwyneth Paltrow sem allar höfðu asnast til þess að láta sjá sig ófarðaðar á almannafæri.

FRÉTTIR af útlitsskandölum þekktra kvenna eru vinsælt lesefni. Ef ekki væri fyrir fréttina af ofvirkum svitakirtlum Toms Cruise gæti maður slysast til að álíta að þessi fréttaflokkur væri birtingarmynd kynjamisréttis, sprottinn fram af þeim óraunhæfu kröfum sem við gerum til útlits kvenna. En málið er varla svo einfalt. Þetta er náttúrlega stórmerkilegur fréttaflutningur og nauðsynlegur. Ég veit hreinlega ekki hvar ég væri stödd í lífinu ef ég vissi ekki að Elle Macpherson er með krumpuð hné og Jerry Hall komin með appelsínuhúð.

ÞAÐ er erfitt að vera kona og nær óhugsandi að vera falleg kona. Í gegnum aldirnar hafa skáldin reynt að blekkja okkur með hugljúfum kveðskap um fegurð og þokka kvenkynsins en það liggur auðvitað í augum uppi að konur eru almennt ófríðari frá náttúrunnar hendi en karlar. Karlmönnum nægir að bursta tennurnar ætli þeir að líta vel út en við konurnar getum vart látið sjá okkur án þess að vera vel smurðar af kremum og málningu í framan, hárlausar með öllu og með uppáskrift frá lækni um að við eigum pantaðan tíma í brjóstastækkun innan skamms. Ég las það í vikunni að lýtaaðgerðir á kynfærum kvenna yrðu sífellt vinsælli og það bara meðal venjulegra húsmæðra í Bretlandi. Ég er ekki hissa, hver vill vera með of síða skapabarma á þessum síðustu og verstu tímum?

FRÉTTIRNAR af útlitsvandamálum átrúnaðargoðanna í Hollywood, sem eru víst með svitaholur og lærapoka eftir allt saman, hljóta að hafa göfugan tilgang. Þær eru eflaust settar fram til að láta okkur, sem tilheyrum ljótara kyninu, líða örlítið betur. Að sjá Pamelu Anderson án andlitsfarða og fá þannig staðfestingu á að hún er alveg jafn ljót og við hinar gerir miklu meira fyrir sjálfstraustið en innihaldslaus huggunarorð um að fegurðin komi að innan.

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 26. september, 270. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.23	13.19	19.13
Akureyri	7.08	13.04	18.57

Heimild: Almanak Háskólans

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR KLETTHÁLSI

NÆSTUM NÝIR BÍLAR MEÐ MIKLA ÁBYRGÐ

Frábært tilboð á bílaleigubílum
Nú bjóðum við vel með farna bílaleigubíla á kjörum sem bjóðast ekki annars staðar:

- Allir bílar eru í 5 ára ábyrgð frá skráningardegi.
- 80% fjármögnun
- Bílalán til 84 mánaða í erlendri mynt.

Komdu í heimsókn í HEKLU - Notaða bíla og kynntu þér frábært úrval af næstum nýjum bílum.

Das Auto. SIMPLY CLEVER MITSUBISHI MOTORS KIA MOTORS

Bílaábyrgð Varðar fylgir notuðum bílaleigubílum frá HEKLU.

Opið 10–18 virka daga | Opið 12–16 laugardaga
Klettháls | sími 590 5040 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA